



Vinna fúslega gefin

Skoðun á eðli og hlutverki sjálfboðavinnu
við menningarstofnanir

Skúli Sæland

Lokaverkefni til MA-gráðu í safnafræði

Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Vinna fúslega gefin
Skoðun á eðli og hlutverki sjálfböðavinnu
við menningarstofnanir

Skúli Sæland

Lokaverkefni til MA-gráðu í safnafræði
Leiðbeinandi: Sigurjón B. Hafsteinsson

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA-gráðu í safnafræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi réttshafa.

© Skúli Sæland

Reykholt, Ísland 2011

Útdráttur

Ritgerðin er rannsókn á eðli og hlutverki sjálfböðavinnu við menningarstofnanir. Ég skoða skilgreiningar um sjálfböðaliða en grundvallarskilgreiningin er sú að sjálfböðaliði sé persóna sem gefi vinnu sína að eigin frumkvæði og öðrum til hagsbóta. Málið er ekki svo einfalt og leidd eru fram mismunandi sjónarhorn á því hvað felist í sjálfböðavinnu og sýnd vafaatriði sem hafa áhrif á þessa skilgreiningu.

Eitt sjónarhorn á sjálfböðaliðann er að starfið sé þátttaka í verkefnum að vel ígrunduðu máli. Ég sýni fram á að menningarstofnanir geti stofnað til verkefna með gestum sínum sem byggjast á þátttöku þeirra. Hún byggir á skilgreiningum um sjálfböðaliða og nær langt út fyrir vegg stöfnunarinnar. Með þessu er stofnunin að laða sjálfböðaliða að starfi sínu og fá þá til starfa við sameiginleg þátttökuverkefni.

Ég fer yfir nýlegar áherslur í safnastarfi sem fela í sér meiri samskipti og þjónustu við samfélagið. Kenningar um nýja gerð safna á borð við vistsöfn, sem fela í sér meiri ábyrgð og þátttöku samfélagsins í safnastarfinu fellur líka vel að kenningum um sjálfböðaliðann sem vinnur í þátttökuverkefnum.

Niðurstaða mín er að breytt viðhorf til sjálfböðastarfsemi og samskipta safna við samfélagið feli í sér mikil tækifæri fyrir menningarstofnanir og að framundan séu spennandi tímar við að kanna þennan þátt safnastarfsins frekar og þau tækifæri sem hann býður upp á.

Vinna fúslega gefin

Efnisyfirlit

Inngangur.....	5
Helsta lesefni sem stuðst er við í ritgerðinni.....	9
Kaflí 1 – Aðferðafræði.....	12
Kaflí 2 – Sjálfboðaliði.....	15
Hvað er sjálfboðaliði?.....	17
Launalaust starf.....	17
Frumkvæði sjálfboðaliðans.....	18
Hagnaður sjálfboðastarfans.....	20
Samantekin grundvallarskilgreining á sjálfboðaliðanum.....	21
Starfsemi sjálfboðinnar vinnu.....	22
Almenn viðhorf til sjálfboðaliða.....	24
Starfsemi sjálfboðaliða.....	26
Vinnustundir sjálfboðaliðans.....	27
Sjálfboðaliðinn sem vinnuafli.....	28
Sjálfboðaliðastarf sem góðgerðarstarfsemi.....	29
Aðgerðarsinninn.....	29
Sjálfboðaliðastarf sem afþreying.....	30
Umönnunarhlutverk sjálfboðaliðans.....	30
Nám sjálfboðaliðans.....	31
Þátttakandinn.....	31
Flokkun sjálfboðaliðans.....	32
Þátttaka skilgreind sem sjálfboðið starf.....	33
Forsenda þess að þátttaka heppnist.....	39
Þátttaka til menntunar.....	47
Vinnugildi þátttakenda.....	49
Stefnumiðuð áhrif þáttökumiðaðrar starfsemi.....	49
Kaflí 3 – Áhrif sjálfboðaliða á menningarstofnanir.....	52
Samtök sjálfboðaliða.....	52
Heimssamtök vina safnanna (HVS).....	52
Sjálfboðaliðar í einstökum löndum.....	54
Austurríki.....	54
Bretland.....	56
Skotland.....	56
Ítalía.....	57
Áhrif sjálfboðaliða á söfn í Skotlandi.....	58
Hlutverk og áhrif sjálfboðaliða í söfnum.....	59
Áhrif sjálfboðastarfsemi á þróun vinnuaflsins.....	60
Áhrif sjálfboðastarfsemi á einstaklinga og samfélög.....	61
Lýðfræðileg lýsing á sjálfboðaliða.....	61
Stjórnun sjálfboðaliðastarfs á söfnum.....	62
Lokaniðurstöður skosku könnunarinnar.....	63
Sjálfboðaliðar í rekstri menningarstofnana.....	66
Samfélagsleg áhersla menningarstofnana.....	71
Sjálfboðaliðsvinna við aðrar gerðir menningarstofnana.....	77
Vistsöfn og önnur samfélagsleg söfn.....	79
Kaflí 4 – Niðurstöður.....	90
Heimildir.....	99

Vinna fúslega gefin

Inngangur

Þegar ég byrjaði á ritgerðarverkefninu var mér efst í huga að rannska sjálfboðaliðastarf við söfn á Íslandi. Fljótlega tóku mál að flækjast og renna á mig tvær grímur og gott betur. Upp vöknudu spurningar um hvað fælist í orðinu sjálfboðaliði. Oft hefur verið sagt að sjálfboðaliði sé einstaklingur sem kemur á vinnustað og býður fram aðstoð sína við tiltekið verkefni eða í einhvern fyrirfram skilgreindan tíma en hann er mikið meira en bara það. Nýlega varð mikil og neikvæð umræða í íslensku samfélagi um hina útlensku aðgerðarsinna sem komu til landsins til að mótmæla byggingu Kárahnjúkavirkjunar. Í fjölmiðlaumræðunni sögðu sumir að upp væri komin kynslóð iðjuleysingja og atvinnuótmælenda sem þvældust um heiminn og væru jafnvel á launum við þetta. Staðreyndin er hins vegar sú að þessir aðgerðarsinnar, iðjuleysingjar eða atvinnuótmælendur, líkt og sumir kjósa að kalla þá, er ein birtingarmynd sjálfboðaliða í heiminum í dag.

Orða- og hugtakanotkun er óhjákvæmilega nokkuð sem þvælist fyrir í svona umfjöllun, ekki síst þar sem lesefnið er að mestu erlent en líka vegna þess að um vissar alhæfingar er að ræða á stundum sem krefja um einföldun á orðanotkun mér og lesendum til þægindaauka. Erlenda orðið volunteer er þýtt sem sjálfboðaliði. Íslenska orðið sjálfboðaliði er getið þrettán sinnum í Ritmálssafni Orðabókar Háskólans og er elsta dæmið sem skráð er þar úr *Skírnir* frá 1870 þar sem segir „Á seinni árum hafa „riffilskytar“ (eða sjálfboðaliðar) Englendinga opt svipað sjer yfir sunðið og til Bryssel“.¹ Hér eru merking orðsins tengd vopnaburði og reyndar er svo um níu af þeim þrettán dæmum sem er að finna í Ritmálssafninu. Af hinum fjórum tengist eitt sjálfboðaliðum Guðs, eitt einstaklingum sem skrifa í frístundum sínum samanborið við launaða penna en hin tvö dæmin hafa óljósa merkingu. Fleiri dæmi sem finna mátti á www.timarit.is sýna að að merking orðsins hefur oftast verið tengd hermennsku eða vopnaburði. *Íslensk orðabók* í ritstjórn Marðar Árnasonar leggur svipaða merkingu í orðið og segir að sjálfboðaliði eða sjálfboði sé: „maður sem býður sig sjálfur fram til e-ar vinnu eða herþjónustu“. Þetta bendir til þess að orðið sé nátengt hermennsku en orðabókin segir þó líka um orðið sjálfboðinn: „óboðinn, sem aðrir bjóða ekki“, „sjálfsgæður, náttúrulegur, sem ekki þarf að skýra frekar“ og „sem boðið er eða gert án endurgjalds“. Orðið virðist því tengjast athöfn sem er ekki algeng, er þó sjálfsgæð og án nokkurra launa. Athyglivert er að hvergi er beinlínis minnst á tengingu við hugsjónir, að einhver umbun geti falist í þessu fyrir sjálfboðann eða að um skipulagða sjálfboðastarfsemi geti verið um að ræða. Fyllri orðskýringar leiða þessar útfærslur hugsanlega í ljós en líklega er

¹ *Skírnir. Timarit Hins íslenska bókmenntafélags*. 44. árg. 1870, 117

Vinna fúslega gefin

hér um að ræða nýlegar breytingar og útfærslur á hugtakinu sem ekki hafa náð að festast í almenntri málnotkun.

Safnafræðingurinn Christina Da Milano segir um sjálfbóðaliðastarf að það sé starf sem eigi sér margar birtingarmyndir um allan heim og að í því megi greina margar hefðir og ólíkar nálganir. Hún bendir á að milljónir Evrópubúa stundi sjálfbóðastörf sem fara að mestu fram í frítíma þeirra. Að meðaltali eru fleiri karlar sem stunda sjálfbóðastörf en bæði kynin verja á bilinu þrjú til sex prósent frítíma síns í sjálfbóðavinnu og flestir sjálfbóðaliðarnir eru á aldrinum 35 til 55 ára gamlir. Da Milano segir að sjálfbóðaliðastarf hafi fengið aukið vægi undanfarið í bæði félagslegu og pólitísku tilliti sem aðferð eða tæki til að leita lausna á margvíslegum vandamálum, svo sem við menntun, umönnun og samfélagsmál.²

Gagnlegt er að skoða hugmyndir Johns Cotton Dana, eins af frumkvöðlunum í bandarísku safnastarfi. Við upphaf 20. aldar setti hann fram ellefu grundvallaratriði fyrir starfsemi þess sem hann kallaði hið „Nýja Safn“. Bandaríski safnafræðarinn Mary Alexander tekur þær sem dæmi um hugmyndir sem staðist hafa fyllilega tímans tönn og að í dag megi finna söfn af öllum gerðum og stærðum sem iðka það sem Dana setti fram. Það hafa náttúrulega orðið tæknibreytingar og heimurinn hefur minnkað með tilkomu bættra samskipta, en með breyttu orðalagi gildi þetta ennþá. Ráð hans mikið til út á að laða að fólk, kynna söfnin, starfsemi þeirra og safnkost. Hann leggur mikla áherslu á samskipti við samfélagið en það sem vekur mestan áhuga minn er eftirfarandi ráðlegging:³

Finnið safnara, sérfræðinga og afburðamenn í samfélaginu og tryggið samstarf þeirra til að auka við safnkost safnsins. Líka til að aðstoða við að greina og lýsa safnkosti og undirbúa merkimiða og bæklinga, í von um að með þessu megi auka áhuga unga fólksins í safnastarfinu ... Þessi þroskun söfnunaráhuga á meðal yngri kynslóðarinnar, næmri athygligáfu, kunnáttu í handverki og hefðar til að vekja áhuga, leiðir til grundvallaráhuga á meðal borgara að vinna fyrir samfélag sitt.⁴

Líkt og sjá má ganga ráð hans mikið til út á að laða að fólk, kynna söfnin, starfsemi þeirra og safnkost. Sjá má að hann leggur mikla áherslu á samskipti við samfélagið en það sem vekur

² Milano, Christina Da. „Volunteering for Cultural Heritage in Europe“. *Volunteers in Museums and Cultural Heritage. A European Handbook*. Ritstj. Da Milano, Christina, Gibbs, Kirsten og Sani, Margherita. Lubljana : Slovenian Museum Association, 2009. 9.

³ Alexander, Mary. *Museums in Motion: An Introduction to the History and Functions of Museums*. Alta Mira Press, 2008. 285.

⁴ Tilvitnuð rit: The New Museum Series, no. 1, The Elm Tree Press, Woodstock, VT, 1917. Í *The New Museum*, „Selected Writings of John Cotton Dana, American Association of Museums and the Newark Museum“, 1999, 27-28; Richard Grove, „Pioneers in American Museums: John Cotton Dana,“ *Museum News* 57, nr. 3 (maí-júní 1978). Tilvitnun fengin úr: Alexander, 2008, 284-285

mestan áhuga minn er sjöunda ráðleggingin sem ég undirstrikaði. Þarna leggur Dana áherslu á hve mikil þekking sé á meðal einstaklinga í nærsamfélaginu og það sé mikilvægt fyrir safnið að tryggja sér starfskrafta þeirra og aðstoð. Vinna þeirra verði til þess að aðrir muni hrífast af og líta upp til viðkomandi og samfélagið allt muni græða á þessu. Þetta virðist enn í fullu gildi nema hvað kynning safna út í samfélagið gengur það vel að nú koma safnarar, sérfræðingar og afburðamenn til safnanna og bjóða fram aðstoð sína.

Skilgreiningar á því hvað sé sjálfboðaliði hefur almennt verið sú að hann vinni launalaust, að eigin frumkvæði og öðrum til hagnaðar. Nú hafa flestir áttað sig á því að þetta er mun flóknara ferli og meðal annars er óhemju grátt svæði á milli einstaklinga og hópa annars vegar og menningarstofnana hins vegar þar sem samskipti fara fram sem skilgreind eru sem sjálfboðin vinna. Þessi vettvangur til samskipta opnaðist með áherslubreytingum í safnastarfi í þá veru að söfn þjónuðu meira samfélaginu og reyndu að nálgast íbúa þess.

Áherslur á þjónustu safna við samfélagið hafa orðið æ meir áberandi í starfi þeirra síðustu ár um allan heim. Safnamenn hafa deilt um þennan þátt í starfi þeirra og til að mynda líkti Duncan Cameron, safnstjóri Brooklyn Museum, uppbyggingu safnastarfs við annars vegar musteri og hins vegar umræðuvettvang í byrjun áttunda áratugar síðustu aldar. Hið fyrra væri tímalaus stofnun sem stæðist tímans tönn á meðan á hinum endanum færu fram stöðug hugmyndafræðileg skoðanaskipti. Cameron komst að þeirri niðurstöðu að safnamenn ættu að einbeita sér að uppbyggingu safna sem mustera. ICOM breytti skilgreiningu sinni á söfnum 1995 á þá veru að þau ættu að vera í þjónustu samfélagsins. Bandaríkjamenn brugðust síðar við þessari stefnubreytingu ICOM en segja má að ákall Dana hafi nú náð til eyrna flestra safnstjóra.⁵

Ástæða þess að ég dreg fram á sjónarsviðið stefnubreytingar innan safnageirans hvað varðar þjónustu til almennings og samfélagsins er sú að með breyttum áherslum hefur opnast fyrir nýja og fjölbreyttari samskiptamáta á milli menningarstofnana annars vegar og einstaklinga og hópa hins vegar. Mary Alexander setur orð Stephens E. Weils sem lokaorð í kafla sínum um þróun safna í Bandaríkjunum í þessa veru:

[Að t]he Ongoing Transformation of the American Museum ... is so potentially open-textured as a destination, so adaptable to a variety of public uses should not - at least in the emerging and visitor-centered museum - be regarded as a defect. Rather it should be understood as one of its greater glories.⁶

⁵ Alexander. 2008. 282-285.

⁶ Stephen E. Weil, „The Ongoing Transformation of the American Museum,“ *Daedalus*, sumarið 1999, 254. Tilvitnað rit í: Alexander, 2008, 284.

Vinna fúslega gefin

Almennt er sjálfböðastarf talið vera fórnfúst hugsjónastarf þar sem tími og þekking eru veitt að eigin hvöt einstaklings, öðrum en honum til hagsbótar. Hins vegar hefur komið í ljós að upp geta komið aðstæður þar sem vafi leikur á hvort viðkomandi teljist vera sjálfböðaliði. Við rannsóknir á eðli sjálfböðastarfsins sést að sjálfböðaliðarnir fá oft á tíðum greitt fyrir vinnu sína, oft er um að ræða útlagðan kostnað en aðrar og stærri greiðslur þekkjust líka.

Sjálfböðaliðar vinna stundum sjálfböðastörf fyrst og fremst sjálfum sér til hagsbóta, svo sem til menntunar eða til að eiga betri starfsmöguleika. Einnig getur utanaðkomandi þrýstingur orðið þess valdandi að einstaklingurinn vinnur sjálfböðavinnu svo sem við nágrannavörslu þar sem til þess er ætlast að allir taki þátt í samstarfinu. Slíkur þrýstingur gæti líka komið til innan hollvinasamtaka menningarstofnunar þegar ákveðið er að ráðast í einhverja framkvæmd sem öllum félagsmönnum er gert að taka þátt í.

Líkt og ég nefndi þá eru aðgerðarsinnarnir við Kárahnjúkavirkjun ein birtingarmynd sjálfböðaliða. Þetta var lengi umdeild skoðun hvort slíka einstaklinga skyldi telja á meðal sjálfböðaliða en nú er orðið viðurkennt að sjálfböðaliðastarf getur verið einstaklingsframkvæmd, vel skipulögð samtök eða jafnvel innan stofnunar. Þannig eru til að mynda Grænfríðungar stór og vel skipulögð samtök þar sem flestir eru á launaskrá en einungis lítill hluti Grænfríðunga eru aðgerðarsinnar.

Þannig hefur umræða og rannsóknir á eðli sjálfböðaliðastarfs dregið fram æ fleiri hliðar sem áður voru á huldu svo sem að þetta væri umönnunarstarf þar sem sjálfböðaliðinn leiddist út í starfið vegna manngæsku. Hér má þó benda á að konur starfa í meirihluta á þessum vettvangi og að þegar sjálfböðaliðinn hefur starf sitt sem hann gerir gjarnan af væntumþykju þá er lagt að honum að vera ópersónulegur í starfinu.

Stjórnvöld hafa líka beint sjónum að sjálfböðaliðum og sum staðar hafa þau reynt að virkja þá í þeim tilgangi til að hvetja til aukinnar þátttöku í samfélagslegri starfsemi og virkja þannig undirliggjandi kraft samfélagsins.

Mörk þess hvað fælist í orðinu sjálfböðaliði og hvað ekki reyndust sem sagt mun óskýrari þegar ég gluggaði nánar í lesefnið. Þetta varð til þess að ég fór að skoða eðli sjálfböðaliðastarfs sem hefur verið að breytast töluvert síðastliðin ár. Umfang þess hefur aukist mikið og sömuleiðis gildi sjálfböðaliðans fyrir samfélagið í heild sinni. Einnig hafa menn horft meir á hvað það er sem sjálfböðaliðinn fær út úr slíkri vinnu.

Þessi ritgerð er til 30 ECTS eininga í meistaranámi undir leiðsögn Sigurjóns Baldurs Hafsteinssonar lektors í safnafræði. Ég kann honum bestu þakkir fyrir ómælda þolinmæði og liðveislu, þó án þess að slegið væri af faglegum kröfum. Elínu Kristbjörgu Guðbrandsdóttur

færi ég líka þakkið fyrir prófarkalestur og síðast en ekki síst konu minni, Aðalheiði Helgadóttur, fyrir þolinmæði, hvatningu og stuðning.

Helsta lefni sem stuðst er við í ritgerðinni

Rannóknar- og ráðgjafarstofnunin *Institute for Volunteering Research (IVR)* sem stofnuð var 1997 og sérhæfir sig í umfjöllun um sjálfbóðaliðastarfsemi hefur meðal annars gefið út skýrslu, '*A rose by any other name ...' Revisiting the question: 'what exactly is volunteering?'*, þar sem sérfræðingarnir Angela Ellis Paine, Matthew Hill og Colin Rochester reyna að skilgreina hvað felst í sjálfbóðaliðastarfsemi. Umfjöllun þeirra er mun víðtækari en bara sjálfbóðaliðastörf við söfn og menningarstofnanir því þau skoða allt litróf sjálfbóðaliðans en umfjöllun þeirra er gagnleg til að átta sig á því hvað teljist vera sjálfbóðastarf í tilraun minni við að meta eðli slíks starfs og hvað ekki.

IVR vann sömuleiðis rannsókn fyrir Baring stofnunina í Bretlandi sem fól í sér að fylgjast með því hvernig þrjú söfn nýttu sér fjárstyrki frá stofnuninni til þess að þróa betur sjálfbóðaliðastarf sitt. Niðurstöðurnar sýndu að söfnin nýttu sér styrkina á ólíka máta en að starf sjálfbóðaliðanna er nauðsynlegur þáttur og mikilvæg auðlind í starfi slíkra stofnanna.

Ég styðst einnig við *Volunteers in Museums and Cultural Heritage. A European Handbook* sem gefin er út af slóvensku safnasamtökunum árið 2009. Ritið er afrakstur evrópska verkefnisins *Volunteers for Cultural Heritage (VoCH)* sem var styrkt af Evrópuráðinu og stóð yfir árin 2007 til 2009. Verkefnið var tilkomið vegna þess að orðið er ljóst hve mikilvæg starfsemi sjálfbóðaliða er í tengslum við varðveislu menningararfs og rekstur menningarstofnana á borð við safna. Fjöldi höfunda leggja til greinar í bókina sem hefur að geyma góða umfjöllun um sjálfbóðaliða við söfn í Austurríki, Bretlandi, Ítalíu og Slóveníu auk þess sem farið er ítarlega yfir sjálfbóðaliðastarfið og hagnýt ráð fyrir stofnanir til að vinna með sjálfbóðaliðum.

Á meðan *Volunteers in Museums and Cultural Heritage. A European Handbook* skoðar tengsl sjálfbóðaliða við menningarstofnanir og gefur hagnýt ráð til að virkja þá horfir safnafræðingurinn Nina Simon meir á snertiflötinn á milli safnagesta og safnanna sjálfra. Henni er mjög umhugað að virkja safngestinn til samstarfs og þátttöku við komu hans inn á safnið og jafnvel til lengri tíma. Hún skoðar þetta út frá nýju sjónarhorni og á afskaplega skemmtilegan máta að mér finnst í riti sínu *The Participatory Museum* sem er fánlegt bæði sem bók eða sem opið skjal á vefslóðinni <http://www.participatorymuseum.org> þar sem lesendur geta tjáð skoðanir sínar við höfundinn og gert athugasemdir. Ég verð að viðurkenna

Vinna fúslega gefin

að það var þetta rit umfram flest önnur sem vakti athygli mína á því hvað orðið sjálfboðaliði nær illa yfir tengsl einstaklinga og samfélags við menningarstofnanir. Efni ritgerðarinnar snýr fyrst og fremst að tengslum einstaklinga við menningarstofnanir og gjörðum þeirra sem þeir gefa fúslega og ég reyni að skoða þessa hugtakanotkun betur í næsta kafla.

Markaðsfræðingar horfa með öðrum gleraugum á starfsemi sjálfboðaliða innan safna og sjá viðkomandi fyrst og fremst fyrir sér sem tækifæri og tól til kynningar á stofnuninni og starfsemi hennar. Margot A. Wallace hefur ritað grundvallarrit, *Museum Branding. How to Create and Maintain Image, Loyalty, and Support* um þessi mál og gaman er að skoða hvernig sjálfboðaliðar gagnast menningarstofnun út frá þessu sjónarhorni.

Mannfræðingurinn Christina Kreps hefur unnið nokkrar rannsóknir á breyttu fyrirkomulagi safna sem hún gagnrýnir fyrir að vera of Evrópumiðuð og byggð á sögulegri þróun safna þar og í Vesturheimi. Hún færir rök fyrir því í riti sínu, *Liberating Culture. Cross-Cultural Perspectives on Museums, Curation and Heritage Preservation* sem gefið var út árið 2003, að náíð samstarf við samfélög um varðveislu og miðlun menningararfs geti fullnægt öllum nauðsynlegum skilyrðum safnastarfsemi og, það sem mun mikilvægara er, verið mun betur í tengslum við samfélagið.

Sjónarhorn Kreps er nátengt ecomuseum skilgreiningunni eða vistsöfnunum líkt og hún hefur verið þýdd á íslensku. Það sem kannski helst einkennir skilgreiningar á vistsöfnum er hve lítið er hægt að skilgreina þau. Þau eru afskaplega ólík innbyrðis að umfangi og eðlisfari en einkennandi fyrir þau er náíð samstarf og uppbygging með nærsamfélaginu þar sem þau eru jafnvel stofnuð og rekin í sjálfboðaliðavinnu. Á meðal fræðimanna sem tjáð hafa sig um vistsöfn er helst að nefna Bretann Peter Davis sem er mikill baráttumaður fyrir vistsöfnum og hefur ritað ítarlega um þau í riti sínu *Ecomuseums. A Sense of Place* og ótal fleiri greinum.

Ég hafði ætlað að kynna mér ríka sjálfboðaliðsmenningu Bandaríkjamanna en því miður er takmarkað lesefni og skýrslur um sjálfboðaliða við bandarísk söfn að finna hér á landi. Ég var sömuleiðis hissa að komast að því að birting slíkra gagna á heimasíðu American Association of Museums, <http://www.aam-us.org/> er takmörkuð við félagi í samtökunum. Hér á ég fyrst og fremst við um töluleg og greinandi gögn sem hægt er að nýta til lýsingar og samanburðar á bandarísku safnastarfi við evrópskt og mati á gildi sjálfboðaliðastarfs fyrir söfnin. Ég leitaði líka töluvert eftir slíku efni á heimasíðum safna en þar fann ég ekki upplýsingar sem voru með þeim hætti að hægt væri að nýta til samanburðar. Hér munar miklu um hvernig upplýsingar um sjálfboðaliða eru flokkaðar eins og ég mun fjalla um. Skýrsluefni var svo sem að finna um sjálfboðastarf í Evrópu bæði varð að þessi skortur á

Vinna fúslega gefin

samanburðarupplýsingum og breyttar áherslur mínar við rannsóknina að ég setti slíkan samanburð til hliðar. Ég fjalla þó lítillega um þessi mál til að gefa nasasjón af áhrifum sjálfboðastarfa á menningarstofnanir í Evrópu. Megináhersla ritgerðarinnar er þó á eðli og hlutverk sjálfboðaliða, hvernig söfn geta fengið sjálfboðaliða til samstarfs í gegnum þátttökumiðuð verkefni og hvernig nýlegar áherslur safna í þá átt styðja við vinnu sjálfboðaliða.

Kafli 1 – Aðferðafræði

Ég fór nokkrar kollsteypur þegar ég mótaði mér rannsóknarmarkmið við ritgerðina. Upphaflega ætlaði ég mér að byggja hana að miklu leyti á könnun á umfangi og eðli sjálfbóðaliðastarfí innan safna hér á Íslandi. Þegar ég kynnti mér svo lesefni og aflaði mér ítarlegri upplýsinga um eðli og umfang sjálfbóðaliðastarfs erlendis sem var nauðsynlegur grunnur fyrir slíka rannsókn þá rann upp fyrir mér að þetta var mun flóknara fyrirbæri og fræðiefnið margþættara en ég hafði talið í fyrstu. Áður en ég vissi af var tíminn floginn frá mér og ég vann stöðugt meira upp úr fræðiefni um sjálfbóðaliða.

Ég breytti því nokkuð um stefnu eftir að rannsóknin var hafin enda var skoðun og samantekt á eðli sjálfbóðaliðastarfs orðin mjög umfangsmikil. Ég fjalla um þessi atriði í öðrum kafla ritgerðarinnar og er hann víðamesti þáttur hennar. Þar beini ég sjónum að tilraunum til að flokka og greina sjálfbóðaliðann í fyrri hluta kaflans en síðari hlutinn er helgaður tengslum sem geta myndast á milli safngesta og stofnunarinnar.

Þessi tengsl geta til að mynda skapast við það að einstaklingur gengur inn á safn og heillast þar af verkefni sem safnið býður gestum þess að taka þátt í, svo sem að skrá niður og deila upplifun sinni af starfsemi safnsins. Þessi tenging þátttakenda er líka umfangsmeiri og getur falið í sér skipulagt og markvisst samstarf. Ég byggi hér aðallega á kenningum safnafræðingsins Ninu Simon sem hún kynnir í riti sínu *The Participatory Museum*.

Í þriðja kafla beini ég frekar sjónum að áhrifum sjálfbóðaliða á menningarstofnanir og tek þá til samanburðar evrópskar rannsóknir. Þarna mun ég líka líta nánar á það hvaða hlutverki þeir geta gegnt innan safnanna. Stór hluti kaflans fer þó í skoðun á samstarfsfleti safna við gesti sína sem verða þannig að mörgu leyti þátttakendur í verkefnum með söfnunum. Þetta er raunar hægt að skilgreina sem eina hlið sjálfbóðinna starfa.

Fjórði kaflinn er síðan samantekt og niðurstöður þar sem ég reyni að draga saman fyrri umfjöllun og sömuleiðs velta fyrir mér áhrifum sjálfbóðaliðavinnu á íslenska menningarstarfsemi.

Sjálfbóðaliði, sjálfbóðaliðastarf og sjálfbóðið starf eru ekki einu vafaatriðin í hugtakanotkun. Umfjöllunarefni ritgerðarinnar nær yfir sjálfbóðin störf í tengslum við menningarstofnanir á borð við söfn. Skilgreining á söfnum er því líka nokkuð sem

Vinna fúslega gefin

nauðsynlegt er að festa fingur á. Yfirvöld flokka í sundur söfn, setur, sýningar og safnvísa samkvæmt safnalögum og nú liggur fyrir 139. löggjafarþingi, vorið 2011, frumvarp til nýrra laga sem beðið hefur verið með nokkurri eftirvæntingu um árabíl. Í þriðju grein frumvarpsins gefur að líta nána skilgreiningu á hlutverki og skyldum safna:

Söfn í skilningi laga þessara eru varanlegar stofnanir sem starfa í þágu almennings og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Þau skulu vera opin almenningi.

Með söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknum, sýningum og annarri miðlun er það hlutverk safna að tryggja menningar- og náttúruarf Íslands, varpa ljósi á menningar-, náttúru- og listasögu landsins, styrkja safnkost og heimildasöfnun innan síns sérsviðs og gera safnkost sinn og heimildasöfn aðgengileg almenningi og fræðimönnum. Í starfi sínu skulu söfn hafa að leiðarljósi að auka lífsgæði manna með því að efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru eða vísinda.

Söfn skulu stunda markvissa söfnun muna og heimilda til að safnkostur þeirra gefi sem heildstæðasta mynd af sérsviði þeirra.⁷

Síðan segir í fimmtu grein um safnvísa, setur og sýningar:

Safnvísar, setur og sýningar teljast ekki til safna í skilningi 3. gr. laga þessara.

Safnvísar starfa að nokkru leyti sem söfn en uppfylla ekki öll skilyrði sem söfn þurfa að uppfylla, m.a. með tilliti til hlutverks, umfangs starfsemi og safnkosts.

Setur sinna að jafnaði rannsóknum og miðlun en ekki söfnun og varðveislu.

Sýningar eru sjálfstæðar rekstrareiningar sem sinna miðlun en ekki söfnun, varðveislu og rannsóknum.⁸

Söfn, safnvísar, setur og sýningar sinna menningararfi þjóðarinnar. Þau vinna með hann með einum eða öðrum hætti og reyna að varðveita og miðla honum. Sjálfboðaliðar sem starfa við menningararf eða hjá menningararfsaðila er möguleg framsetning en ekki góð. Um orðið stofnun segir í *Íslenskri orðabók*: „það að stofna, koma á fót“, „e-ð sem er stofnað, einkum fyrirtæki sem reka starfsemi í almenningsþarfir“ og því skylt er „húsakynni eða staður þar sem starfsemi slíkra fyrirtækja fer fram“. Þessi orðskýring gengur ekki gegn því að ég noti

⁷ 3. grein. „Frumvarp til safnalaga.“ Þskj. 1152 — 650. mál. (Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.) Althingi.is. Sótt 22.4. 2011.

⁸ 5. grein. „Frumvarp til safnalaga.“

Vinna fúslega gefin

orðið menningarstofnun yfir söfn, safnvísa, setur og sýningar þó vissulega sé einkum átt við um fyrirtæki sem rekin eru fyrir þarfir almennings.

Í erlendum fræðiritum og skýrslum er gjarnan vísað til safna (e. *museum*) sem samkvæmt *Íslenskri orðabók* er: „e-ð sem safnað hefur verið saman“, stofnun þar sem safngripir eru geymdir“, „hjörð fjár á hausti“, „smölun á afrétti, göngur“ og „skyr geymt til vetrarins“. Vandinn við orðanotkun á safni er því sá að víða eru sýningar á menningararfinum án safngripa. Um er að ræða eftirlíkingar, sviðsmyndir, afrit mynda og svo framvegis. Ég ákvað hins vegar að í þeim tilfellum sem ég nota ekki orðið menningarstofnun, þá notast ég við orðið safn mér til þægindaauka þótt hér geti verið um vissa ónákvæmni að ræða.

Sjálfbóðaliðar starfa töluvert við þjóðgarða og bókasöfn en hérlendis er, að því er ég best veit, óþekkt að þeir vinni innan skjalasafna. Hins vegar gefur almennigur mikið af einkaskjölum til varðveislu á skjalasöfnin og aðstoðar við upplýsingagjöf muna á söfnunum og þetta er ein birtingarmynd sjálfbóðastarfsemi líkt og ég mun fjalla um. Starfsemi sjálfbóðaliða nær því líka til þessara menningarstofnana en þar sem rannsókn þessara ritgerðar beindist meir að hugtakanotkun og skilgreiningum kafaði ég ekki til hlýtar í mögulegar upplýsingar sem hægt er að finna sjálfbóðaliða á íslenskum söfnum.

Síðast en ekki síst biðst ég forláts á mögulegum skekkjum í þýðingum og hugtakanotkun þar sem ég hef glímt við að orða texta erlendra heimilda á íslensku.

Að þessu sögðu er kominn tími til að vinda sér í viðfangsefnið sem er sjálfbóðaliðinn sjálfur, hlutverk hans og eðli. Nauðsynlegt er að byrja á því að skoða hvaða skilgreiningar liggja að baki skilgreiningu á þessu fyrirbæri sem hefur ekki verið notað í íslenskri tungu nema í um 140 ár. Svo eru það líka óvissuatriðin því eins og svo víða þá eru það undantekningarnar sem sanna regluna. Ég beini því líka sjónum að hvaða mörk liggja á sjálfbóðinni vinnu sjálfbóðans, hvað gerir hann að sjálfbóðaliða og hvað hugsanlega ekki.

Kafli 2 – Sjálfbóðaliði

Staðalmyndin af sjálfbóðaliða er að hann vinnur frítt, af ánægju og til hagsbóta fyrir aðra.

Fljótlega uppgötvaði ég að skilgreining á því hvað sjálfbóðaliði er vafðist fyrir

fræðimönnunum Angela Ellis Paine, Matthew Hill og Colin Rochester sem sáu sig tilneydd til að skoða fyrirbærið ‘sjálfbóðaliði’ og segja af því tilefni:

Að vera ekki með á hreinu hvað við skilgreinum sem sjálfbóðaliðastarf, og þannig hvað verið er að rannsaka, hefur nokkrar afleiðingar. Það veldur því að samanburðarrannsóknir verða erfiðar. Hvernig vitum við þá hvort við eða aðrir erum að rannsaka sama fyrirbærið? Það gerir útskýringar erfiðari á því hvers vegna við ákveðum eða ákveðum ekki að rannsaka sumar gjörðir. Hvernig forgangsröðum við mismunandi rannsóknaráætlanir sem beina sjónum að mismunandi form sjálfbóðaliðastarfa ef við vitum ekki hver endimörk sjálfbóðaliðastarfa eru? Við gætum haldið svona áfram ... Við trúum því líka að það hafi verið nokkrar breytingar innan stefnu og vinnu sjálfbóðaliða sem gera skilgreiningu sjálfbóðaliðastarfa vafasama og hafa kafið um svör við þessari grundvallarspurningu.⁹

Þetta útskýrir að hluta til hvers vegna svo lítið er til af gögnum og hagtölum um sjálfbóðaliða og sjálfbóðastarf. Það er erfitt að bera saman rannsóknir ef ekki er ljóst fyrirfram hvort þær snúast um nákvæmlega sama hlutinn. Við bætist að erfitt er að bera saman sjálfbóða á milli sambærilegra stofnana, svo sem safna, eða sveitarfélaga ef viðkomandi aðilar nota ekki sömu skilgreiningar eða regluverk um þennan mannauð. Að þessu sögðu er dagljóst að samanburður á milli landa og ólíkra menningarsvæða verður ennþá erfiðari vegna ólíkra hefða og samfélagsgerðar.

Í ritinu *Volunteers in Museums and Cultural Heritage. A European Handbook* er afrakstur tveggja ára verkefnis *Volunteers for Cultural Heritage* sem fjármagnað var af

⁹ Paine, Angela Ellis; Hill, Matthew og Rochester, Colin: ‘*A rose by any other name ...*’ *Revisiting the question: ‘what exactly is volunteering?’* Working paper series: Paper one. 2010. 4.

Vinna fúslega gefin

Evrópuráðinu. Þar kemur fram í inngangi ritstjóranna Cristinu Da Milano, Kirsten Gibbs og Margheritu Sani að skilgreining á sjálfboðaliðum sé mismunandi á milli Evrópulanda en að í þessu verkefni hafi verið ákveðið að halda sig við sjálfboðastarf sem starf sem er unnið:

- af frjálsum vilja einstaklings, vali hans og eigin hvöt;
- án vonar um um fjárhagslegan ágóða og endurgjaldslaust;
- innan skipulagðra samtaka eða stofnunar;
- með það að markmiði að afrakstur þess verði öðrum en sjálfboðaliðanum til góða og til samfélagsins í heild sinni, þó viðurkennt sé að sjálfboðaliðinn njóti oft góðs af starfi sínu.¹⁰

Það má þó sjá í umfjöllun Da Milanos, Gibbs og Sanis að samanburður bæði á milli landa og innan þeirra er erfiður vegna mismunandi skilgreininga þar sem greint er frá umfangi sjálfboðaliðastarfi við söfn og menningararfiðnað í Austurríki, Bretlandi, Ítalíu og Slóveníu.¹¹ Enska orðið ‘volunteer’ þykir líka ákaflega óhentugt segja þau Paine, Hill og Rochester. Þetta hefur verið þýtt sem sjálfboðaliði á íslensku og er sömuleiðis óhentugt og óþjálmt. Leit að öðrum heitum og hugtökum hefur hins vegar ekki leitt í ljós nein hentug ensk heiti og lokaniðurstaðan hefur því orðið sú að halda sig við orðið ‘volunteer’ en reyna í stað þess að berjast gegn og breyta þeim staðalmyndum sem tengd eru því heiti og víkka skilning annarra á því hvað felst í heitinu.¹² Líkt og ég benti á hér að framan þá á þetta líka við um íslenska heitið sjálfboðaliði þar sem það virðist tengjast hermennsku framan af en nú er málnotkun þess orðin almennari þó ekki sé merki þess að finna í *Íslensku orðabókinni*.

Paine, Hill og Rochester benda á að sennilega séu sjálfboðaliðastörf að breytast og sömuleiðis umhverfið sem sjálfboðaliðastörf eiga sér stað í. Þau réðust því í að skoða eldri skilgreiningar og viðhorf gagnvart sjálfboðaliðastarfi til að kanna hvernig þau féllu að breyttum tímum. Hér má til að mynda nefna launaða sjálfboðaliðsvinnu, sjálfboðavinnu sem hefur verið spyrt saman við borgararéttindi og við kennslu.¹³

Paine, Hill og Rochester halda því fram að skortur skýrleika á sviði sjálfboðaliða og skilgreininga á því hvaða verk þeir framkvæma valdi að minnsta kosti tveimur hindrunum fyrir því að hægt sé að koma með gagnlegar fræðilegar skýringar á sjálfboðnu starfi. Sú fyrri er að skilningur sjálfboðakerfisins sjálfs á sjálfboðnu starfi er tiltölulega þröngur og snýr

¹⁰ Milano, Christina Da, Gibbs, Kirsten og Sani Margherita. „Introduction.“ *Volunteers in Museums and Cultural Heritage. A European Handbook*. Ritstj. Da Milano, Christina, Gibbs, Kirsten og Sani, Margherita. Lubljana : Slovenian Museum Association, 2009. 6-7.

¹¹ *Volunteers in Museums and Cultural Heritage. A European Handbook*. Ritstj. Da Milano, Christina, Gibbs, Kirsten og Sani, Margherita. Lubljana : Slovenian Museum Association, 2009. 12-20.

¹² Paine, Hill og Rochester. 2010. 4.

¹³ Paine, Hill og Rochester. 2010. 5.

aðallega að sjálfböðinni vinnu hjá tiltölulega stórum og skipulögðum samtökum á sviði félagslegri þjónustu. Mun minni rannsóknir hafa verið unnar á sjálfböðaliðsvinnu sem er smærri í sniðum og býr við óformlegra utanumhald svo sem á sviðum er snerta íþróttir, menningu, afþreyingu, fjáröflun og svo framvegis. „Óskipulögð“ sjálfböðin störf eru sömuleiðis sjaldan skilgreind sem sjálfböðastörf. Síðari hindrunin fyrir fræðilegri skilgreiningu á sjálfböðnu starfi segja þau Paine, Hill og Rochester er það viðhorf rannsakenda að flokka sjálfböðin störf undir einn hatt og leita að almennri útskýringu á þeim án þess að útskýra af hverju svo mikill munur liggur að baki umhverfi og eðlis sjálfböðna starfana.¹⁴

Paine, Hill og Rochester halda því ennfremur fram að of mikil þröngsýni ríki um hvað séu réttar starfsvenjur. Þannig sé ekki gætt nægilega að muninum á milli launaðs starfsfólks og sjálfböðaliða. Þau halda því líka fram að ekki sé gætt nægilega vel að því hve sjálfböðaliðar eru í raun og veru fjölbreyttur hópur.¹⁵

Að mati þeirra Paines, Hills og Rochesters er mikil fræðileg vinna óunnin til að útskýra hvað sé sjálfböðaliði og að slíkt sé nauðsynleg forsenda þess til að geta borið saman upplýsingar um sjálfböðin störf. Rannsókn þeirra á eðli sjálfböðastarfs er nokkuð ítarleg og þau reyna að bera saman mismunandi nálganir á eðli og hlutverk sjálfböðaliðans og rétt er að skoða rannsókn þeirra vel.

Hvað er sjálfböðaliði?

Ef við höldum áfram að skoða umfjöllun Paines, Hills og Rochesters um eðli sjálfböðaliðastarfs þá komast þau að þeirri niðurstöðu að flestir séu sammála að auðkenni sjálfböðastarfs sé, líkt og nefnt var í upphafi, að það sé ólaunað, af frjálsum vilja og öðrum til góða. Þau eru hins vegar ekki sammála því að þessi skilgreining byggji á andstæðum þörum svo sem: ólaunað – launað, frjálsum vilji – skylda og öðrum til góða – mér til hagnaðar. Öllu heldur vilja þau flokka þessar eftir ás þar sem laun, vilji og hagnaðarvon er metin eftir því hversu há laun sjálfböðaliðinn fái fyrir viðkomandi starf og svo framvegis.

Launalaust starf

Þannig má skoða greiðslur fyrir sjálfböðastörf á eftirfarandi máta að mati Paine, Hill og Rochester:

¹⁴ Paine, Hill og Rochester. 2010. 5.

¹⁵ Paine, Hill og Rochester. 2010. 6.


Vinna fúslega gefin

Incurred expenses – ensuring that volunteers are not out of pocket as a result of their involvement.

Enhanced expenses (often considered to be enablers) – providing flat rate expenses and living allowances.

Incentives and rewards – aimed at encouraging people to get involved in volunteering or at expressing gratitude for their contribution.

Payments – an explicit exchange of hours volunteered in return for the payment of money or gifts.¹⁶



Myndin sem fengin er úr skýrslu þremenninganna sýnir hvernig þau skipta upp sjálfboðum eftir því hversu mikið þeir fá greitt fyrir sjálfboðin störf sín.¹⁷

Líkt og hér sést þekkjast greiðslur fyrir sjálfboðin störf allt frá því að vera engar til þess að hreinlega launað starf með bónusum. Nokkuð sem kemur í það minnsta mér á óvart og veldur því að maður spyr sig hvernig hægt sé að flokka slíkt sem sjálfboðaliðastarf.

Frumkvæði sjálfboðaliðans

Annar helsti þátturinn sem talinn hefur verið einkenna sjálfboðaliðastarf er að viðkomandi stundar vinnuna að eigin frumkvæði. Hér greina Paine, Hill og Rochester sömuleiðis nokkur mismunandi stig að baki ákvörðun sjálfboðaliðans til að stunda starfið. Þau eru fimm nánar tiltekið.

Physical coercion – involves a direct threat to an individual's physical well-being if they fail to follow a particular course of action; this is the 'gun to your head' scenario.

Legal coercion – involves a legal requirement to follow a particular course of action such as undertaking community service as a sentence.

Institutional coercion – involves pressure (sometimes formalised) from institutional structures to follow a certain course of action. One example is pressure from management to take part in a company's employer-supported volunteering scheme.

¹⁶ Paine, Hill og Rochester. 2010. 11.


¹⁷ Paine, Hill og Rochester. 2010. 12.

Vinna fúslega gefin

Social coercion – involves informal pressure from an individual's family or community (or society more generally) to follow a certain course of action. This might involve pressure on parents to help with school-based leisure activities in which their children are involved or indeed children who are involved in activities related to their parents' interests.

Individual coercion – involves informal pressure from one individual (or a small group) to follow a certain course of action. An example might be helping an organisation that your partner feels passionately about.¹⁸

Þríeykið viðurkennir að oft er mjög erfitt að greina á milli einstakra þátta sem þrýsta á um ákvörðun einstaklings um að taka þátt í sjálfboðaliðastarfi, gjarnan blandast þeir mikið saman



og svo spilar náttúrulega ákvörðun sem tekin er af sjálfsdáðum inn í þetta líka. Í heild getur það verið mjög óljóst hvort einhver, og ef svo er þá hvernig, þrýstingur veldur því að einstaklingur ákveður að vinna sjálfboðaliðastarf.¹⁹

Sjálfur þekki ég þetta af spjalli við Pólverja, Marcin að nafni, sem vann um tíma hérlandis. Ég nefni þetta hér því að vinnuumhverfi hans var svo gerólíkt því sem ég átti til að þekkja. Hann sagði mér að hann hefði unnið á stóru vélaverkstæði heima í Póllandi. Vinnan var tíu eða tólf tímar á dag minnir mig nema hvað hann fékk greitt fyrir átta tíma vinnudag. Afganginn af deginum vann hann launalaust „til að halda vinnunni“ sagði hann svo og hló. Þessi „sjálfboðaliðsvinna“ Pólverjans fellur sennilega undir þrýsting af hálfu stofnunar flokkinn hér að ofan en er augsynilega kvöð af hálfu vinnuveitandans. Er rétt að kalla þetta sjálfboðna vinnu? Mér finnst það ekki en hér er eflaust til mismunandi öflugur þrýstingur af hálfu vinnuveitandans. Í tilfalli Pólverjans var það brottrekstrarsök ef hann vann ekki utan launaðs vinnutíma en til eru eflaust dæmi um svipaðan þrýsing af hálfu vinnuveitanda þar sem starfsmaðurinn dæmist sem ófélagslyndur persónuleiki ef hann tekur ekki þátt í sjálfboðaliðsverkefni sem skipulagt er af vinnuveitandanum án þess þó að eiga á hættu að missa vinnuna.

¹⁸ Paine, Hill og Rochester. 2010. 12.

¹⁹ Paine, Hill og Rochester. 2010. 14.

Hagnaður sjálfböðastarfans

Lokaatriðið sem einkennir sjálfböðaliðann er hagnaðurinn sem starf hans hefur fyrir aðra. Þremmingarnir viðurkenna að þetta getur líka verið ákaflega óljóst og erfitt að meta slíkan hagnað. Er það til að mynda sjálfböðaliðastarf öðrum til hagnaðar ef sjálfböðaliði tekur til starfa á safni en verður svo það á að eyðileggja dýrmæta safngripi vegna klaufaskapar? Ef svarið er já, þá er skilgreiningin tengd vilja einstaklingsins. Ef svarið er hins vegar nei, þá þarf að reikna lokaútkomu sjálfböðaliðastarfs út frá því hvort aðrir högnðust á því og hér má nefna klaufalega sjálfböðaliðann eða fjáröflun sem ekki nær að skila hagnaði sem dæmi.²⁰ Þau Paine, Hill og Rochester telja erfitt að leggja mat á þennan hagnað en leggja til eftirfarandi matsás:

Benefits only to self, immediate family and close friends – not volunteering.


Benefits to members of an extended family – ambiguous.

Self-help and mutual aid activities which benefit members of a small group or tight-knit community as well as the volunteer – a form of volunteering.

Member benefit – where the benefits are largely or exclusively to members of a club, society or association – a form of volunteering.

Volunteering in a 'mixed benefactory' – where there are benefits not only for the members of a club, society or association but also for a wider public, for example where the members of an Arthritis Care local group help to meet the needs of all local people with arthritis and not only their members – a form of volunteering.

Volunteering for public benefit – a form of volunteering.²¹



²⁰ Paine, Hill og Rochester. 2010. 14-15.


²¹ Paine, Hill og Rochester, 2010, 16.

Samantekin grundvallarskilgreining á sjálfböðaliðanum

Þessa þrjú ása draga Paine, Hill og Rochester síðan saman í heildstæða mynd. Hún samanstendur af þrem hringjum og sá innsti sýnir mat sem telst klárlega vera sjálfböðaliðavinna, næsti hringur er vafamál en þriðji hringurinn fellur utan við það sem teljast verður sjálfböðavinna.²²

²² Paine, Hill og Rochester, 2010, 17.

Vinna fúslega gefin



Þó að þríeykið hafi með þessu sett fram skoðun sína á því hvaða hvatir liggi að baki ákvörðun sjálfboðaliðans til að bjóða fram starfskrafta sína þá er það langt í frá einu aðferðirnar sem nýttar hafa verið til að skilgreina og flokka sjálfboðna starfsemi. Líkt og komið hefur áður fram þá hefur almenn skoðun á starfanum oft snúist um að sjálfboðaliðar vinni við öflug og skipulög samtök. Paine, Hill og Rochester skoða því líka umgjörð sjálfboðinnar vinnu til að kanna hvort þar leynist möguleikar til frekari skilgreiningar.²³

Starfsemi sjálfboðinnar vinnu

Nokkrar deilur hafa verið uppi um hvort óformleg sjálfboðaliðastarfsemi skuli flokkast sem sjálfboðaliðastarf. Áður var sjálfboðastarf skilgreint út frá stofnunum en eðli starfsins hefur breyst undanfarið og því hefur athygli manna beinst nokkuð að óformlega þættinum. Þá hafa aftur á móti vaknað upp spurningar um hvernig eigi að greina á milli formlegs og óformlegs sjálfboðastarfs og sitt sýnist hverjum. Paine, Hill og Rochester vilja notast við aðra skilgreiningu og að í stað þess að greina á milli sjálfboðastarfs eftir því hvort það er með

²³ Paine, Hill og Rochester. 2010. 18.

formlegum hætti eða ekki þá skuli það greint eftir því hvort það sé skipulögð, samfélagsleg eða einstaklingsbundin sjálfboðastarfsemi (e. *organised, collective, eða individual*).²⁴

Skipulögð sjálfboðastarfsemi samanstendur af þrem mismunandi gerðum að mati þeirra:

Associations – membership organisations which elect their officers and a committee to manage their affairs and depend on the unpaid work of their members to carry out their functions.

Bureaucracies – these are the normal organisational forms found in the for-profit and statutory sectors as well as very large household name charities. The key feature of them is their hierarchical operational system in which authority flows downwards from salaried managers to paid staff whose functions and authority and autonomy are clearly defined and prescribed. Volunteers (excluding trustees) play an essentially ancillary role.

Hybrid voluntary agencies – combines some of the features of the bureaucracy and the association. Its members elect its officers and governing body but it employs one or more managers and other staff to perform its operational activities.²⁵

Samfélagsleg sjálfboðastarfsemi skipar oft mikilvægan sess í hvers konar sjálfboðaliðastarfi og brúar að vissu leyti bilið á milli samtaka og persónulegs eða óformlegs tengslanets við fjölskyldu og vini. Samfélagslega kerfið skortir oft skipulagsskrá eða lögformlega uppbyggingu og jafnvel skýrleika um það hver teljist vera félagi í sjálfboðaliðshópnum og hver ekki. Fólk getur bæst við og tekið þátt í verkefnum á tilviljunarkenndan máta og í skamman tíma. Líftími þessarar starfsemi er oft á tímum skammur og hún á það til að líða undir lok þegar markmiði hennar er náð – eða sjálfboðaliðarnir gefast upp við að ná því.²⁶

Paine, Hill og Rochester reyna líka að leggja mat á hvað megi teljast einstaklingsbundin sjálfboðastarfsemi. Þau nefna sem dæmi það að ráðleggja einhverjum, að líta eftir húsi eða gæludýri, skutla einhverjum eða fylgja viðkomandi á milli staða, sjá um barnapössun, versla fyrir aðra og hugsa um velferð einstaklings. Þetta teljist allt dæmi um einstaklingsbundna sjálfboðaliðsvinnu. En bæta líka við því sem kalla má borgaralega þátttöku (e. *civic engagement*) en að skilyrðið fyrir svona sjálfboðastarfsemi sé að það verði að fela í sér meðvitaða ákvörðun tekna að vel ígrunduðu máli. Til að skýra mál sitt enn betur

²⁴ Paine, Hill og Rochester. 2010. 18.

²⁵ Paine, Hill og Rochester. 2010. 18-19.

²⁶ Paine, Hill og Rochester. 2010. 19.

Vinna fúslega gefin

setja þau fram muninn á sjálfböðnu starfi og annarri félagslegri þátttöku, svo sem almennri hjálpsemi sem telst ekki vera sjálfböðið starf, í eftirfarandi töflu:²⁷

Verknaður	Einstaklingsbundin sjálfböðavinna	Önnur félagsleg þátttaka
Veita ráðleggingar.	Hjálpa nágranna að útfylla lögfræðileg skjöl.	Vísa öikumanni til vegar.
Keyrsla með fólk.	Keyra einhvern til ættingja eða í bókaðan tíma hjá lækni.	Þjóða nágrönnum far þegar þú rekst á þá á götu úti.
Barnapössun.	Líta eftir barni svo að foreldrar þess geti farið í bíó eða leikhús.	Líta eftir barni í stuttan tíma á meðan foreldrar þess glíma við óvænta uppákomu.
Hafa samband við ráðgjafa eða fulltrúa yfirvalda.	Hjálpa nágranna að fá aðstoð; leita úrlausna á vandamáli sem háir götu eða byggðarlagi.	Svara spurningakönnun (fer eftir markmiðum könnunarinnar).
Þjálfa eða leiðbeina einstaklingum.	Þjóða upp á skipulagða(r) samræðu(r) um frammistöðu viðkomandi.	Koma með ábendingu um breytingu á tækni á leiðinni heim af leik eða sýningu.

Þessi afstaða Paines, Hills og Rochesters um meðvitaða ákvörðun vegna sjálfböðaliðastarfs markar ákveðin skil á ákaflega gráu svæði félagslegra samskipta sem við sjáum gjarnan þegar safngestir taka þátt í safnastarfi vegna tiltekinnar uppsetningar á sýningu eða starfsemi viðkomandi safns.

Til viðbótar tilraunum til flokkunnar sjálfböðinnar vinnu eftir starfsháttum hennar hafa almenn viðhorf verið ákaflega fjölbreytt og þremmenningarnir skoða þau til að reyna að varpa frekara ljósi á eðli sjálfböðastarfans.

Almenn viðhorf til sjálfböðaliða

Í sem stystu máli má setja skoðun þeirra Paines, Hills og Rochesters upp í eftirfarandi töflu:²⁸

²⁷ Paine, Hill og Rochester. 2010. 19. Tafla á síðu 20.

²⁸ Paine, Hill og Rochester, 2010, 20, tafla á síðu 21.

Vinna fúslega gefin


	Einkenni „án hagnaðar“	Einkenni aðgerðarsinna	Sjálfböðin vinna sem frítímavinna
Hvöt (e. <i>motivation</i>).	Umhyggja: hjálpa ólánsömu fólki.	Gagnkvæm aðstoð: vinna saman vegna sameiginlegrar þarfar og vandamála.	Eðlislæg: skuldbinding til að öðlast þekkingu til að vinna við tiltekið verk.
Virkni (e. <i>activities</i>).	Í félagslegum velferðarmálum.	Sjálfsbjálp og barátta í félagsmálum en líka öðrum opinberum málum.	Listir, menning, íþróttir og afþreying.
Samhengi við samtök.	Venjulega í stórum, formlegum og faglega skipuðum góðgerðarsamtökum eða opinberum stofnunum svo sem skólum og sjúkrahúsum.	Samtök og sjálfsbjálp hópar sem byggja að hluta til eða algerlega á sjálfsboðaliðavinnu.	Svæðisbundnir klúbbar og samtök ásamt stærri samtökum á borð við landshluta- eða landssamtök.
Hlutverk sjálfböðans.	Viðbótar auðlegð/ aðstoðarhjálp. Fyrirfram ákveðið hlutverk og valið er í tiltekin verkefni.	Leiðtogar og sjá um alla framkvæmd. Sjálfböðar þróa með sér hlutverk eftir því sem á líður.	Þátttakendur, þeir sem koma fram (e. <i>performer</i>) og notendur (e. <i>practitioner</i>) en líka allt litróf leiðtoga- og aðstoðarhlutverka.

Þau Paine, Hill og Rochester benda á að þessum sérkennum slær oft saman líkt og setja má fram myndrænt fram.²⁹

²⁹ Paine, Hill og Rochester. 2010. 21.

Vinna fúslega gefin

Figure 5: A three-perspective model of volunteering



Líkt og sjá má af myndinni og töflunni hér að framan eru mörk á milli flokkunar á sjálfboðaliðum ákaflega óljós ef miðað er við almenn viðhorf í samfélaginu. Þannig getur aðgerðarsinni sem stundar ólaunað sjálfboðastarf sitt í sumarfríum frá vinnu í raun tilheyrt öllum þessum skilgreiningum.

Oft hefur verið rætt um sjálfboða út frá sjálfboðinni starfsemi þeirra og Paine, Hill og Rochester skoða þær flokkunarleiðir næst.

Starfsemi sjálfboðaliða

Paine, Hill og Rochester nýta sér þriðju aðferðina til að reyna að átta sig á hvað sjálfboðaliðastarf felur í sér. Sú felur í sér skoðun á starfsemi sjálfboðaliða. Þar styðjast þau að mestu leyti við skilgreiningu sem unnin var fyrir ár sjálfboðaliðans 2001 á vegum Sameinuðu þjóðanna (e. *UN International Year of the Volunteer (UNIYV)*).³⁰

Self-help or mutual aid – probably the oldest form of voluntary action in which people with shared problems, challenges and conditions work together to address or ameliorate them. This is sometimes described as voluntary action ‘by us, for us’.

Philanthropy and service to others – this is what most people in Britain would identify as volunteering; typically involving an organisation which recruits volunteers to provide some kind of service to one or more third parties.

³⁰ Heimasíða UNESCO. www.un.org/observances/years.shtml. Sótt 29.4. 2011.

Participation – the involvement on a voluntary basis in the political or decision-making process at any level, from participation in a users' forum to holding honorary office in a voluntary and community sector organisation.

Advocacy or campaigning – collective action aimed at securing or preventing change which includes campaigning against developments seen as damaging to the environment and campaigning for better services, for example for people with HIV/AIDS.³¹

Þau leggja hins vegar til þær breytingar og viðbætur að í stað þátttöku (e. *participation*) komi orðalagsbreytingin stjórnun eða umsýsla (e. *governance*) því fyrra orðið vísi til of víðs hugtaks. Síðan leggja þau til fimmtu skilgreininguna til viðbótar hinum fjórum.

Expressive behaviours – involvement in an activity as a fulfilment of a personal interest often associated with volunteering in the arts, culture and sports sectors. Here the volunteer is expressing their interest and passion in a particular field through their volunteering.³²

Þau benda á að til sé mjög ítarlegur spurningalisti til að skoða umfang og eðli sjálfboðinna starfa sem unninn var vegna árs sjálfboðaliðans en hann er full ítarlegur fyrir þessa umfjöllun. Þau beina sjónum að fleiri viðhorfum gagnvart sjálfboðinni vinnu og þá ekki síst hve miklum tíma er varið til hennar af sjálfboðanum.

Vinnustundir sjálfboðaliðans

Fjórði máttinn til að flokka sjálfboðaliðastarfsemi, samkvæmt Paine, Hill og Rochester, er að meta hversu miklum tíma viðkomandi ver í sjálfboðastarfseminum. Þau leggja til eftirfarandi flokkunarmáta sem byggir á þrem ásum (þó vissulega séu til fleiri skilgreiningar.)³³

³¹ Paine, Hill og Rochester. 2010. 22.

³² Paine, Hill og Rochester. 2010. 22.

³³ Paine, Hill og Rochester. 2010. 24.

Vinna fúslega gefin

Figure 6: A three-perspective model of volunteering



Að lokum skoða Paine, Hill og Rochester viðhorf í garð sjálfboðaliða og hvaða kosti og galla þessi helstu sjónarhorn hafi á flokkun sjálfboðaliðastarfsemi. Þau skipta þessum sjónarhornum upp í sjö mismunandi hópa: vinnu, afþreyingu, góðgerðarstarfsemi, umönnunarstörf, aðgerðarstefnusinna, þátttöku og lærdóm.

Sjálfboðaliðinn sem vinnuafli

Í umfjöllun sinni um sjálfboðaliðann sem vinnuafli segja Paine, Hill og Rochester að þar með snúist sjónarhornið fyrst og fremst að árangri og afköstum sjálfboðaliðans, sem sé í sjálfu sér jákvætt, og einnig aðferðum til að auka afköst sjálfboðaliðans. Annað sem er jákvætt við þetta viðhorf er að æ meiri áhersla hefur verið lögð á mannauðsstjórnun sem snýr að sjálfboðastarfinu sem er sömuleiðis jákvætt. Ókosturinn við þessa afstöðu til sjálfboðinnar vinnu er að þá er hættu á að fólki sjáist yfir hin víðtækari gildi að baki sjálfboðinni vinnu. Þau nefna líka að þetta viðhorf geti orðið til þess að litið sé til sjálfboðaliðastarfsins sem áfanga í leit að launaðri vinnu, þó það sé raunar ekki alltaf svo. Aukist þessu viðhorfi fylgi getur svo farið að litið verði fyrst og fremst á sjálfboðna starfið sem skref á framabrotinni segja þremmingarnir.³⁴

Annar angi er þó til á skilgreiningu sjálfboðinnar vinnu sem vinnuafli en með öðrum hætti þó því hún snýr að góðgerðarstarfi og umönnun. Lítum nánar á það.

³⁴ Paine, Hill og Rochester. 2010. 26.

Sjálfbóðaliðastarf sem góðgerðarstarfsemi

Þetta viðhorf greinir vinnu sjálfbóðaliðans sem auðlegð sem góðgerðarsamtök geta nýtt í þágu sína. Þessu svipar til vinnuafllsskilgreiningarinnar og ber keim af verslunarvæðingu sjálfbóðaliðastarfsins en þó er hér mikilvægur munur. Þessa auðlegð er litið á sem gjöf til þiggjenda góðgerðarstarfseminnar og það er lykilatriðið á bak við skilgreiningu hennar. Aðalatriðið í þessu sjónarhorni gagnvart sjálfbóðna starfinu snýr nær eingöngu að formlegri umgjörð þess í samhengi við hjálparsamtök, gjarnan tengd félagsmálum og umönnunargeiranum, og tengjast oft opinbera geiranum. Hér er jafnvel enn frekar um mjög stór samtök að ræða, vel skipulögð og öflug sem gjarnan eru tengd þriðja geiranum svokallaða.³⁵

Mikilvægt er líka að hafa í huga að þetta sjónarhorn tengist ekki pólitík. Góðgerðarstarfsemin vinnur með eða innan stjórnkerfisins. Sem slík er litið á sjálfbóðavinnuna sem fyrirbæri sem starfar til hliðar við stjórnvöld og sinnir þannig félagsþjónustu beint eða óbeint eða jafnvel í samstarfi við ríkið. Hins vegar eru líka til þeir sem leggja áherslu á hlutverk aðgerðarsinna sem sinna góðgerðarstarfi þvert á þessar línur eða jafnvel í andstöðu við ríkjandi stjórnvald.³⁶

Aðgerðarsinninn

Aðgerðarsinnar eru gjarnan taldir vinna með nærsamfélaginu og sinna einstökum þáttum sjálfshjálpar, gagnkvæmri aðstoð, réttindabaráttu og baráttu fyrir málefnalegum málstað. Aðgerðarsinnar tengjast gjarnan smærri og óformlegri samtökum eða almennum samfélagsmálum og þeir fókusa gjarnan á vinnu við grasrótarsamtök. Óformlegheit aðgerðarsinnans er lykilatriði þessa sjónarhorns og hvöt aðgerðarsinnans til sjálfbóðinnar vinnu stafar gjarnan af sjálfshjálpar og sameiginlegri aðstoð og hann er gjarnan andsnúinn allri formlegri stjórnun eða ráðningu til verks. Aðgerðarsinninn er hrifnari af því hvernig sjálfbóðastörfin kvikna, þróast og verða margbreytilegri með tíð og tíma. Í tilfalli hans eru fjölbreytilegar hvatir samstöðu, sameiginlegra hagsmuna og baráttumála, fórnfýsi, sameiginleg þörf og aðstoð, sjálfshjálpar, vinna saman til að mæta þörfum heildarinnar og til að tækla algeng vandamál. Paine, Hill og Rochester benda líka á að aðgerðarsinnar geti unnið

³⁵ Paine, Hill og Rochester. 2010. 26.

³⁶ Paine, Hill og Rochester. 2010. 26.

innan stærri skipulagðari samtaka svo sem Grænfríðunga þar sem einungis lítill hluti samtakanna samanstandi af aðgerðarsinum.³⁷

Sjálfbóðaliðastarf sem afþreying

Afþreyingin við sjálfbóðaliðastarfið er orðin æ vinsælla viðhorf í garð sjálfbóðaliða og þá er gjarnan horft til gleðinnar og ánægjunnar sem sjálfbóðaliðarnir fá við þátttöku sína og vegna þess að þeir eru ekki þvingaðir til þátttöku. Sumir ganga meira að segja svo langt að fullyrða að eiginhagsmunir sjálfbóðaliðans liggi að baki hvötum hans til starfans vegna gleði, sjálfstjáníningar og eða upplifunar sem hann hlýtur af starfi sínu. Þeir sem aðhyllast þetta sjónarhorn til sjálfbóðaliðastarfs vilja gera sem minnst úr arðsemi þessarar vinnu og greina þannig á milli afþreyingarinnar og launaðrar vinnu. Þetta viðhorf hefur þó verið gagnrýnt fyrir að líta eingöngu til sjálfbóðaliðanna sjálfra og vanræki fyrir vikið áhrif á þiggjendur og samfélagið í heild sinni.³⁸

Umönnunarhlutverk sjálfbóðaliðans

Með því að horfa til sjálfbóðaliðastarfsins sem umönnunarstarfs felur það yfirleitt í sér umönnun ókunnugra. Kynjafræðingar hafa horft sérstaklega til þessa þáttar og þá aðallega siðfræði hans. Hins vegar hafa menn haft af því áhyggjur hve léttvæg þessi störf þykja oft á tíðum og hve lítið lof sjálfbóðar fá við slíka vinnu. Síðast en ekki síst hve ójöfn kynjahlutföllin eru hjá þeim sem gegna þessum sjálfbóðnu störfum. Margir vilja þó alls ekki flokka umönnunarstörf með sjálfbóðastarfi, sérstaklega vegna þess hve mikil skuldbinding fylgir umönnunarstarfinu (og ekki síst vegna kynbundins þrýstings). Paine, Hill og Rochester vísa til skoðana Musick og Wilson sem halda því fram að sjálfbóðaliðar fari oft upphaflega í umönnunarstörf vegna þess að þeir báru umhyggju fyrir þeim en vegna skipulags samtakanna eða stofnunarinnar sem þeir vinna við er þeim hins vegar gert að vinna viss störf og hvattir til að láta af nánd við þá sem þarfnast umönnunar. Að auki þá gerir fræðiefni um umönnunarstörf ekki greinarmun á milli umsjónar með fjölskyldu og vinum annars vegar og með ókunnugum hins vegar. Þessi munur er hins vegar nauðsynlegur til að átta sig á og greina sjálfbóðaliðsstarf í umönnunargeiranum.³⁹

³⁷ Paine, Hill og Rochester. 2010. 27.

³⁸ Paine, Hill og Rochester. 2010. 28.

³⁹ Paine, Hill og Rochester. 2010. 29.

Nám sjálfböðaliðans

Sjálfböðaliðastarfið er hér fyrst og fremst álitíð stuðla að námi, þjálfun og auknum þroska sjálfböðans. Að auki bjóðast sjálfböðanum einstök tækifæri og aðstæður við þetta nám sitt.⁴⁰

Nú er verið að rannsaka áhrif sjálfböðastarfs á almenna þekkingu viðkomandi til lífstíðar og tengsl sjálfböðinna starfa við þjálfun til starfa. Í Bandaríkjunum hefur verið mikill áhugi á því sem kallað er þjónustunám (e. *service learning*) sem skilgreint hefur verið sem ‘a form of experiential education where learning occurs through a cycle of action and reflection as students work with others through a process of applying what they are learning to community problems and, at the same time, reflecting upon their experience as they seek to achieve real objectives for the community and deeper understanding and skills for themselves’⁴¹

Þetta viðhorf hefur þó verið gagnrýnt af mörgum og telja þeir að horft sé um of á sjálfböðaliðann eingöngu og vinnuferli hans en ekki árangur eða markmið. Þá er líka bent á það að svona námsferli er algerlega aðskilið frá sjálfböðastörfum í Bandaríkjunum þar sem þjónustunám er hvað þróaðast. Paine, Hill og Rochester benda líka á að Bandaríkjamenn gera skýran greinarmun á sjálfböðastarfi annars vegar og fræðilegu námi hins vegar.⁴²

Adele Finley hefur þó bent á að sjálfböðastörf séu mikils virði fyrir sjálfböðaliðann vegna bættra félagslegra tengsla hans, aukins sjálfstrausts og að vinna við sjálfböðastörf geti hjálpað einstaklingum, sem hafi verið atvinnulausir til langs tíma, aftur inn á vinnumarkaðinn.⁴³

Þátttakandinn

Viðhorf til sjálfböðaliðastarfs sem þátttöku snýr fyrst og fremst að þátttöku í opinberu lífi, félagslegri þátttöku og einstaklingsbundinni þátttöku. Opinber þátttaka er hvernig einstaklingar eiga samskipti við ýmis kerfi og stofnanir lýðræðisins á borð við kosningar og störf við ráð og nefndir. Félagssleg þátttaka vísar til margvíslegra gjörða sem tengist virkni einstaklings í daglegu lífi hans svo sem í félögum og sjálfböðavinnu. Einstaklingsbundin

⁴⁰ Paine, Hill og Rochester. 2010. 30.

⁴¹ Tilvitnun í Eyler, J., og Giles, D.E.: *Where's the Learning in Service-Learning?* Jossey-Bass: San Francisco, CA. 1999. Tilvitnun í: Paine, Hill og Rochester. 2010. 30.

⁴² Paine, Hill og Rochester. 2010. 30.

⁴³ Finley, Adele. „Volunteering as a route to employment.“ *Volunteers in Museums and Cultural Heritage. A European Handbook*. Ritstj. Da Milano, Christina, Gibbs, Kirsten og Sani, Margherita. Lubljana : Slovenian Museum Association, 2009. 66.

Þátttaka eru gjörðir einstaklinga í daglegu lífi sínu og eru þannig yfirlýsingar um hvernig samfélagi þeir vilja búa í og sem dæmi má nefna notkun umhverfisvænna hluta.⁴⁴ Líkt og sést er orðin hárfín lína á milli þess sem kallast þátttaka og sjálfbóðaliði og hefur safnafræðingurinn Nina Simon einmitt hent þetta á lofti og sagt að í raun megi oft á tíðum kalla þetta jafngilt.⁴⁵

Breska ríkisstjórnin hefur haft af því áhyggjur hve lítil kosningaþátttakan er orðin þar í landi, áhugaleysi almennings á lýðræðislegu starfi og óttast að innviðir samfélagsins grotni þar með niður. Ríkisstjórnin hefur því reynt að virkja fólk til þess að taka meiri þátt í samfélagi sínu og fá það til að taka þátt í verkefnum sem taka á við aðsteðjandi vandamál.⁴⁶

Paine, Hill og Rochester taka undir það að margt bendi til þess að sjálfbóðaliðastörf auki samkennd með fólki, auðveldi þeim sem eru utanveltu í samfélaginu aðgengi að því og getur verið form af jákvæðum félagslegum samskiptum. Hins vegar bendir líka margt til þess að margir af neikvæðum þáttum samfélagsins, á borð við útilokun samfélagshópa, endurspeglit inn í sjálfbóðaliðastarfið og að fólki hætti til þess að álíta sjálfbóðastarf sem fyrst og fremst félagslega athöfn.⁴⁷

Flokkun sjálfbóðaliðans

Eftir að hafa fjallað um þessi mismunandi sjónarhorn og flokkunarleiðir á sjálfbóðaliðanum má segja að Paine, Hill og Rochester játi sig sigruð og komist að þeirri niðurstöðu að engin ein leið henti betur en önnur. Sjálfbóðaliðastarfið sé einfaldlega of flókið fyrirbæri og merking þess út frá hinum ýmsu sjónarhornum svo víðtæk og ólík til að hægt sé að festa sig við eina skilgreiningu umfram aðrar. Þau mæla því með víðari fjölvídda, þverfaglegri og margra sjónarhorna nálgun (e. *broader multi-dimensional, multi-disciplinary and multi-lens approach*) til að rannsaka sjálfbóðnu störfin. Þau segja enn fremur að með því að taka svo víðtæka skilgreiningu á sjálfbóðaliða og ná þannig að skoða þá miðað við þeirra eigin forsendur sé fyrst hægt að vonast til þess að skilja fyrirbærið í heild sinni. Þremmingarnir telja að þrátt fyrir þessa oft á tíðum óljósa merkingu hugtaksins ‘sjálfbóðaliði’, þá sé nauðsynlegt að átta sig á því hve sjálfbóðarnir eru margþætt starfsemi til að getað rannsakað hana.⁴⁸

⁴⁴ Paine, Hill og Rochester. 2010. 29.

⁴⁵ Simon, Nina: *The Participatory Museum*. Preface: Why Participate? 2010.

⁴⁶ Paine, Hill og Rochester. 2010. 29.

⁴⁷ Paine, Hill og Rochester. 2010. 30.

⁴⁸ Paine, Hill og Rochester. 2010. 31.

Af ofangreindum atriðum finnst mér þátttaka ákaflega umfangsmikið og óljóst svæði. Hvenær telst til að mynda einstaklingur vera orðinn sjálfboðaliði í verkefni eða vinnu og hvenær ekki, ef ekki er um að ræða formlegt samstarf hjá honum við þátttökuna? Þetta á ekki síður við ef stofnun á borð við safn heldur útiverkefni í tengslum við sýningu og fær sýningargesti eða veraldarvefsvafrara til að taka þátt. Hvenær teljast þeir sjálfboðar með þátttöku sinni? Paine, Hill og Rochester gefa nokkuð góðar leiðbeiningar um þetta í umfjöllun sinni um frumkvæði sjálfboðaliðans hér að framan en mér finnst þessi mörk er varða þátttöku þarfnast frekari skýringar við og því helga ég síðari hluta þriðja kafla rannsókn á þessari hlið sjálfboðastarfs og skoða þá sérstaklega kenningar safnafræðingsins Ninu Simons.

Þátttaka skilgreind sem sjálfboðið starf

Nina Simon safnafræðingur er mikill áhugamaður um aukna þátttöku safngesta í starfsemi safna. Henni finnst heldur ekki veita af og bendir á að aðsókn að söfnum í Bandaríkjunum sé alvarlegt áhyggjuefni. Síðastliðin 20 ár hefur aðsókn að söfnum, sýningarsölum og leikhúsum dregist saman í Bandaríkjunum og gestirnir eru í heild orðnir eldri og ljósari á hörund en meðaltal mannfjöldans. Menningarstofnanirnar halda því fram að dagskrár þeirra bjóði upp á einstök menningarleg og borgaraleg gildi. Þrátt fyrir þetta snýr fólk sér í æ ríkari mæli til annarrar afþreyingar, náms og tjáningar. Veraldarvefurinn er nýttur til að deila listaverkum, tónlist og sögum. Sömuleiðis hefur þátttaka í stjórnámum og sjálfboðnu starfi aukist gríðarlega. Lestur hefur jafnvel aukist. Nina Simon trúir því að ráðið til að fá fólk til að sækja söfn í meiri mæli sé að bjóða fólki upp á að taka þátt í menningu sem virkir þátttakendur en ekki óvirkir neytendur. Hún bendir á að samfélagsvefirnir hafi breytt samskiptum fólks og aukið þátttöku þess. Gestir krefja nú um aðgengi að fjölbreyttum upplýsingum og menningarsjónarhornum. Þeir búast við því að fá að bregðast við áreiti og að svör þeirra séu tekin alvarlega. Þeir vilja fá að ræða, deila og endurvinna efnið sem þeir neyta. Menningarstofnanir á borð við söfn verða ekki miðstöðvar menningar- og samfélagslífs fyrr en fólk getur tekið virkan þátt í starfi þeirra.⁴⁹

Nina Simon hefur fjallað ítarlega um þátttökumiðað safnastarf í riti sínu *The Participatory Museum* og þar bendir hún á hvað þátttaka í félagslegu athæfi er misjöfn á meðal einstaklinga. Skapandi einstaklingar eru einungis lítill hluti af öllum þeim fjölda sem að öllu jöfnu eru þátttakendur, segir Simon. Þátttakendur eru líka fólk sem neytir efnið sem aðrir skapa, koma með athugasemdir, flokka það, endurvinna og miðla áfram til annarra

⁴⁹ Simon, Nina. 2010. Preface: Why Participate?

Vinna fúslega gefin

notenda. Árið 2008 birtist rannsóknarskýrsla með ritinu *Groundswell: Winning in a World Transformed by Social Technologies*, félagslegar tækniupplýsingar (e. *social technographics*) svo fyrirtæki ættu auðveldara með að skilja hvernig mismunandi hópar eiga samskipti á veraldarvefnum. Rannsakendurnir flokkuðu þátttakendur á netinu í sex hópa eftir gjörðum þeirra:

1. Höfundar (24%) sem framleiða efni, hlaða upp myndböndum og halda úti blogg síðum.
2. Gagnrýnendur (37%) sem setja fram gagnrýni, gefa efni einkun og skrifa athugasemdir á félagsnetsmiðjum.
3. Safnarar (21%) sem skipuleggja hlekkir og safna saman efni til einkanota eða til félagslegar notkunar.
4. Innskráningaraðilar (51%) sem skrá sig inn í samfélagsvefi svo sem Facebook og LinkedIn.
5. Áhorfendur (73%) sem lesa blogg, horfa YouTube myndbönd, heimsækja samfélagsleg vefsvæði og svo framvegis.
6. Óvirkir (18%) sem ekki fara á samfélagsleg vefsvæði.

Líkt og sjá má eru prósentutölurnar mikið hærri en 100% en það stafar af því að flokkarnir skarast og margir falla undir fleiri en einn hóp. Þessi prósentuhlutföll eru líka síbreytileg og mismunandi á milli landa, kynja og aldurshópa. Eitt er þó ávallt samt við sig. Það er að skapararnir eru alltaf einungis lítill hluti af heildarfjöldanum.

Um leið og ofangreind 24% netnotenda eru skaparar í einhverjum mæli á einhverri þáttökusíðunni þá sést mun minna til þeirra en þessi prósentutala gefur til kynna. Einungis 0,16% gesta á YouTube hlaða upp myndbandi og einungis 0,2% gesta á myndasíðunni Flickr setja þar inn mynd.⁵⁰


Jakob Nielsen kannaði þátttöku einstaklinga í efni á netinu og komst að þeirri niðurstöðu að þeir fylgdu nokkurs konar 90-9-1 reglu sem fælist í því að 90% notenda eru í felum (e. *Lurkers*), sem þýðir að þeir lesa eða skoða en leggja ekki fram efni. Nielsen segir að 9% notenda miðli efni öðru hvoru (e. *Intermittent Contributors*) en þeir verji mestum tíma sínum í annað. Að lokum segir hann að einungis 1% notenda taki mikinn þátt (e. *Heavy Contributors*) og standi á bak við flest allt efnið. Það mætti halda að þeir hafi ekkert einkalíf

⁵⁰ Simon. 2010. Chapter 1: Principles of Participation.

Vinna fúslega gefin

Því þeir miðla nánast öllu sem þeir gera og jafnvel nokkrum mínútum eftir að verknaðurinn hefur átt sér stað.⁵¹

Á meðfylgjandi mynd má sjá skiptingu þátttakenda á netinu samkvæmt Nielsen:



Í riti Ninu Simons, *The Participatory Museum*, og sem ég hef leyft mér að þýða sem „þáttökusafn“ skilgreinir Simon þáttökusafn sem:

a place where visitors can create, share, and connect with each other around content. *Create* means that visitors contribute their own ideas, objects, and creative expression to the institution and to each other. *Share* means that people discuss, take home, remix, and redistribute both what they see and what they make during their visit. *Connect* means that visitors socialize with other people—staff and visitors—who share their particular interests. *Around content* means that visitors’ conversations and creations focus on the evidence, objects, and ideas most important to the institution in question.⁵²

Svo við höldum áfram með skilgreiningu Ninu Simon þá telur hún markmið þáttökuaðferða vera að koma til móts við væntingar gestanna um virka þáttöku um leið og reynt er að hafa bæði leiðarljós og markmið stofnunarinnar í huga. Þáttökumiðuð stofnun safnar og deilir fjölbreyttu, persónubundnu og síbreytilegu efni sem er framleitt með gestum hennar. Hún býður gestum upp á að bregðast og bæta við menningargripum, vísindalegu efni og sögulegar skrár sem eru til sýnis. Með þessu má sýna fjölbreyttar afurðir og skoðanir „venjulegra“ gesta. Fólk notar þannig stofnunina sem mótsstað fyrir samræður um efnið sem hún setur á borð fyrir það. Slíkar þáttökustofnanir eru skapaðar og reknar „með“ gestunum í stað þess að vera „um“ eitthvað eða „fyrir“ einhvern. Þátttaka safngesta styrkir þannig markmið og starfsemi

⁵¹ Heimasíða Jakob Nielsen. www.useit.com/alertbox/participation_inequality.html. Sótt 3.3. 2011.

⁵² Simon, Nina. 2010. Preface: Why Participate?

safna og þau verða félagsmiðstöðvar sem safnagestir taka þátt í að stofna og reka að mati Simon.⁵³

Ástæða þess að söfn vilji taka upp þátttökumiðaðar aðferðir segir Simon vera þær að slíkar aðferðir eru ætlaðar til þess að takast á við tiltekin vandamál. Þær séu praktískar leiðir til að auka og bæta hefðbundnar menningarstofnanir. Simon nefnir fimm algeng gagnrýniatriði safngesta og segir þátttökumiðaðar aðferðir takast á við þessi atriði.

1. *Cultural institutions are irrelevant to my life.* By actively soliciting and responding to visitors' ideas, stories, and creative work, cultural institutions can help audiences become personally invested in both the content and the health of the organization.
2. *The institution never changes – I've visited once and I have no reason to return.* By developing platforms in which visitors can share ideas and connect with each other in real-time, cultural institutions can offer changing experiences without incurring heavy ongoing content production costs.
3. *The authoritative voice of the institution doesn't include my view or give me context for understanding what's presented.* By presenting multiple stories and voices, cultural institutions can help audiences prioritize and understand their own view in the context of diverse perspectives.
4. *The institution is not a creative place where I can express myself and contribute to history, science, and art.* By inviting visitors to participate, institutions can support the interests of those who prefer to make and do rather than just watch.
5. *The institution is not a comfortable social place for me to talk about ideas with friends and strangers.* By designing explicit opportunities for interpersonal dialogue, cultural institutions can distinguish themselves as desirable real-world venues for discussion about important issues related to the content presented.

These five challenges are all reasons to pursue participation, whether on the scale of a single educational program or the entire visitor experience. The challenge ... is how to do it. By pursuing participatory techniques that align with institutional core values, it is possible to make your institution more relevant and essential to your communities than ever before.⁵⁴

⁵³ Simon, Nina. 2010. Preface: Why Participate?; Önnur vidd á safnastarfi í félagslegu starfi hefur verið kynnt til sögunnar af Lois H. Silverman í riti hennar, *The Social Work of Museums*. Routledge, London og New York, 2010. Hún bendir telur starf safna og aðstaða þeirra henta mjög vel fyrir félagslega þjónustu með aðstoð félagsráðgjafa. Hún telur þarna vera öflugan snertiflöt í samstarfi safna, félagsfræðinga og safngesta. Vinna á þessu sviði gerist edlilega á þátttökumiðaðum grunni en hins vegar er erfitt að sjá fyrir sér hvernig samfélagið gengur inn í hlutverk sjálfbodaliðans nema það starfi við félagslegu þjónustuna í tengslum við safnið eða beinlínis sem þiggjendur slíkrar þjónustu en þá eru viðkomandi ekki lengur sjálfbodar.

⁵⁴ Simon, Nina. 2010. Preface: Why Participate?

Simon bendir á að bilið á milli áhugasams þátttakanda og sjálfboðaliða í starfsemi safna sé afskaplega lítið. Hér er hún að taka undir með rannsókn þremmenninganna hér að framan líkt og nefnt hefur verið. Raunar segir hún að

[i]n the book *Here Comes Everybody*, technologist Clay Shirky argued that there are three necessary components for a participatory mechanism to be successful: “a plausible promise, an effective tool, and an acceptable bargain with the [participants].” The institution must promise an appealing participant experience. The institution must provide access to tools for participation that are easy to understand and use. And the bargain between institution and participants— regarding management of intellectual property, outcomes of the project, and feedback to participants—should accommodate participants’ needs. Even if your promise, tools, or bargains have to change over the course of a project, you should always be able to articulate what you offer and expect clearly and openly. Doing so demonstrates your respect for participants’ time and abilities.

Simon segir að dyggustu stuðningsmenn menningarstofnunar kjósi að eiga samskipti við hana sem hollvinir og sjálfboðaliðar en að í raun séu tengsl þeirra afskaplega lík þátttakendum. Sjálfboðar og hollvinir eru fólk, sem af eigin frumkvæði, láta í ljós skuldbindingu og áhuga á því að helga tíma sínum og orku í garð stofnananna. Of oft eiga starfsmenn í megnustu vandræðum með að koma upp með fullnægjandi verkefni handa slíkum sjálfboðaliðum. En þegar stofnanir sýna skýrt fram á hvernig gjörðir þátttakendanna hjálpa stofnununum og fleiri gestum þá bregðast sjálfboðaliðar við með ákafa.⁵⁵

Út frá þessari útlistun Simon má sjá að hún telur sjálfboðaliða vera ákafari stuðningsmenn safna en safngestinn sem tekur þátt í þátttökumiðuðu starfi safnsins af miklum áhuga.

Til að uppfylla ofangreind skilyrði Clay Shirkeys telur Simon að hvað varðar loforð safnsins til áhugasama aðilans þá snúi það fyrst og fremst að persónulegri uppfyllingu sem byggi á sjálfsmynd þeirra. Öfugt við einstaklinga hafa stofnanir sett sér leiðarljós og hvaða leiðir þurfi til að ná þeim. Þess í stað hafa þátttakendur heilmikið af markmiðum og áhugamálum sem hafa áhrif á hegðun þeirra. Rannsóknir John Falks á safngestum sýna að þeir velja og njóta atriða í söfnum sem endurspeglar og eykur sjálfsmynd þeirra. Þannig má segja að ef safngesturinn álitur sig vera skapandi þá fær hann fullnægju af því að skapa sjálfsmynd sína á safnasýningu. Ef hann telur sig geta miðlað markverðum sögum þá skapar

⁵⁵ Simon. 2010. Chapter 1: Principles of Participation

Það honum gleði að koma á framfæri endurminningum sem tengjast sýningarefni. Sama má líka segja um fólk sem telur sig vera hjálpsamt, það nýtur þess að fá tækifæri til að leggja í púkkið í viðamiklum verkefnum. Leikjafræðingurinn Jane McGonigal fullyrðir að það þurfi fjögur atriði til að fólk sé hamingjusamt: ánægjuleg vinna, finna að það er gott í einhverju, eiga samskipti við fólk sem viðkomandi líkar við og tækifæri til að vera hluti af einhverju stærra. Fjöldi fólks sækir söfn í félagi við aðra til að verja tíma ásamt vinum sínum í tengslum við eitthvað sem er stærra. Með því að skapa efni geta safngestir notið vinnunnar og reynslunnar af því að vera góðir í einhverju. Þegar þú raðar svona hlutum saman segir Simon og býður fólki upp á að taka þátt getur stofnunin komið til móts við allar fjórar fyrrgreindar þarfir McGonigals.⁵⁶

Nina Simon leggur áherslu á að stofnunin komi hreint fram í að opinbera þörf sína á samstarfi við sjálfbóðaliða eða þátttakendur og leggi áherslu á mikilvægi viðkomandi verkefnis. Slíkt sýnir þátttakandanum fram á mikilvægi framlags hans til samfélagsins, hann er þannig orðinn hluti af einhverju stærra og meira. Ef gert sé lítið úr mikilvægi verkefnanna með því að tilkynna að þau séu bara til skemmtunar þá minnkar það áhuga þátttakandans því safngesturinn vill geta lagt merkingarbært og spennandi framlag til samfélagsins.⁵⁷

Simon segir líka að þátttakendur sem gefi hluta af vinnu sinni eða taki þátt í starfsemi safns geri kröfu til þess að virðing sé borin fyrir framlagi þeirra og að því séu gerð skil innan tilsetts tíma og á aðlaðandi máta. Of oft eru þátttakendaverkefni skemmd með lélegri endursvörun starfslíðs og ógagnsæis þar sem verið er að ritstýra og aðlaga efnið. Oft er seinkun á framsetningu þátttökumiðaðs efnis eftir að þátttakendur hafa lagt sitt til ásættanleg en nauðsynlegt er að koma upplýsingum um slíka seinkun til þátttakenda. Stofnunin getur nýtt sér slíka seinkun til góða, til dæmis með því að senda þátttakendum tilkynningar um að framlag hans sé núna komið til sýningar þó langur tími hafi liðið síðan það gerðist.⁵⁸

Hvað sem tíma líður þá þarf að verðlauna framtak þátttakandans og í því felast þrjú atriði sem þurfa að haldast stöðug að mati Simon. Þannig þarf að gefa þátttakandanum til kynna hvenær hann má vænta endurgjafar, framlag hans verður að þakka þegar hann tekur þátt og starfslíðið þarf að útbúa vinnuferli sem felur í sér hvernig efninu sem þátttakandinn vann við verður miðlað og síðast en ekki síst láta þátttakendur vita af því þegar efni þeirra verður sýnt. Best er ef þessi skref gerast án tafar, sjálfkrafa og með auðsæjum hætti fyrir gestina. Simon nefnir sem dæmi barnasafn sem gæti haft svæði þar sem gestir skapa listaverk eða leikföng úr tilbúnu hráefni. Þátttakendurnir geta síðan sett sköpunarverk sín á færiband

⁵⁶ Simon, 2010, Chapter 1: Principles of Participation. Sjá einnig tilvitnaðar heimildir er þar er að finna.

⁵⁷ Simon, 2010. Chapter 1: Principles of Participation.

⁵⁸ Simon, 2010. Chapter 1: Principles of Participation.

sem síðan rynni um safnið og væri öllum sýnilegt. Með þessum máta þyrfti ekki að merkja neitt og safngestir sjá hvað verður um sköpun þeirra og þeir átta sig á því hvernig þetta getur komið þeim til góða að deila vinnu sinni með öðrum.⁵⁹

Nina Simon telur ekki þurfa að verðlauna þátttakanda með verðlaunum á borð við medalíu. Að starfsmaður hlusti á viðkomandi, veita endurgjöf við framlagi þeirra og sýna þeim hvernig stofnunin mun nýta sér framlag þeirra veitir þeim yfirleitt þá fullnægju sem þarf.⁶⁰ Þetta á að mínu mati einmitt við um starf og framlag sjálfboðaliða við söfn.

Traust er mikilvægur þáttur í samvinnu þátttakandans og stofnunarinnar og Nina Simon leggur mikla áherslu á að starfsmenn safna þurfi að vera skýrir og heiðarlegir í samskiptum sínum við þátttakendur sína hvort sem ætlunin er að byggja upp langtímasamband eða einungis að vinna skammtímaverkefni. Því þarf að vera skýrt hvernig tekið er á nafnleynd og höfundarétti. Hvað verður til að mynda um myndbönd sem þátttakendur taka upp í sýningarsal safns? Hver á hugmyndina sem þeir deila með stofnuninni? Með því að vera með þessi atriði á hreinu, útlísta þau nákvæmlega og með því að vera heiðarleg gagnvart hlutverki þátttakandans í þátttökuverkefninu þá veit fólk við hverju má búast og getur því metið hvort rétt sé af þeim að taka þátt. Ef svona mál eru ekki á hreinu er hættu á að traust á milli stofnunarinnar og þátttakenda rýrist og getur orðið til slæmrar reynslu. Vissulega getur komið upp sú staða, segir Simon, að ekki sé mögulegt að hafa öll málefni á hreinu við upphaf verks. Þá dugur hins vegar yfirleitt að vera heiðarlegur. Starfsmönnum getur alltaf orðið á mistök eða skipt um skoðun en ef þeir eru heiðarlegir við þátttakendur allan tímann meðan á verki stendur þá munu báðir aðilar fá mikið úr verkefninu. Hún leggur sem fyrr áherslu á að því meiri samskipti sem starfsliðið á við þátttakendur, hvort sem það er í orði eða á borði, til að sýna þeim hve mikið framlag þeirra hjálpar bæði stofnuninni og öðrum gestum þá muni þátttakendur líta á sig í æ ríkari mæli sem meðeigendur að verkefninu og þannig sem hluta af stofnuninni.⁶¹

Forsenda þess að þátttaka heppnist

Nina Simon telur mikilvægustu forsendur þess að þátttökumiðað verkefni heppnist vel séu annars vegar að skilyrða tjáningu þátttakenda og hins vegar að persónugera aðkomu þátttakandans svo hann eigi létt með að eiga samskipti við ókunnuga. En með því að persónugera þá tekur Simon fram að hún á ekki við félagslega aðkomu. Bæði þessi skilyrði

⁵⁹ Simon, Nina. 2010. Chapter 1: Principles of Participation.

⁶⁰ Simon, Nina. 2010. Chapter 1: Principles of Participation.

⁶¹ Simon, Nina. 2010. Chapter 1: Principles of Participation.

Vinna fúslega gefin

byggjast á stýringu, annars vegar með því að stýra tjáningunni og hins vegar með því að stýra í gegnum persónulegar upphafsstöðvar. Saman leggja þessi skilyrði grunninn að sjálfsöryggi safngesta við þátttöku í skapandi starfi með ókunnugum.⁶²

Simon útskýrir þetta nánar með því að þannig hjálpi takmörkun tjáningar í raun með því að fókusa og hvetja til þátttöku. Safngestirnir vinna ekki sýningar frá grunni eða hanna eigin vísindatilraunir. Í stað þess verða þeir hluti af hóp, sem tekur þátt í stærra verkefni, og vinna einungis hluta af verkefninu. Með þessari takmörkun skapast tækifæri fyrir sniðuga setningu hér og listilega pensilstroku þar svo dæmi séu nefnd. Hins vegar er heildarmyndin afmörkuð af starfsliðinu sem skapar þátttökuverkefnið. Máli sínu til stuðnings vitnar Simon í orð Orson Welles: „óvinur listarinnar er skortur á takmörkunum“ (e. „*the enemy of art is the absence of limitations.*“).⁶³

Simon nefnir sem dæmi um velheppnaða þátttöku safngesta sýninguna *The Psychedelic Experience* sem var hluti af gagnvirkri sýningu í *Side Trip* galleríinu í Denver Art Museum (DAM). Sýningin *Side Trip* var gagnvirk rými sem fylgdi sýningu af skynörvandi (e. *psychedelic*) rokkónlistarveggspjöldum sem kölluð voru *The Psychedelic Experience*. Í einu verkefna *Side Trip* buðu safnafræðingar safngestunum upp á að búa til þeirra eigin rokkónlistarveggspjöld. Sýningarstjórnendurnir afhentu safngestum ekki auð blöð og liti og buðu þeim síðan að hanna þau sjálf frá grunni (sem hefði eflaust einungis höfðað til örfárra sem væru nægilega skapandi). Þeir hönnuðu í stað þess verkefni sem blandaði saman söfnun, gagnrýni og sköpun. Safngestum voru boðin smellubretti sem á voru gagnsær pappír. Gestirnir gátu síðan notað endurprentanir af raunverulegum veggspjöldum sem hengu á sýningunni til að endurhanna og blanda saman sinni eigin útgáfu af veggspjöldum. Gestirnir máttu líka bæta við endurgerðir sínar og eyða af þeim eins og þeim sjálfum sýndist henta best. Að verkefni loknu afhenti gesturinn starfsmanni veggspjaldið sem afritaði það í lit. Allir þátttakendur fengu afritið afhent og var boðið að sýna það líka á sýningunni. Endurhannanirnar voru stórglæsilegar og Simon segir, að sem gestur hafi hún ekki hafa getað greint á milli upprunalegu sýningarinnar og viðbóta gestanna. Í allt voru 37.000 veggspjöld gerð af þátttakendum en um 90.000 gestir sóttu sýninguna. Að meðaltali tók 25 mínútur að vinna hvert veggspjald svo að ljóst er að gestirnir tóku þetta þátttökuverkefni alvarlega um leið og það var mjög vinsælt.⁶⁴

Hin hlið þátttökumiðaðra samskipta sem Simon leggur áherslu á er samskipti gesta sín á milli. Þetta er aðferð sem Simon kallar ég-til-okkar (e. *me-to-we*). Mikilvægast er að byggja

⁶² Simon, Nina. 2010. Chapter 1: Principles of Participation.

⁶³ Simon, Nina. 2010. Chapter 1: Principles of Participation.


⁶⁴ Simon, Nina. 2010. Chapter 1: Principles of Participation.

Vinna fúslega gefin

á samskiptum milli einstaklinga, smám saman fjölga þeim þar til þeim líður eins og hluti af stærri hóp. Hún segir að ekki eigi að hanna þátttökuverkefni „fyrir fjöldann“ heldur vill hún að maður hugsi sér eins og ef maður væri gestgjafi í kokkteilboði. Sem slíkur tekurðu hlýlega á móti hverjum gesti og tengir hann síðan við aðra gesti sem hann getur hugsanlega náð góðu sambandi við. Þegar þú hefur þannig tengt nógu marga einstaklinga saman þá fer þeim að líða eins og að þeir séu hluti af stærri heild. Þess vegna nefnir hún aðferðina ég-til-okkar því hún byggir á einstaklings (ég) reynslu til að styðja við sameinuð (okkar) samskipti.⁶⁵

Þannig er hægt að byggja upp öfluga félagslega samkennd og reynslu út frá efninu sem safnið er að sýna að mati Simon. Til að breyta menningarstofnun í tengslanet (e. *social hub*) þarf að aðstoða einstaklinga við að mynda tengsl við aðra einstaklinga sem eiga í samskiptum við stofnunina. Í safni ættu starfsmenn að tengjast gestunum í gegnum efnið sem er til sýnis. Safngestir hafa flestir skoðanir á sýningargripunum. Þeir geta elskað það, hatað eða tengst því persónulega. Þannig getur starfslíðið hvatt til samræðna og byggt upp tengsl í kringum um grundvallarefni stofnunarinnar.⁶⁶

Nina Simon skiptir þessari persónulegu og félagslegu samkennd og reynslu upp í fimm stig.



Simon skoðar nánar hvernig reynsla safngesta breytist frá því að vera einstaklingsbundin yfir í það að vera samskipti innan hóps. Hún segir að hægt sé að lýsa þessu ferli í fimm stigum samskipta á milli stofnunarinnar og safngestanna. Grunnurinn að öllum fimm stigunum er efni stofnunarinnar. Það sem breytist stöðugt er hins vegar hvernig gestirnir bregðast við efninu og hvernig það hjálpar þeim að tengjast öðru fólki félagslega.⁶⁷

⁶⁵ Simon, Nina. 2010. Chapter 1: Principles of Participation.

⁶⁶ Simon, Nina. 2010. Chapter 1: Principles of Participation.

⁶⁷ Simon, Nina. 2010. Chapter 1: Principles of Participation – mynd sömuleiðis úr sama kafla.

Vinna fúslega gefin

Hvert stig býður upp á sérstaka upplifun fyrir safngesti. *Fyrsta stigið* býður gestum upp á aðgang að efninu sem þeir koma á safnið til að upplifa. *Annað stig* býður upp á tækifæri til að fræðast og fyrir gestina til að bregðast við og spyrja spurninga. *Þriðja stig* gefur gestum færi á að sjá hvar áhugasvið þeirra og gjörðir falla saman við aðra safngesti á stofnuninni. *Fjórdá stig* gerir gestum kleift að tengjast tilteknum aðilum, svo sem starfsmönnum og öðrum gestum, sem hafa áhuga á efni þeirra og gjörðum. *Fimmta stigið* gerir alla stofnunina að einu samfélagslagi sem er full af stefnumótum við annað fólk. Fólk sem býður mögulega upp á áhugaverð og lífsaukandi samskipti sem geta verið full af áskorunum.⁶⁸

Simon skiptir félagslegri þátttöku safngesta út frá ofangreindum þrepum. Hún tekur fram að þau byggja hvert á öðru þannig að söfn geti ekki hannað sýningu með því að byggja einungis á síðustu þrepunum. Það verði að hafa undirstöðurnar traustar. Það má ætlast til þess að gera eigi allar sýningar út frá öllum þessum fimm stigum. Sérhvert stig miðlar ákveðinni reynslu til safngesta sem hentar fólki misjafnlega. Til að mynda eru margir einstaklingar sem eru fyllilega ánægðir með að vera einungis á því sem samsvarar fyrstu þremur þrepum ofangreindar flokkunar á meðan aðrir taka njóta sín best á efstu stiginum. Vegna þessa þá mælir Simon ekki með því söfnin reyni að búa eingöngu til sýningar byggðar á öllum fimm stiginum. Í dag eru flestar sýningar á söfnum á stigi eitt en mikilvægt er að hafa í huga að ef safn býður upp á sýningu, sem fellur undir flokka þrjú til fimm, þá getur safnheimsóknin orðið mikið magnaðari í huga margra safngesta.

Simon nefnir sem dæmi að söfn bjóða oft upp á miðlun af gerð fjögur og fimm með skipulögðum viðburðum eða leiðsögn starfsmanns eða sjálfboðaliða. Falli hins vegar viðburðurinn niður eða starfsmaðurinn mætir ekki á tilsettum tíma, þá verður ekkert úr þátttöku áhugasama safngestsins. Simon vill því leggja áherslu á hönnun sýninga sem bjóða sjálfvirkt upp á möguleikann á þátttöku safngestsins. Verkefni á þrepum þrjú og fjögur er hægt að hanna til að mynda í sögulegri byggingu. Þannig getur stig þrjú verið „kjóstu uppáhalds herbergið þitt“ þar sem safngestirnir geta stungið lituðum þrjónum á viðkomandi herbergi í uppdrætti af byggingunni. Stig fjögur væri aftur á móti verið samskipti safngesta við fólk með svipuð áhugamál þar sem merkingar hvettu safngesti til að hljóðrita, eða skrifa niður, og deila persónulegum minningum með ókunnugum.⁶⁹

Simon bendir á að með því að byggja upp sýningu eða kerfi sem ýtir undir samskipti safngesta þá er meiri möguleiki til þess að þeir leiti hver til annars eftir aðstoð og upplýsingum. Þegar þeim áfanga sé náð þá er möguleiki fyrir safnið að ná síðasta þrepi

⁶⁸ Simon, Nina. 2010. Chapter 1: Principles of Participation.

⁶⁹ Simon, Nina. 2010. Chapter 1: Principles of Participation.

Vinna fúslega gefin


félagslegu þátttökunnar þar sem safngestir eiga samskipti við ókunnuga og deila upplýsingum með hvor öðrum.⁷⁰

Sam dæmi tekur Simon hve glæsilega Nike fyrirtækið nýtir sér félagslega miðlun í Nike+ vöru sinni. Nike+ er hönnun sem byggir á því að skynjari í skó mæli hlaup skokkarans og sendi í iPod. Í sam stystu máli má segja að áðurnefnd þrep séu eftirfarandi:⁷¹

⁷⁰ Simon, Nina. 2010. Chapter 1: Principles of Participation.

⁷¹ Simon, Nina. 2010. Chapter 1: Principles of Participation. – Mynd sömuleiðis úr sama kafla.

Vinna fúslega gefin



Lokaorð Ninu Simon um Nike+ eru heillandi:

Það er alveg ótrúlegt hvað Nike gerði með þessa vöru sína. Fyrirtækið notaði hlaup sem er ekki byggt á tölvu, er frekar andfélagslegt, og sem fólk hefur stundum ímugust og ótta gagnvart, og gerði það að félagslegum leik sem er nýttur í gegnum tölvur. Það gerbreytti hvötinni að hlaupa frá því að vera einungis æfing upp í það að vera félagsleg samkeppni. Nike+ nýtti sér leiðir sem er ekki stjórnað af neinum, það er að segja stræti og slóðar sem notaðir eru af hlaupurum út um allan heim, og bjó til heillandi reynsluheim utan um varninginn. Úr því að fyrirtækið gat gert þetta með íþrótt sem þótti jafn óaðlaðandi þá ætti að vera auðvelt að gera svona fyrir menningarstofnanir.⁷²

Umfjöllun Simon um Nike+ veldur mér hins vegar nokkrum heilabrotum. Eru þátttakendur, það er að segja notendur búnaðarins, sjálfboðaliðar eða eru þeir ómeðvitaðir þátttakendur, nokkurs konar leiksoppar útsmogins stórfyrirtækis sem nýtir sér andvaraleysi íþróttamannanna? Ef við lítum á starf eða gjörðir hlauparanna út frá sjónarhorni safngests þá má ætla að hann taki þátt í verkefnum á safninu sér til ánægju. Hann er hins vegar meðvitaðari um að hann er að vinna með starfsmönnum safnsins og að vissu leyti í þágu þess þó þátttakan miðist að því að virkja sköpunargleði og ánægju hans. Samkvæmt þessu virðist meginmunurinn á þátttöku safngestsins og íþróttamannsins vera sá að Nike-fyrirtækið er komið lengra í vöru- og markaðsþróun sinni sem miðast að því að gera einstaklinginn þátttakanda í vörum og merki sínu heldur en söfnin sem eru ekki byrjuð að blanda sér jafn mikið í líf einstaklinga. Íþróttamaðurinn nýtir sér hins vegar meðvitað búnaðinn Nike+ og

⁷² Simon, Nina. 2010. Chapter 1: Principles of Participation.

fellur þannig að skilgreiningu Paines, Hills og Rochesters um að sjálfbóðaliði þurfi að taka meðvitaða ákvörðun um gjörðir sínar – jafnvel þótt að gagnaðilinn beiti útsmognum aðferðum til að fá hann til samstarfs. Þetta vekur að vísu upp spurningar um forsendur sjálfbóðaliðsvinnu einstaklingsins. Þarf hann alltaf að vera meðvitaður um að sú vinna sem að hann lætur af hendi sé skilgreind sem sjálfbóðin vinna og að annar aðili, hvort sem það er menningarstofnun eða kapitalískt einkafyrirtæki, nýti sér verknad hans sér og sínum hagsmunum til hagsbóta. Skiptir það annars nokkru máli? Ég mun koma aftur að þessari spurningu síðar í ritgerðinni.

Simon skiptir líka mismunandi þátttöku safngesta í verkefnum safna upp í fjóra flokka og eru þrír fyrstu þeirra aðlagðir úr rannsóknarverkefninu Public Participation in Scientific Research (PPSR) frá Center for Advancement of Informal Science Education (CAISE) við Cornell háskóla.⁷³

Fyrsti flokkurinn er innlagnarverkefni (e. *contributory projects*) þar sem gestum er boðið að leggja til takmarkaða og tilgreinda hluti, aðgerðir eða hugmyndir til verkefnis sem stofnunin stýrir. Algengt dæmi um þetta eru athugasemdakerfi og svæði þar sem gestir geta komið frásögnum á framfæri til safnsins.

Í samstarfsverkefnum (e. *collaborative projects*) er gestum boðið að vera virkir þátttakendur í sköpun verkefna sem stofnunin stýrir og hún á frumkvæði að. Simon bendir á verkefni *Top 40* og *Click!* sem dæmi um slík verkefni þar sem valkostir gesta mótuðu hönnun og innihald sýninganna.

Þriðji flokkurinn er samsköpunarverkefni (e. *co-creative projects*) þar sem meðlimir samfélagsins vinna frá upphafi samhliða starfsmönnum stofnunarinnar til að skapa verkefni eða sýningu sem byggir á markmiðum samfélagsins. Starfsmenn safnsins vinna náið með gestum við að nýta gripi safnsins til miðla markmiðum samfélagsins. *Glasgow Open Museum* er gott dæmi um stofnun sem verður til með þessum hætti.

Simon vill svo bæta við fjórða flokknum sem er aðstöðuverkefni (e. *hosted projects*) sem fela í sér að stofnanirnar leggja fram hluta af aðstöðu sinni og / eða safnkosti til verkefna sem þróuð eru og sett eru upp af sjálfbóðaliðshópum og einstökum gestum. Þetta gerist oft við bæði vísinda- og menningarstofnanir. Simon nefnir sem dæmi að oft fái jafn ólíkir hópar sem stjórnuskoðunarmenn og saumaklúbbar slíka aðstöðu. Forritarar geta nýtt sér veraldarvefinn til að fá aðgang að menningarskrám og vísindalegum upplýsingum til að vinna rannsóknir og úrvinnslu efnis. Leikjaáhugamenn geta líka fengið aðgang að stofnunum til að fara í

⁷³ Simon, Nina. 2010. Chapter 5: Defining Participation at Your Institution – The Participatory Museum.

Vinna fúslega gefin

fjölbreytta leiki. Svona verkefni gera þátttakendum kleyft að nota stofnanir til að uppfylla þarfir sínar með sem minnstum afskiptum viðkomandi stofnunar.

Öll þessi flokkun á mismunandi aðkomu gesta að þátttöku í menningarstofnunum fellur vel að greiningu Paines, Hills og Rochesters um sjálfboðaliða. Það má raunar velta því fyrir sér hvort þetta sé ekki einmitt sú greiningarlega hagnýting á óformlegu sjálfboðaliðsstarfi sem þau voru að rannsaka.

Simon leggur til viðbótar ofangreindum flokkum áherslu á að engin þessara aðferða sé betri en önnur því að í raun verði stjórnendur safnanna að meta hvort kenningin henti sinni stofnun miðað við leiðarljós hennar. Hún bætir því við að þannig skapist raunar tilvalið tækifæri til að kynnast leiðarljósi og markmiðum stofnunarinnar því orðalag þeirra getur í raun krafið safnið um að vera þátttökumiðaðra en verið hefur.

Til leiðbeiningar við mat á því hverjar þessara aðferða henti leggur hún til meðfylgjandi töflu sem safnamenn geta nýtt sér við mat á samstarfi við þátttakendur til að virkja safngesti og samfélag.⁷⁴

	Innlagnar- verkefni	Samstarfs- verkefni	Samsköpunar- verkefni	Aðstöðu- verkefni
Hvaða áherslur leggur stofnunin á samskipti í samfélagi?	Við leggjum áherslu á að hjálpa gestum okkar og hollvinum líður sem þátttakendum með stofnuninni.	Við leggjum áherslu á innilegt samstarf með áherslu á markmiðshópa.	Við leggjum áherslu á að styðja þarfir markmiðshópa sem hafa svipuð markmið og stofnunin.	Við leggjum áherslu á að meðlimir samfélagsins finni að þeir geti nýtt stofnunina í eigin þágu.
Hversu mikla stjórn vilt þú hafa yfir þátttökufæri og afurð?	Mikla. Við viljum að þátttakendur fylgi reglum okkar og gefi okkur það sem við förum fram á.	Starfsmenn stjórna ferlinu, en gjörðir þátttakenda stýra stefnu verkefnisins og lokaafurð.	Einhverja stjórnun. Markmið þátttakenda og helstu vinnuleiðir eru okkur jafnmikilvæg og starfsmannanna.	Ekki mikla. Svo lengi sem þátttakendur fylgja reglum okkar þá mega þeir framleiða það sem þeir vilja.
Hvernig sérðu fyrir þér tengsl stofnunarinnar við þátttakendur á meðan verkefninu stendur?	Þátttakendur verða við óskum stofnunarinnar um afurð og fylgja reglum hennar.	Stofnunin setur fram markmið verkefnisins og vinnuáætlun. Síðan vinna starfsmenn náið með	Stofnunin aðstoðar þátttakendur við að stýra verkefninu og styður við gjörðir þeirra og liðsinnir	Stofnunin setur þátttakendum reglur og færir þeim efniviðinn til vinnunnar en lætur þá að öðru leyti sjá

⁷⁴ Simon, Nina. 2010. Chapter 5: Defining Participation at Your Institution – The Participatory Museum.

Vinna fúslega gefin

		þátttakendum.	þeim.	um verkið.
Hverjir vilt þú að taki þátt og hvernig skuldbindingu viltu sjá hjá þátttakendum?	Við viljum sjá eins marga gesti og mögulegt er og tengjast þeim stuttlega á vettvangi safnsins eða á netinu.	Við gerum ráð fyrir að flestir komi gagnert til að taka þátt í verkefninu en þá má líka vera að einhverjir taki þátt sem eiga leið hjá.	Við viljum þátttakendur sem hafa áhuga og helga sig því markmiði að klára verkið.	Við viljum hvetja fólk sem er tilbúið til að stýra og hrinda í framkvæmd verkefni að eigin vali.
Hversu miklum tíma vilt þú verja til stýringar og samvinnu við þátttakendur?	Við getum stýrt því lítillega, líkt og þegar við höldum uppi gagnvirkri sýningu. Helst viljum við setja upp verkefni og láta það renna sitt ferli.	Við viljum stýra ferlinu en við setjum reglurnar fyrir samskiptin sem byggja á markmiðum okkar og getu.	Við gefum verkefninu eins mikinn tíma og þarf til að tryggja að þátttakendur geti náð markmiðum sínum.	Eins lítið og mögulegt er. Við viljum koma verkefninu af stað og láta ferlið renna áfram án afskipta.
Hvaða færni vilt þú sjá þátttakendur öðlast við að taka þátt í verkefninu?	Sköpun efnis, söfnun gagna eða að tjá sig um persónuleg mál. Nota tæknibúnað til að styðja við sköpun og miðlun.	Allt sem hjálpar til við verkefnið. Einnig getuna til að greina, stýra, hanna og skila af sér unnum verkefnum.	Allt sem stutt er af samstarfsverkefnum ásamt hugmyndavinnu, markmiðssetningu og getu til að meta einstaka þætti.	Ekkert sem stofnunin mun leggja sérstaka áherslu á nema kannski kynningu á áætlun og samskipti við gesti.
Hvaða markmið hefur þú um hvernig aðrir en þátttakendur skynji verkefnið?	Verkefnið hjálpar gestum að sjá sig sem mögulega þátttakendur og upplifa að stofnunin hafi áhuga á virkum samskiptum við þá.	Verkefnið hjálpar gestum að sjá stofnunina sem stað sem helgaður er því að styðja við og tengjast samfélaginu.	Verkefnið fær gesti til að skynja sem að stofnunin sé rekin af samfélaginu. Það dregur líka að fleiri gesti sem tengjast þátttakendum.	Verkefnið laðar að nýja gesti sem hugsanlega sjá ekki stofnunina eins þægilega og aðlaðandi stað fyrir sig. ⁷⁵

Þátttaka til menntunar

Menntunargildi þátttökuverkefni er heilmikið að mati Simon og fellur framsetning hennar vel að því sem rætt hefur verið um hér að framan um nám í gegnum sjálfboðaliðastarf. Þetta á sérstaklega við um færni í tengslum við sköpun efnis, samstarfi aðila og nýsköpun verkefna sem er með öðrum orðum gjarnan nefnt kunnátta 21. aldar eða læsi á hina nýju miðla. Margir

⁷⁵ Simon, Nina. 2010. Chapter 5: Defining Participation at Your Institution – The Participatory Museum.

Vinna fúslega gefin

telja þessa kunnáttu nauðsynlega fyrir fólk í fjölbjóðlegum heimi sem byggir á æ meiri samskiptum.

Þessi kunnátta felur í sér getuna til að:

- ▲ eiga samskipti og samstarf við fólk með ólíkum uppruna,
- ▲ vinna skapandi einn eða með öðrum,
- ▲ afla sér upplýsinga, meta þær og túlka,
- ▲ greina, aðlaga og miðla efni,
- ▲ vera fær um að nema að eigin frumkvæði,
- ▲ aðlagast fjölbreyttum hlutverkum, starfsábyrgð, áætlunum og innihaldi,
- ▲ sýna ábyrgð með hagsmuni heildarinnar í huga.

Þátttökumiðuð verkefni halpa safnagæstum að þróa þessa hæfileika ef þau hvetja þá til að:

- ▲ skapa sínar eigin sögur, hluti eða miðlunarverk,
- ▲ aðlaga og endurnýta efni stofnunarinnar til að skapa nýja muni og merkingu,
- ▲ taka þátt í samfélagslegum verkefnum við aðra safngæsti með mismunandi bakgrunn,
- ▲ taka að sér ábyrgð sem sjálfsboðaliðar, hvort sem það er í einni heimsókn eða yfir lengra tímabil.⁷⁶

Sumar stofnanir hafa tekið upp þátttökuverkefni vegna þess að markmið þeirra er að styðja við aukna kunnáttu safngæsta sinna en nám er ekki það eina sem getur gefið af sér til þátttakandans.⁷⁷

Bandaríski safnafræðarinn Mary Alexander nefnir til sögunnar að lifandi miðlun geti skipt miklu og að gestir og namar geti tekið þátt í miðluninni sjálfri til að upplifa hana. Þetta er sérstaklega vinsælt í útisöfnum og ber mikið þar á hlutverkaleikjum eða –leikritum. Starfsmenn eða sjálfsboðaliðar á vegum safnanna leggja sig fram um að læra vel um viðkomandi tímabil og haga sér síðan líkt og starfsmaðurinn væri uppi á þeim tíma. Hér fer miðlunin yfirleitt fram í fyrstu persónu og viðkomandi vinnur venjuleg störf þess tíma. Þannig gæti ‘bóndinn’ höggvið niður tré og bútað það niður í ásætlanlegar einingar með fleygum, ‘eiginkona’ hans drepur kannski hænsn, reitir og matreiðir. Á meðan þessu stendur ræða bæði við safngæsti um daglegt líf þessa tíma líkt og þau þekki ekkert annað. Stundum er gestir líka

⁷⁶ Simon, Nina. 2010. Chapter 5: Defining Participation at Your Institution – The Participatory Museum.

⁷⁷ Simon, Nina. 2010. Chapter 5: Defining Participation at Your Institution – The Participatory Museum.

fengnir með í miðlun efnisins og namar fengnir til að klæðast fötum frá viðkomandi tíma og gegna störfum líkt og aðrir starfsmenn.⁷⁸

Vinnugildi þátttakenda

Vinna gjöfgar manninn er gamalt máltæki og það má með sanni segja. Margar stofnanir bjóða gestum að starfa hjá sér við rannsóknir eða aðra vinnu. Slík verkefni hafa þrenns konar gildi:

- ▲ námsgildi því safnageturinn getur lært rannsóknaraðferðir eða skapandi störf,
- ▲ félagslegt gildi því safnagustinum finnst hann vera tengdari stofnuninni og treystir sér betur til að miðla til stofnunarinnar eða verkefnisins,
- ▲ vinnugildi þar sem gesturinn mun skapa afurð sem nýtist stofnuninni.⁷⁹

Simon bendir á að hafa beri í huga öll þessi þrjú gildi þegar sköpuð eru þátttökuverkefni innan safnsins en oft er það svo að starfsfólk safna einblínir um of á afköst sjálfböðavinnu við söfn og það umstang sem fer í að skapa og halda utan um þátttakendurna. Simon líkir þessu starfi við eldamennsku með átta ára barni. Það mun alltaf taka lengri tíma og vera erfiðara heldur en ef þú gerðir þetta aleinn. Hins vegar byggir þú upp samband þitt við barnið, styrkir vinnubrögð þess, kennir því örlítið um eldamennsku, vísindi og stærðfræði og síðast en ekki síst þá verður lokaafurðin kaka sem allir fá að njóta.⁸⁰

Stefnumiðuð áhrif þátttökumiðuðrar starfsemi

Margar stofnanir nýta sér ekki eingöngu þátttökumiðuð vinnubrögð til auka reynslu safngesta. Oft nýta safnstjórar, stjórnir stofnananna og vinnuteymi þau til að auka virði stofnunarinnar innan samfélagsins. Ímynd hennar getur þannig aukist innan nærsamfélagsins, auðvelað öflun fjárstuðnings og aflað nýrra samstarfsaðila. Slík áhersla stofnunar á þátttökumiðuð samskipti við meðlimi nærsamfélagsins getur haft mikilvæg áhrif á styrk og umsvif menningarstofnunar.

Sennilega er *Center of Science and Industry* (COSI) í Kólumbíu í Ohio fylki í Bandaríkjunum eitt gleggsta dæmið um þetta. Alvarlegar fjárhagskröggur blöstu við stofnuninni árið 2004 sem þótti utanveltu og skipta samfélagið litlu máli. David Chesebrough var þá ráðinn sem framkvæmdastjóri og hann setti af stað áætlun til að sýna samfélaginu fram á að stofnunin væri því mikils virði og góð fjárfesting. Hún fól í sér að stofnunin hóf viðtækt

⁷⁸ Alexander. 2008. 263.

⁷⁹ Simon, Nina. 2010. Chapter 5: Defining Participation at Your Institution – The Participatory Museum.

⁸⁰ Simon, Nina. 2010. Chapter 5: Defining Participation at Your Institution – The Participatory Museum.

Vinna fúslega gefin

samstarf við fjölda aðila í nærsamfélaginu og hleypti af stokkunum verkefni sem miðaði að því að styrkja tengslin við rannsóknarsamfélag Kólumbíu, fyrirtæki og skóla. Chesebrough hvatti sömuleiðis allt starfslíðið til að eiga bein samskipti við safngesti og íbúa borgarinnar á veraldarvefnum og í safninu. Fenginn var nýr starfskraftur til að styðja við þessi samskipti og fókusað var á að ná til fjölskyldna og táninga úr samfélagshópum sem höfðu hingað til lítið nýtt sér starfsemi stofnunarinnar. Eftirtektarvert er hvað Chesebrough studdi við og treysti starfsmönnum til að prófa nýjungar í stofnuninni og að nálgast samfélagið á sem fjölbreyttastan máta. Árangur breyttrar starfsemi lét ekki á sér standa og á árunum 2004 til 2009 jókst fjöldi þeirra sem gáfu meira en 150 dollara um rúmlega 24%. Fólk sem hafði aldrei tengst stofnunni áður hóf að leggja til hennar vinnu á borð við ráðgjöf í samfélagsmiðlum til þrifa í stofnuninni. Þrátt fyrir efnahagslægd á þessum tíma hélst stuðningur samfélagsins við stofnunina og stjórnmalamenn hömpuðu henni sem mikilvægri auðlind.⁸¹

Vinna starfsmanna COSI sýnir að þegar starfsmenn eru settir vel inn í markmið stofnunarinnar og finna að þeir njóta stuðnings yfirstjórnarinnar þá geta þeir nýtt sér þátttökumiðaðar aðferðir á hugmyndaáhrif hátt af miklu öryggi og færni sem þjónar stofnuninni, gestum og þeim sjálfum.

Annað atriði sem tengist stefnumiðaðri starfsemi er starf sjálfbodaliða í stjórnnum safna. Hlutverk sjálfbodaliða og annarra áhugamanna í stjórnnum safna hefur verið nærri órjúfanlegur þáttur í rekstri safna en nú hafa fagmenn æ oftar lýst yfir efasemdum um kosti slíkrar starfsemi. Mary Alexander er á meðal þeirra og spyr hvort áhugamönnum sé best treystandi til að hafa yfirsýn með og leggja mat á hvað sé best fyrir samfélagið þegar starfslíð safna verður æ menntaðra og faglegra. Hún bendir á að reglulega berist fréttir af því að safnstjórnar missi vinnuna vegna átaka við viðkomandi safnstjórn. Eðli þessara átaka fæst oft ekki upp gefið en með aukinni fagþekkingu safnastarfsmanna veltir hún þeirri spurningu upp hvort safnstjórnir sem séu eingöngu skipaðar sjálfbodaliðum hafa næga yfirsýn til að tryggja sem best hagsmuni safna.⁸²

Margot A. Wallace hefur líka skoðað þátt sjálfbodaliða í stjórn og rekstri stofnanna. Hún telur það líka hamla rekstri safna að stjórnir þeirra séu skipaðar áhugamönnum sem þjónuðu safninu einungis með þjónustu sinni og störfum við safnið og nauðsynlegt sé að koma á faglegru og betri stjórnun með atvinnumennsku í stjórnnum safna þar sem skipt sé

⁸¹ Simon, Nina. 2010. Chapter 5: Defining Participation at Your Institution – The Participatory Museum.

⁸² Alexander. 2008. 319.

Vinna fúslega gefin

reglulega um stjórnarmenn. Evrópubúar hafi áttað sig á þessu en nú fyrst nýlega hafi Bandaríkjamenn byrjað að fylgja í kjölfarið.⁸³

Hvað um áhrif sjálfboðinnar vinnu og bæði einstaklinga og hópa sem hana iðka á menningarstofnanirnar? Líkt og komið hefur fram eru til litlar upplýsingar um þessa starfsemi og áhrif hennar, bæði vegna ólíkra skilgreininga á fyrirbærinu og lítillar skráningar á hagtölum er starfseminar varðar. Þó er eitthvað til og rétt er að skoða það í næsta kafla.

⁸³ Wallace, Margot A.: *Museum Branding. How to Create and Maintain Image, Loyalty, and Support*. AltaMira Press, 2006. 22-23.

Kafli 3 – Áhrif sjálfboðaliða á menningarstofnanir

Nú þegar búið er að skilgreina hvað sjálfboðaliði er með þokkalegu móti er rétt að skoða örlítið nánar samband hans við menningarstofnanir. Víða um heim hafa verið stofnuð samtök sjálfboðaliða, bæði almenns eðlis og einnig öllu sérhæfðari samtök sem snúa eingöngu að sjálfboðaliðum í söfnum.

Samtök sjálfboðaliða

Sjálfboðaliðar hafa víða stofnað með sér samtök. Á sviði sjálfboðinnar starfsemi við söfn eru víðtækustu samtökin *Heimssamtök vina safna* og er rétt að geta þeirra sérstaklega.

Heimssamtök vina safnanna (HVS)

Heimssamtök vina safnanna (HVS) (e. *World Federation of Friends of Museums*) eru samtök „vina“ safna á heimsvísu. Þetta eru regnhlífasamtök margra smærri samtaka með höfuðstöðvar í Belgíu og markmið þeirra eru að:

- kynna og miðla hugmyndafræði Vina safnanna um allan heim. Auðgun safnkosts og varðveisla menningararfleifðar eru miðlæg í allri starfsemi HVS.
- HVS eru alþjóðleg samtök sem samanstanda af 18 landssamtökum, 27 aðilum í 21 landi og tveim milljónum einstaklinga út um allan heim.
- HVS telur að í gegnum opna og virka þátttöku í samfélaginu geti söfn best þjónað hagsmunum sínum.⁸⁴

Samtökin skilgreina vini safna sem sérhvern hóp sem ekki er rekinn í hagnaðarskyni til stuðnings safni eða söfnum. Safn skilgreina samtökin sem varanlega stofnun í þjónustu samfélagsins og þróun þess, sem er opin almenningi, safnar, varðveitir, rannsakar, miðlar og sýnir með því markmiði að rannsaka, fræða og njóta efnislegra ummerkja um fólk og umhverfi þeirra. Samtökin láta ekki staðar numið við vinasambönd við söfn heldur ná vinasamböndin líka til eftirfarandi stofnana:

⁸⁴ Heimasíða World Federation of Friends of Museums. www.museumfriends.com. Sótt 2.3. 2011.

Vinna fúslega gefin

1. Staðir og minnismerki sem tengjast söfnum vegna efnislegra ummerkja um fólk og umhverfi þeirra, það er að segja varðveislu, söfnun og miðlun þeirra. Hér er átt við náttúruleg og þjóðfræðileg minnismerki, fornleifar og viðkomandi staði. Einnig söguleg minnismerki og staði.
2. Stofnanir sem safnað hafa og sýna lifandi plöntur og dýr, svo sem dýra- og jurtagarðar, sædýrasöfn og álíka stofnanir.
3. Vísindamiðstöðvar og stjórnumskoðunarstöðvar.
4. Listasaliir sem ekki eru reknir í hagnaðarskyni, varðveislustofnanir og sýningarsaliir sem haldið úti af bóka- og skjalasöfnum.
5. Þjóðgarðar.
6. Alþjóðleg, þjóðar-, landshluta- eða svæðissafnafélög, ráðuneyti, umsýslusvið eða opinber samtök sem bera ábyrgð á söfnum.
7. Samtök eða stofnanir sem vinna ekki í hagnaðarskyni sem sjá um varðveislu, rannsóknir, fræðslu, þjálfun, skráningu og aðra starfsemi sem tengist söfnum og safnafræði.
8. Menningarmiðstöðvar og önnur fyrirbæri sem aðstoða við varðveislu, viðhald og stýringu á áþreifanlegum og óáþreifanlegum menningararfi (lifandi arfleifð og stafræn skapandi virkni).
9. Aðrar svipaðar stofnanir sem HVS telur að falli að skilgreiningu safns að öllu eða einhverju leyti. Sama á líka við um stofnanir sem styðja söfn við rannsókn á tónlist, fræðslu og þjálfun.⁸⁵

Það sem kannski skilur samtökin frá flestum öðrum álíka samtökum er að þau hafa undirritað samninga við ICOM og UNESCO og starfa með þessum samtökum líkt og sjá má á því hvernig samtökin beita sér til að reyna að framfylgja markmiðum sínum:

- Að sameina sístækkandi fjölda Vina safna í mismunandi löndum til ýta undir miðlun hugmynda og reynslu er snertir varðveislu menningararfs.
- Að ýta undir stofnun og þróun landssamtaka og félaga HVS um allan heim og styðja frumkvæði þeirra að styrkingu safna.

⁸⁵ Heimasíða World Federation of Friends of Museums. www.museumsfriends.com, sótt 2.3. 2011.

- Að styðja að sem öflugustum siðareglum á meðal hollvinum og sjálfbóðaliðum safna með því að styðjast við settar siðareglur HVS.
- Að miðla hugmyndafræði og hugsjónum HVS út um allan heim.
- Að hvetja til sambanda á milli safnamanna og sjálfbóðaliða, yngri kynslóðarinnar og hins almenna borgara.
- Að koma fram fyrir hönd HVS í þróun menningarsamstarfi við svipuð alþjóðleg samtök, sérstaklega ICOM og UNESCO.
- Að efla meðvitund almennings og stjórnvalda á starfsemi safna út um allan heim.⁸⁶

Meginumfjöllun kaflans er um áhrif sjálfbóðinnar vinnu á menningarstofnanir og rétt er því að skoða dæmi um slíka vinnu í Austurríki, Ítalíu og á Bretlandseyjum.

Sjálfbóðaliðar í einstökum löndum

Ætlunin var upphaflega að bera saman Evrópu og Bandaríkin en því miður var fljótt á litið litið um aðgengilegar aðgreindar tölulegar upplýsingar að finna um áhrif sjálfbóðaliða í Bandaríkjunum. Einnig eru skilgreiningar á eðli og hlutverki sjálfbóðastarfs oft á reiki líkt og komið hefur verið inn á hér að framan svo að ég kynni hér tölur frá Austurríki, Bretlandi og Ítalíu. Innan Bretlandseyja rak líka á fjörur mínar fróðlega skýrslu um áhrif sjálfbóðastarfsemi á söfn í Skotlandi og er mjög gagnlegt að kafa aðeins ofan í hana.

Austurríki

Mannfjöldi í landinu árið 2008 var 8,36 milljónir, atvinnuleysi var 4,2%, árið áður fluttu 12,9% til landsins og þátttaka í hefðbundinni eða óhefðbundinni menntun og þjálfun á aldrinum 25-64 ára var árið 2007 41%.

Af Austurríkisbúum sem eru eldri en 15 ára stunda 43,8 % einhvers konar sjálfbóðaliðsvinnu, sem gerir um 6,9 milljónir manna. Af þeim vinna 27,9% sjálfbóðaliðsvinnu með formlegu sniði en 27,1% óformlega svo sem nágrannahjálp.

Fólk á aldrinum 40-59 ára er sérstaklega virkt og vinna nærri 50% einhvers konar sjálfbóðaliðsstörf. Yngri sjálfbóðaliðar, það er að segja Austurríkisbúar á aldrinum 15-19, eru 43% og sama hlutfall er á meðal sjálfbóðaliða á aldrinum 60-69%.

⁸⁶ Heimasíða World Federation of Friends of Museums. www.museumsfriends.com/, sótt 2.3. 2011.

Vinna fúslega gefin

Vinsælustu sjálfboðaliðsstörfin eru umönnunarstörf, heilsugæsla, vinsæl félög og klúbbar og tónlistarstarf. Menningararfsiðnaðurinn er hins vegar hefðbundnari og skortir stuðningskerfi fyrir sjálfboðaliðastarf og því ber minna á þeim þætti á meðal safna og annarra menningararfsaðila.

Innan Austurríkis bera fylkin höfuðábyrgð á starfi stóru safnanna. Þau eru níu talsins og sérhvert þeirra hefur sitt eigið stuðningskerfi við menningararfinn eftir mismunandi reglum, virkni, skilningi á safnakerfinu og menningararfsiðnaðinum. Yfir 1800 safnastofnanir og sýningarsalir, hvort sem þau eru í einkaeigu eða opinberri, nýta sér sjálfboðaliða í töluverðum mæli og sums staðar er sjálfboðaliðastarfið jafnvel ómissandi þáttur í starfsemi þessara stofnanna.

Talning á fjölda eða áhrifum sjálfboðaliða er hins vegar vandkvæðum bundið því ekki eru til fullnægjandi hagrænar tölur fyrir austurrískar menningarstofnanir. Einungis voru 3.158 manns talin sem sjálfboðaliðar árið 2006 af *Österreichische Kulturstatistik*. Samantekt annarra mögulegra talna bendir til þess að þarna vanti á bilinu 10.000 til 12.000 sjálfboðaliða.

Um 80% fyrrgreindra stofnana hafa bæði stjórnendur og stjórnir skipaðar fólki í sjálfboðastarfi. Um helmingur safnanna með launuðu starfsfólki nýtur aðstoðar sjálfboðaliða, nokkur hafa skýra uppbyggingu á starfi sjálfboðaliða innan safnsins en hins vegar hafa fæst sérstaka umsjónaraðila með sjálfboðaliðum. Því teljast flestir sem vinna við fyrrnefndar menningarstofnanir sem óformlegir sjálfboðaliðar og hafa lauslegt utanumhald. Erfitt er að ná upplýsingum um hagræn áhrif þeirra og þeir fá lítinn stuðning og þjálfun.


Félagsmálaráðuneytið hóf úrbætur á óformlegu starfi sjálfboðaliða árið 2001 og árangurinn má til að mynda sjá í fylkinu Steiermark. Í fylkinu búa 1.183.000 manns, þar eru 270 menningarstofnanir sem innihalda opinber 168 svæðisbundin söfn og 96 eru einkarekin.

Þar sem nokkuð skortir á skráningu í tengslum við sjálfboðaliðastörf þá hefur verið komið upp gæðavottun. Frá 2001 hafa 28 söfn fengið slíka vottun og álíka mörg söfn hafa sambærilega gæðastaðla. Umrædd söfn þurfa ekki að hafa launaða starfsmenn. 80 söfn og svipaðar stofnanir (29%) hafa að minnsta kosti einn starfsmann. Einungis 11 stofnanir hafa fleiri en fimm starfsmenn, 211 stofnunum er stjórnað af sjálfboðaliðum og við 25 stofnanir eru með launaða starfsmenn en vinna markvisst með sjálfboðaliðum. Allt í allt vinna 2700 manns við söfn og eru 1100 þeirra eru við sjálfboðastörf við söfnin en þá eru ekki meðtalin vinasamtök og ýmis konar félagsskapur þar sem stuðningur þeirra er fyrst og fremst fjárhagslegur en liggur ekki í vinnuframlagi. Vinnutíma sjálfboðaliða er einungis hægt að

áætla þar sem ekki eru til samanteknar skráningar en varlega áætlað má búast við að þeir séu um 550.000 klukkutímar á ári.⁸⁷

Bretland

Samkvæmt MLA (Museums, Libraries, Archives) unnu hátt í 39.000 manns við menningarstofnanir í Bretlandi og þar af starfaði meirihlutinn eða 20.805 við sjálfbóðaliðastörf við söfn.⁸⁸



Fjöldi sjálfbóðaliða við breskar menningarstofnanir 2008-2009. Slóð:
http://www.mla.gov.uk/what/research/sector_statistics/volunteering_numbers. Sótt
12.03.2011

Skotland

Í Skotlandi kom í ljós að 20% fullorðinna höfðu tekið þátt í sjálfbóðastarfi í „clubs, charities, campaigns or organisations in an unpaid capacity“ 2007/2008. Af þeim störfuðu 16% við sjálfbóðastörf í menningargeiranum. Sé rýnt nánar í þessar tölur má sjá að 9% sjálfbóðaliða unnu við listir, tónlist, söng eða leiklist. Þá unnu 5% við menningararfstengda starfsemi svo sem verndun, varðveislu, fornleifauppgröft og sögufélag. 1,5% störfuðu við söfn, 1% við skjalasöfn og rétt rúmlega 0,5% við bókasöfn og listagallerí.

⁸⁷ *Volunteers in Museums and Cultural Heritage. A European Handbook*. Ritstj. Da Milano, Christina, Gibbs, Kirsten og Sani, Margherita. Lubljana : Slovenian Museum Association, 2009. 12-13.

⁸⁸ Heimasíða Museum, Libraries og Archives.
www.mla.gov.uk/what/research/sector_statistics/volunteering_numbers. Sótt 12.3.2011.

Athygliverðustu niðurstöðurnar eru þær helstar að aldurshóparnir 16-24 ára og 60-74 ára voru líklegastir til sjálfbóðaliðastarfa og þeir sem bjuggu í fámennustu byggðarlögunum voru það líka. Þátttakan í fámennu byggðarlögunum gæti bent til þess að fólk sem býr þar sé virkara í samfélaginu heldur en það sem býr á þéttbýlli svæðum.⁸⁹

Ítalía

Mannfjöldi í landinu árið 2008 var 60 milljónir, atvinnuleysi 6,9%, árið áður fluttu 9,4% til landsins og þátttaka í hefðbundinni eða óhefðbundinni menntun og þjálfun á aldrinum 25-64 ára var árið 2007 22%.

Sjálfbóðastörf voru lítið þekkt í Ítalíu fram á áttunda áratuginn en vegna þjóðfélagsbreytinga á áttunda áratugnum skapaðist grundvöllur fyrir sjálfbóðaliðssamtök (e. *non profit*). Þau eru nú talin til þriðja geirans (e. *third sector*) í hagkerfinu. Nýleg rannsókn sýnir að fjöldi sjálfbóðaliðasamtaka hefur aukist gríðarlega og var orðinn 21.000 í lok árs 2003 sem var 14,9% frá því 2001 og 152% sé miðað við árið 1995. Þessi samtök höfðu yfir að ráða 12.000 starfsmönnum og 826.000 sjálfbóðaliðum sem eru aukning upp á 77% starfsmanna og 71,4% sjálfbóðaliða.

Menningarneysla hefur aukist mikið í Ítalíu upp á síðkastið og sömuleiðis þörfin á betra samstarfi og skilningi á milli sjálfbóðaliðasamtaka annars vegar og safna og menningararfsiðnaðar hins vegar.

Samtök sjálfbóðaliða og hlutverk eru mismunandi. Það eru samtök sem eru talin saman í opinberu hagtölunum en svo eru líka sjálfbóðaliðar

Önnur samtök sem vinna líka með sjálfbóðaliða í menningargeiranum, opinberri þjónustu og stökum sjálfbóðaliðum en eru ekki talin með í opinberum hagtölum. Árið 2003 voru innan menningargeirans 2.500 slík samtök og höfðu þau 259.963 (57,3% karla og 46,4% konur) sjálfbóðaliða á sínum snærum. Sama ár sáu 52,7% þeirra sjálfbóðaliðum sínum fyrir þjálfun. Algengustu störf þessara samtaka voru að sjá um leiðsögn, herbergisgæslu, varðveislu og uppsetningu tónlista-, leiklista- og kvikmyndasýninga.⁹⁰

⁸⁹ *Cultural attendance and participation in Scotland based on the Scottish Household Survey* (Culture and Sport Module). Nóvember 2009. ISBN: 978-0-7559-7683 (Einungis á vef).

⁹⁰ *Volunteers in Museums and Cultural Heritage*. 2009. 14-15.

Áhrif sjálfbóðaliða á söfn í Skotlandi

Til að meta áhrif sjálfbóðaliða á safnastarf í Skotlandi fékk Museums Galleries Scotland (MGS) Lauru M. Baird og Lesley Greenaway til að framkvæma rannsókn á þessum þætti. Markmiðið var að afla upplýsinga um áhrif sjálfbóðaliðastarfsemi innan safnageirans í Skotlandi. Útvega átti beinharðar sannanir til að styðja við núverandi og ætlaðri vinnu sem Museum Galleries Scotland hefur unnið í tengslum við sjálfbóða. Einnig átti að meta hvernig sjálfbóðin vinna leggur sitt af mörkunum til markmiða skosku stjórnarinnar (e. *National Performance Framework*).

Rannsóknin fól í sér að spurningarkönnun var send til allra 210 meðlima MGS í janúar og febrúar 2009. Alls svöruðu 84 könnuninni sem er um 40% svörun. Vinnustofur og ítarlegri rannsóknir voru unnar á átta söfnum í febrúar og mars 2009 til að greina betur áhrif sjálfbóðinnar vinnu á lykilhópa og til að átta sig á mikilvægustu atriðum í stjórnun sjálfbóðastarfs. Notast var við Volunteering Impact Assessment Toolkit sem unnin var af Institute for Volunteering Research, 2004, til að móta rannsóknarleiðir en þessi rannsóknaraðferð veitir öflugna leið til að mæla áhrif sjálfbóðaliða á auðmagn lykilhópa sem eru: líkamlegt, mannlegt, hagrænt, félagslegt og menningarlegt auðmagn.⁹¹

Nánari markmið rannsóknarinnar voru eftirfarandi:

- Að rannsaka
 - hlutverk og áhrif sjálfbóðaliða í söfnum,
 - heildaráhrif sjálfbóðastarfsemi á vinnuaflið,
 - áhrif sjálfbóðastarfs á einstaklinga og samfélög.
- Byggja upp lýðfræðilega lýsingu á sjálfbóðaliðum í skoskum söfnum.
- Setja fram vísbendingar um efnahagslegt og félagslegt verðmæti sjálfbóðavinnu.⁹²

Alls tóku 84 félagar í Museums Galleries Scotland þátt í könnuninni sem er um 40% meðlima. Þessi söfn hafa innan sinna vébanda 2.515 sjálfbóðaliða. Skýrsluhöfundar vara þó við að alhæfa um of frá niðurstöðum skýrslunnar og að mikilvægt sé að gera sér ljóst að niðurstöðurnar eiga fyrst og fremst við um viðkomandi söfn.⁹³

⁹¹ Baird, Laura M. og Greenaway, Lesley: *Volunteering in Museums. A research study into volunteering within museums*. Skýrsla unnin fyrir Museums Galleries Scotland af L. M. Baird. 3.

⁹² Baird og Greenaway. 2009. 3.

⁹³ Baird og Greenaway. 2009. 3.

Hlutverk og áhrif sjálfbóðaliða í söfnum

Niðurstöður rannsóknarinnar voru þær helstar að:

- Sjálfbóðaliðar störfuðu við 90% safnanna sem svöruðu.
- Sjálfbóðaliðar sjá alfarið um starfsemi nærri fjórðungs safnanna.
- Sjálfbóðaliðar tengjast öllum þáttum:
 - Umsjón og stjórn svæðis / umsjón með safnagæstum.
 - Sýningarstjórn.
 - Fræðslu- og miðlunarstörf.
 - Stuðningur við samtök.
- Sjálfbóðaliðar bera ábyrgð á samhæfingu og skráningu annara sjálfbóðaliða þar sem einnig er fyrir launað starfslið.

Eftirfarandi fjórar tölur eiga saman við fjölda vinnutíma hjá sjálfbóðaliðunum sem taldir voru í skýrslunni:

- Sjálfbóðar vinna 21.156 klukkutíma í meðalmánuði yfir háannatímamann.
- Sjálfbóðar vinna 16.581 klukkutíma í meðalmánuði yfir rólegu mánuðina.
- Ímyndað efnahagslegt verðmæti sjálfbóðaliðastarfs í meðalmánuði yfir háannatímamann er 296.776 sterlingspund.
- Ímyndað efnahagslegt verðmæti sjálfbóðaliðastarfs í meðalmánuði yfir lágannatímamann er 232.598 sterlingspund.⁹⁴

Þetta er umtalsverð upphæð en efnahagslegur hagnaður er þó ekki það sem græðist mest á starfi sjálfbóðaliðanna að mati skýrsluhöfunda:

- Sjálfbóðin vinna hefur mest að segja á líkamlegt og hagrænt auðmagn safna og starfsfólks.
- Fyrir tengiliði samfélags gefur sjálfbóðaliðinn mest í líkamlegt og félagslegt auðmagn.
- Fyrir sjálfbóðaliðana sjálfa þá hefur sjálfbóðna starfið hins vegar mest áhrif á mannlegt og félagslegt auðmagn.⁹⁵

⁹⁴ Baird og Greenaway. 2009. 3.

⁹⁵ Baird og Greenaway. 2009. 4.

Það er athyglivert að í þeim söfnum sem rannsökuð voru kemur menningarlegt auðmagn ekki upp sem einn af þáttunum sem græðir mest á sjálfböðnu starfi. Almennt virðist sem að samskipti og starfskraftar sjálfböðanna séu með sterkustu þáttunum.

Áhrif sjálfböðastarfsemi á þróun vinnuaflsins

Skoðuð voru líka áhrif sjálfböðastarfsemi á vinnuaflid. Þar kom í ljós að:

- Stærsti kosturinn við sjálfböða í söfnum er sá að þeir auka starfsgetu stofnunarinnar til mikilla muna.
- Sjálfböðaliðar hafa oft verið álitnir sem „fritt“ vinnuafl en því fylgir kostnaður að vinna með sjálfböða svo sem tími af hálfu starfsliðs, þjálfun sjálfböðans, greiðslur vegna tilfallins kostnaðar, þjálfun og stuðningur fyrir bæði stjórnendur sjálfböðaliðanna hvort sem stjórnandinn kemur úr röðum starfsmanna eða sjálfböða. Einnig er kostnaður vegna innleiðingar á og þróunar við stuðningsfyrirkomulagi við sjálfböðaliðana.
- Sjálfböðaliðarnir koma með mikla þekkingu og hæfileika til safnsins er snerta sögu nærsamfélagsins og iðnaðarins. Aldursgreining sjálfböðanna sýnir að þeir eru flestir eldra fólk og komið á eftirlaunaaldur. Töluverðrar skipulagningar þarf því við til að tryggja stöðuga endurnýjun sjálfböðaliða og til að tryggja að hæfileikar og þekking þeirra sem eldri eru hverfi ekki með þeim heldur sé miðlað áfram til nýrra sjálfböða.
- Sjálfböðastarf er í stöðugri þróun í söfnunum samkvæmt gefnum og viðeigandi stjórnunaraðferðum og venjum því að starfsemi sjálfböðaliðanna þarf að máta við og aðlaga hverju og einu safni.⁹⁶

Ég verð að viðurkenna að mér kom síðasta atriðið einna helst á óvart. Að vísu er sjálfgefið að ef mjög mikill munur er á söfnum, stærð þeirra og starfssviði, þá mun eðli sjálfböðastarfsins endurspegla þennan mun. Skýrslan sýndi ekki nákvæmlega uppbyggingu safnanna og vissulega er úrtakið tiltölulega rýrt svo að mark sé á takandi. Ef ég dirfist að alhæfa og heimfæra þessa niðurstöður yfir íslenskar menningarstofnanir, sem eru flestar litlar, á flesta mælikvarða (rekstrarfé, starfsmannafjölda, gestafjöldi og svo framvegis) þá mun fara þó nokkur tími og kostnaður í að virkja og nýta sér sjálfböðaliða. Að öllum líkindum þarf að sniða starfsemi sjálfböðanna að hverju og einu safni og sennilega útheimtir það þó nokkra vinnu.

⁹⁶ Baird og Greenaway. 2009. 4.

Áhrif sjálfboðastarfsemi á einstaklinga og samfélög

Skýrsluhöfundar mátu líka áhrif sjálfboðinnar vinnu á þessa hópa og komust að því að:

- Sjálfboðaliðar mátu það mikilvægast að fá tilfinninguna fyrir því að geta gert eitthvað nýtsamlegt. Þetta var sérstaklega mikilvægt fyrir eldri sjálfboðana.
- Sjálfboðin vinna býður upp á tækifæri fyrir þróun starfskunnáttu sem er sérstaklega mikilvægt þeim sem vilja auka möguleika sína á að fá launaða vinnu innan sem utan safnageirans.
- Söfn og sjálfboðar verða menningarlegir miðdeplar fyrir nærsamfélagið.⁹⁷

Í þessum upplýsingum er kannski ekki mikið sem kemur á óvart þar sem meirihluti sjálfboða í skosku söfnunum voru komnir á eftirlaunaaldur. Þó sést að þarna er hópur sem er að reyna að auka möguleika sína á að fá launuð störf en merkilegust finnst mér samfélagslegu áhrif sem felast í menningarlega fókusnum. Ég túlka þetta þannig að þegar sjálfboðaliðarnir halda út frá vinnustað að loknum sjálfboðaliðsdegi þá gegna þeir áfram menningarlegum áhrifum sínum nema hvað að menningarlegt vægi þeirra eða auðmagn hefur aukist og þeir geta deilt því á meðal samfélagsins. Nokkuð sem kemur bæði safni og menningu svæðisins til góða.

Lýðfræðileg lýsing á sjálfboðaliða

Ef rýnt er nánar í kynjaskiptingu og hvernig aldurssamsetning sjálfboðanna var þá má sjá að:

- Það eru örlítið fleiri karlkyns sjálfboðaliðar (53%) en konur (47%) hjá söfnunum sem svöruðu könnuninni.
- Flestir sjálfboðaliðanna í viðkomandi söfnum voru 55 ára og eldri og komnir á eftirlaunaaldur.
- Flestir sjálfboðanna eru hvítir á hörund og frá Bretlandseyjum.⁹⁸

Fátt sem kemur á óvart hér nema helst jafnt hlutfall kynjanna og með í við fleiri karlmönnum. Gerðir safnanna sem svöruðu könnuninni getur haft mikið um þetta að segja. Fjöldi sjálfboðaliða innan safna, sem eru hvítir á hörund umfram aðra kynþætti, er ekki heldur nein nýlunda, því miður.

⁹⁷ Baird og Greenaway. 2009. 4.

⁹⁸ Baird og Greenaway. 2009. 4.

Stjórnun sjálfboðaliðastarfs á söfnum

Paine, Hill og Rochester fjalla lítillega um stjórnun sjálfboða og áherslur á þá hlið sjálfboðinnar vinnu. Það er ljóst að til þess að sjálfboðaliðar nái vel saman og séu sáttir innan veggja safnsins þarf umsjón með starfi þeirra að vera góð. Þetta á ekki síður við um stjórnendur safnsins því annars er hættu á að lítið verði úr áframhaldandi starfsemi sjálfboðaliðanna þar á bæ. Niðurstöður Skotanna voru helstar:

- Launað starfsfólk styður við sjálfboðaliðana, sem hluta af öðru starfi sínu, hjá 57% safnanna sem svöruðu.
- Einungis 3% safnanna hefur stöðugildi sem eingöngu er ætlað að sjá um sjálfboðaliða.
- Ólaunaða leiðtoga á meðal sjálfboðanna má finna hjá óháðum umsjónarfélögum og sumum svæðisbundnum söfnum sem rekin eru af yfirvöldum.
- 52% safnanna höfðu sett sér stefnu í málefnum sjálfboðaliða.
- Sjálfboðarnir fengu þjálfun hjá 86% safnanna.
- Kostnaður sjálfboðaliðanna sjálfra var greiddur á 61% safna.
- Af söfnum sem svöruðu höfðu 14% hlotið þjálfun í mannauðsstjórnun starfsliðs og sjálfboðaliða.⁹⁹
- Þjálfun og stuðningur fyrir sjálfboða var yfirleitt frekar óformlegur.
- Þjálfun og stuðningur fyrir launaða starfsmenn sem unnu með sjálfboðum var sömuleiðis óformlegur.
- Greiðslufyrirkomulag til sjálfboðaliða vegna áfallins kostnaðar þeirra lýtur engu samræmi hjá söfnunum.
- Ekkert safnanna sem svöruðu könnuninni hafði hlotið viðurkenningu fyrir sjálfboðaliðastarf sem nefndist „Investing in Volunteers award“.¹⁰⁰

Af því sem hér kemur fram lítur út fyrir að mikil vinna sé óunnin í að innleiða góða starfshætti og umsjón með sjálfboðum. Þetta er reyndar svipað og ég hef lesið annars staðar. Hins vegar kom mér það fyrst á óvart að sjá að 60% safnanna virtist vera með launað starfsfólk til að sjá um sjálfboðaliða því að samkæmt upplýsingunum hér að framan þá kom

⁹⁹ Baird og Greenaway. 2009. 4.

¹⁰⁰ Baird og Greenaway. 2009. 5.

Vinna fúslega gefin

fram að sjálfboðarnir sjálfir sæu um skráningu annarra sjálfboða auk þess að sjá um samhæfingu þeirra. Úr því að svo er þá virðist sem að þar sem launaðir starfsmenn sjá mikið til um stjórnun sjálfboðaliðastarfa þá bendir þetta til þess að sjálfboðaliðar séu líka valdir þeim til aðstoðar.

Lokaniðurstöður skosku könnunarinnar

Í samantekt sinni í lokin komust skýrsluhöfundar að þeirri niðurstöðu að sannanir séu fyrir því að sjálfboðaliðar sem störfuðu við skosku söfnin sem tóku þátt í könnuninni hafi haft mikil áhrif á grundvallarþætti safnastarfsins sem voru til rannsóknar. Ennfremur hafi þeir með þátttöku sinni skapað bæði efnahagslegt og félagslegt verðmæti. Af öðrum niðurstöðum voru þessar helstar:

- Sjálfboðaliðar hafa mikilvægu hlutverki að gegna við miðlun þjónustu safna vegna áherslna sinna við að vernda og þróa sögulega og menningarlega arfleifð fyrir síðari kynslóðir.
- Sjálfboðar taka þátt í stefnumiðuðum, stjórnunar- og framkvæmdasviðum safna. Þeir sjá um og leiðbeina samtökum í gegnum þátttöku sína í framkvæmdanefndum safna. Þeir sjá um öll megin framkvæmdasvið skosku safnanna með því að gefa tíma sinn, hæfileika og þekkingu, og hafa þannig stóraukið afkastagetu safnsins. Sjálfboðaliðar aðstoða safnið við að tengjast nærsamfélaginu betur.
- Sjálfboðaliðar bera ábyrgð á stjórnun og samhæfingu annarra sjálfboðaliða.
- Þrátt fyrir að sjálfboðaliðar séu stundum álitnir ódýrt vinnuafl fyrir söfnin þá verður að styðja og hlúa að þessar auðlind. Stuðningur við sjálfboða felur eftirfarandi í sér:
 - Tíma af hendi starfslíðs. Sjálfboðar þarfnast upplýsinga frá samveru með öðrum starfsmönnum sem líta eftir starfi þeirra og veita þeim stuðning. Ekki síst vegna félagslega þáttarins.
 - Stýring sjálfboðinna starfa er góð venja. Ummerki eru um innan safnageirans að verið sé að stíga skref til ítarlegri skipulagningar á sjálfboðastarfinu. Meirihluti safnanna í könnuninni var með stefnu í málefnum sjálfboðaliða sem er nauðsynlegur grunnur að annarri stefnuvinnu og stjórnun. Fleiri söfn eru að undirbúa slíka stefnumótun. Hins vegar virðist svo vera að óformleg starfsmenning safnanna sé frekar styrkur þeirra en hitt. Því er ráðlegt að

Vinna fúslega gefin

formlegri stjórnun sjálfboðastarfans sé haldið í lágmarki. Lágmark er þó að hafa stefnu í málum sjálfboða, kynningu á starfi og þjálfun fyrir starfann. Þjálfun vegna heilbrigðis- og öryggismála. Skýr stefna þarf að vera um greiðslur vegna útlagðs kostnaðar og þegar leitað er ráða hjá sjálfboðum og aðkomu þeirra að ákvörðunartöku. Sérhvert safn þarf að ræða þessi mál innan sinna raða og ákveða hversu langt það er reiðubúið að ganga.

- Stjórnun sjálfboða krefst þjálfunar og náms. Starfsliðið er að læra þessa hluti við vinnu sína. Nýlega var farið að koma upp tengslaneti stjórnenda sjálfboðaliða á Bretlandseyjum og ætti það að koma að gagni við nám og fræðslu í þessum málum. Vegna þess hve margir sjálfboðaliðar sjá um stjórnun félaga sinna er því einnig nauðsynlegt að þeir geti bundist samtökum við jafningja sína til að ráðskast um þessi mál. Landssamtök sjálfboðaliðsmiðstöðva getur einnig boðið upp á ráðgjöf, þjálfun og stuðning hvað varðar alla stjórnun sjálfboðaliða. Þessi rannsókn bendir til þess að hugsanlega sé rétt að nýta sér betur þessi samtök. Starfsfólk safna verður að geta boðið sjálfboðaliðum og námsmönnum upp á góða reynslu í samræmi við væntingar sjálfboðaliðans. Starfsliðið þarf því að kunna að ráða sjálfboðaliða, velja úr þá hæfustu og stýra þeim um leið og krafa er gerð til kostnaðar af hálfu safnsins.
- Endurnýjun sjálfboðaliða er mikilvægt atriði þar sem stór hluti þeirra samanstendur af einstaklingum á eftirlaunaaldri. Það er mikilvægt fyrir safnageirann að þekking þeirra og færni glattist ekki.¹⁰¹ Skipulagning eftirmanna eldri sjálfboðaliða er framtíðarstarfi safna ákaflega mikilvæg, svo ekki sé talað um þau söfn sem eingöngu eru rekin af sjálfboðaliðum. Kennsla nýrra sjálfboða af reyndari kollegum þeirra getur tryggt að þekking þeirra viðhaldist. Skammtímastörf námsmanna bjóða upp á tækifæri fyrir skammtíma verkefni og til að þeir fái starfsreynslu innan safnanna. Hins vegar er þörf á föstum kjarna sjálfboðaaðila sem geta unnið reglulega og yfir lengri tíma.
- Fólk sem er á vinnualdri á kost á því að auka möguleika á að fá vinnu með eftir að hafa gegnt sjálfboðastarfi eftir að hafa þróað með sér aukna hæfileika og

¹⁰¹ Baird og Greenaway. 2009. 5.

Vinna fúslega gefin

persónulegan þroska. Dæmi eru um að sjálfbóðaliðar hjá söfnum hafi fengið fastráðningu innan sem utan safnageirans eftir slíka vinnu.

- Sjálfbóðar á ellilaunaaldri eiga þess kost að halda áfram að vera virkir samfélagsþegnar, viðhalda hæfileikum og þekkingu og um leið læra eitthvað nýtt.
- Sjálfbóðin störf hafa sterk áhrif á myndun líkamlegs, félagslegs og menningarlegs auðmagns fyrir samfélögin. Söfnin og sjálfbóðaliðar þeirra eru miðdeplar menningar fyrir nærsamfélagið.
- Sjálfbóðaliðar framleiða heilmikil hagræn verðmæti. Má nærri geta út frá rannsókninni að verðmæti starfa þeirra sé næstum því 300.000 sterlingspund að meðaltali á háannatíma og nærri 250.000 sterlingspund á venjulegum mánuði á lágannatíma.¹⁰²

Áhugavert er að skoða þessa niðurstöðu höfunda skosku rannsóknarinnar. Þeir leggja áherslu á að ekki megi meta mikilvægi sjálfbóðinna starfa út frá peningum einum saman. Það verður að meta áhrif starfans og hugmyndafræðinnar út frá fleiri hliðum og hvað þetta varðar fellur rannsókn þeirra vel að umfjöllun Paines, Hills og Rochesters um sjálfbóðaliðann. Fróðlegt er að sjá hve miklum tíma þeir verja í að fjalla um að ekki megi meta sjálfbóðann sem ódýrt vinnuafl heldur verði að átta sig á því að kostnaður og umhyggja fylgi slíku hugsjónastarfi. Ekki síður er athyglivert að sjá hvernig þeir vara við því að gera söfnin að of formlegri stofnun sem geri vinnufyrirkomulag sjálfbóðna starfsins of niðurnjörfað. Óformlegheitin segja skýrsluhöfnundar að virðist vera eitt af því sem laðar fólk að sjálfbóðavinnu við þau. Þetta viðhorf er þó umdeilt líkt og við munum sjá síðar.

Það er eitt að meta sjálfbóðaliða sem ódýrt vinnuafl og annað að meta þá sem óhæft vinnuafl. Það kom mér á óvart að kynnast því viðhorfi að sjálfbóðaliðar ættu að undirgangast strangt umsóknar- og matsferli af hálfu stofnunarinnar sem þeir sæktu um vinnu hjá. Markaðsfræðingurinn Margot Wallace heldur þessu meðal annars fram og gagnlegt er að skoða viðhorf hennar sem að mörgu leyti stangast á við þarfir sjálfbóðanna sem nefndar hafa verið hér á undan.

¹⁰² Baird og Greenaway. 2009. 63-65.

Sjálfbóðaliðar í rekstri menningarstofnana

Margot Wallace bendir á að í Bandaríkjunum séu sjálfbóðaliðar gjarnan andlit safnsins út á við. Þeir taka gjarnan á móti safngestum, útskýri fyrir þeim tilgang sýningarinnar og svari hverri spurningu. Því sé mikilvægt að ráða, þjálfar og halda í góða sjálfbóðaliða.¹⁰³

Hvernig eru sjálfbóðaliðar fundnir? Er beðið við afgreiðsluborðið þar til fólk nálgast það hikandi og spyrjandi hvort kannski mögulega megi vinna frítt við stofnunina? Góð leið til að afla sjálfbóðaliða og byggja upp framtíðarsambönd er með samstarfi við nemendur háskóla og framhaldsskóla.¹⁰⁴

Margot Wallace ítrekar mikilvægi þess að komast að raun um einlægni og vilja sjálfbóðaliðans til starfans vegna anna starfsliðs safnsins.¹⁰⁵ Hún leggur þannig áherslu á að það fái ekki hver sem er að vinna sjálfbóðastarf við safnið. Það græði ekkert á því að hafa einstakling innan sinna raða sem ekki samsami sig við stefnu þess og hafi brennandi áhuga á starfseminni. Wallace er hörð á því að vanda skuli valið á sjálfbóðaliðum. Því þurfi umsóknareyðublað til starfans að vera mjög ítarlegt til að kanna vilja þeirra en um leið leggur hún áherslu á að umsóknareyðublaðinu skuli ætlað að opna á samræður við sjálfbóðaliðann og vekja virðingu hans fyrir og áhuga á safnastarfinu. Spurningaflóðið sé ekki illgresiseyðing heldur sáningarferli þar sem frægum safnaáhuga er sáð með von um góða uppskeru.¹⁰⁶

Wallace lætur ekki nægja að ýta ítarlegu umsóknareyðublaði að sjálfbóðaliðanum til að fækka í umsóknarbunkanum heldur vill hún líka krefja þá um aðild að hollvinasamtökum til að tryggja mótframlag á móti kostnaði við starf sjálfbóðaliðans. Þetta getur hjálpað til við að fækka enn frekar í hópi sjálfbóðaliða. Nú ættu bara að vera eftir einbeittir sjálfbóðaliðar sem starfslið safnsins getur verið öruggt um að tíma sínum til þjálfunar sé vel varið. Wallace segir að sjálfbóðaliðarnir þurfi að finna að þeir séu virkilega að leggja eitthvað af mörkum til stofnunarinnar. Þeir eigi líka að fá bónusa svo sem afslætti í bílastæðum og gjafaverslun stofnunarinnar.¹⁰⁷

Þjálfun sjálfbóðaliðans er ákaflega mikilvæg og Margot Wallace segir að þjálfun hans geti tekið allt frá þremur helgum til eins árs. Þetta sé meðal annars tækifæri fyrir markaðsfræðinginn því þarna sé mikilvægt að koma að góðri kynningu á gildum safnsins. Upphafsjálfun sjálfbóðans er sömuleiðis ekki eina þjálfunin sem hann fær heldur er mikilvægt að halda honum í stöðugri endurþjálfun með námskeiðum, fyrirlestrum og greinum

¹⁰³ Wallace. 2006. 33.

¹⁰⁴ Wallace. 2006. 161-162, 171.

¹⁰⁵ Wallace. 2006. 33-34.

¹⁰⁶ Wallace. 2006. 34-35.

¹⁰⁷ Wallace. 2006. 35.

sem hægt er að dreifa til sjálfboðans. Samfylgd sjálfboðaliða og starfsmanna safnsins er líka mikilvæg að mati Wallace. Þannig læri þeir af því hvernig starfsmaður ber sig að auk þess að skerpa hæfni viðkomandi starfsmanns. Wallace mælist líka til þess að sjálfboðaliðar séu hvattir til að þjálfa sig upp með því að kynna safnið fyrir vinum sínum. Þetta auki sjálfstraust hans og geti líka byggt upp tengsl safnsins við vin hans.¹⁰⁸

Wallace varar við því að einstaka sjálfboðaliðar geti haft sín eigin markmið og til að mynda dreift út efni sem ætlað er að vekja athygli á þeim sjálfum. Ef um slíkt er að ræða getur þurft að reka þá, einnig ef um vanhæfni eða óhóflegar fjarvistir er að ræða. Mörg söfn hafa þó endurbjálfun við lok hvers starfsárs svo að hægt sé að lagfæra það sem þarf hjá viðkomandi sjálfboðaliðum.¹⁰⁹

Margot Wallace ítrekar mikilvægi þess að komast að raun um einlægni og vilja þeirra sem sækja um að gerast sjálfboðaliðar vegna anna starfsliðs safnsins. Tíma þeirra megi ekki eyða til ónýtis. Ef viðkomandi telst ekki ásættanlegur sjálfboðaliði vegna þess að hann sé nægjanlega áhugasamur eða af öðrum orsökum þá er hins vegar gott að byggja upp gagnagrunn þar sem haldið er utan um upplýsingar um slíka umsækjendur því þeir geti síðar orðið hollvinir safnsins eða styrktaraðilar. Lykilatriði Wallace er að sjálfboðaliðarnir koma til með að verða merkisberar safnsins út á við og því megi bara velja þá bestu.¹¹⁰

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir tengslum sjálfboðaliða við markaðssetningu að mati Wallace. Þeir eru ekki bara meðlimir hollvinasamtaka heldur líka safngestir og mun líklegri en flestir til að draga að vini sína og ættingja. Það verði líka að gæta þess að áminna þá reglulega um hvað safnið stendur fyrir.¹¹¹

Wallace helgar félagsaðild að hollvinasamtökum heilan kafla í bók sinni um markaðssetningu safna, *Museum Branding: How to Create and Maintain Image, Loyalty, and Support*. Hún segir það tvennt ólíkt fyrir söfnin að fá hollvini og að halda þeim til langs tíma. Til að fá vini þá þurfi að sannfæra og selja. Til að halda hollvinunum þá þarftu hins vegar að minna stöðugt á gildi safnsins. Safnið vill hafa góða hollvini sem eru því tryggir fylgifiskar. Það þarf því stöðugt að auglýsa inn á þennan markaðshóp samhliða annarri markaðssetningu. Til að finna aðila sem er efnilegir hollvinir bendir Wallace á fólk sem kemur á nokkra viðburði hjá stofnuninni á ári, hafa tekið þátt í starfi annarra menningarstofnana, eiga börn sem hafa komið á vegum skóla í safnið, kaupa gjafavöru hjá safninu og borða í mötuneyti

¹⁰⁸ Wallace. 2006. 35-36.

¹⁰⁹ Wallace. 2006. 40.

¹¹⁰ Wallace. 2006. 33-34.

¹¹¹ Wallace. 2006. 39.

Vinna fúslega gefin

Þess og síðast en ekki síst þá bregðast þau við boðskortum safninu eða í það minnsta svara bréfum frá því.¹¹²

Það er ljóst að það er mikilvægt fyrir menningarstofnanir að afla sér hollvina, en hvernig á að bera sig að við það? Wallace mælir með því að ráða aðstoð sérhæfðra fyrirtækja. Hins vegar má líka höfða til fyrirtækja svo þau geti boðið starfsmönnum sínum félagsaðild. Slíkt hefur notið ánægju á meðal margra fyrirtækja enda getur það aukið mórál og fjölbreytilega hvatningu fyrir starfsmenn. Mannauðsstjórnunardeildir fyrirtækja eru líka hrifnar af safnastarfi því það er oft tengt „gæðum“. Þá hefur söfnum líka gefist vel að mæta á vinnustaði með kynningu á meðan matartíma stendur. Þeir sem leggja á sig að eyða matartíma í slíka kynningu eru strax að leggja ákveðið mikið á sig og eru góðir kandidatar í hollvinaaðild. Síðan er um að gera að skilja eftir tilboð, bæklinga og fleira. Óþarfi er að pressa á hollvinaaðild að svo komnu máli, þó bjóða megi upp á áskriftarlista, því ferlið hefur hafist og þekking og trúmennska mun aukast upp frá þessi.¹¹³

Hvar eru tækifærin til að vinna inn hollvini? Hvar eru þessir óplægðu aktrar sem söfnin þurfa að sá fræjum áhuga og síðan vinskapar? Wallace segir skrifstofufólk einungis vera eitt af mörgum tækifærum, með ímyndunaraflinu megi grafa upp verðandi hollvini (og þátttakendur) nánast hvar sem er. Sumarstarfsmenn er vænlegir til árangurs. Þeir eru oft forvitnir, ungir, lærðir, einmana og afþreyingahungraðir. Þeir endast væntanlega ekki lengi fyrst eftir að þeir eru fengnir til þátttöku en það er gott að nota tækifærið til að kynna safnið fyrir þeim sem sé mikill kostur fyrir allt safnasamfélagið segir Margot Wallace. Skammtímaárangur getur meðal annars orðið góð markaðssetning þar sem þessir kunningar segja vinum og ættingjum frá kostum safnsins.¹¹⁴

Wallace leggur sérstaka áherslu á að ná til menningarlega fjölbreytts hóps og þá ekki síst hóps af mörgum kynþáttum og ólíkum þjóðernisuppruna. Hún bendir á að hefðbundin markaðssetning henti yfirleitt ekki ólíkum hópum og ef starfsfólk safns gefur sér tíma til að kynna sér hvernig hægt er að kynna safnið og starfsemi þess innan þessara hópa þá geti myndast gullið tækifæri á traustum vinskap.¹¹⁵

Þegar búið er að átta sig á því hverjir eru mögulegir kandidatar fyrir hollvinasamtök þá er að dingla beitunni fyrir framan þá til að veiða þá í hollvinanetið. Til að lokka fólk í hollvinasamtök getur líka verið gott að verðlauna sérstaklega safngesti sem koma oft á safnið og á í reglulegum samskiptum við það. Það þarf síðan líka að halda í þá sem hafa skráð sig

¹¹² Wallace. 2006. 43-44.

¹¹³ Wallace. 2006. 44-45.

¹¹⁴ Wallace. 2006. 45.

¹¹⁵ Wallace. 2006. 45-46.

áður sem hollvini og verðlauna þá reglulega og þá helst með einhverju sem tengist safninu á merkingarbæran máta svo sem teketil með með útliti frá nýlendutímabilinu.¹¹⁶

Forréttindi hollvina geta verið af ýmsu móti svo sem frumsýning sýningar fyrir opnun hennar fyrir almenningi, samkoma með fyrirlesara í þann mund er hann heldur erindi sitt. Wallace telur mikilvægt að hugmyndaflugið fái að njóta sín við nafngiftir á slíkum forréttinda viðburðum og að fjölbreyttur vinnuhópur innan safnsins, sem innihaldi meira að segja sjálfboðaliða, verði fenginn til að gefa slíkum viðburðum nafn sem er í góðum tengslum við stefnu og markmið safnsins. Hluti af verðlaunum til hollvina geta verið ferðalög en þau þarf þó að umgangast með vissri aðgát að mati Wallace enda telur hún að slíkar ferðir verði að tengjast stefnu og markmiði safnsins og ekki megi gleyma því að fríðindi hollvina verði að tengjast seðlaveski hvers þeirra auk stefnu safnsins og ímynd þess.¹¹⁷

Hvaða störfum getur sjálfboðaliði helst gegnt? Hann þarf auglýsilega að fá góða þjálfun en það segir ekki alla söguna. Mary Alexander nefnir dæmi um ófagleg vinnubrögð þar sem áhugamenn og sjálfboðaliðar fá of mikilvæg störf í sínar hendur og oft eftirlitslítið. Hún nefnir dæmi um hvernig áhugamenn geti fengið rangar upplýsingar af veraldarvefnum og vegna mannfæðar þurfa oft aðilar á söfnum á borð við sjálfboðaliða að taka sér fyrir hendur varðveislu gripa. Sem dæmi nefnir Alexander aðila sem starfaði hjá litlu sögufélagi. Félagið fékk gefin barmmerki frá safnara og þar sem þau kunnu ekkert á meðhöndlun slíkra gripa þá leituðu þau á veraldarvefinn og fundu upplýsingar þar. Sögufélaginn kynnti þetta stoltur á ráðstefnu en næstur var kona sem starfaði sem menntaður forvörður. Eftir vandræðalega þögn hóf konan mál sitt með því að biðja áheyrendur að láta sem þau hefðu ekki heyrt orð af því sem fyrri ræðumaður hafði verið að enda við að segja. Þetta voru kolrangar upplýsingar.¹¹⁸

Mikilvægt er að huga að gæðum þess starfs sem sjálfboðaliðar og þátttakendur skila af sér. Nina Simon bendir á að flestum safngestum standi á slétt sama með hvaða hætti tiltekin vinna var unnin af hendi. Þeir eru hins vegar komnir til að njóta viðkomandi verks eða ferlis. Því er mikilvægt að tryggja gæði þess – jafnvel þó að það sé afurð sjálfboðaliða.¹¹⁹ Mary Alexander telur leiðsögn geta hentað sjálfboðaliðum mjög vel og segir ennfremur að hvort sem sjálfboðar eða launaðir starfsmenn sjái um leiðsagnir þá þurfi að fylgjast vel með túlkun þeirra og halda þeim í stöðugri þjálfun.¹²⁰ Bæði Alexander og Simon leggja þannig áherslu á lokaafurðina og að gæði hennar verði að tryggja með góðum undirbúningi bæði starfsmanna og sjálfboða.

¹¹⁶ Wallace. 2006. 47.

¹¹⁷ Wallace. 2006. 47-48.

¹¹⁸ Alexander. 2008. 218.

¹¹⁹ Simon, Nina. 2010. Chapter 1: Principles of Participation.

¹²⁰ Alexander. 2008. 262.

Vinna fúslega gefin

Hvernig skal svo sjálfboðaliðum þakkað framlag þeirra eftir námskeið eða vinnu sína? Með því að verðlauna sjálfboðaliða með viðurkenningarskjali að lokinni stjarnspjálfun fær viðkomandi hrós sem hann á virkilega skilið auk þess að geta hampað vissri gæðavottun. Wallace bendir líka á að þjálfun sjálfboðaliða getur líka verið metin til háskólastiga, bæði með því að fella þjálfunina að náminu og til dæmis sem stig fyrir sjálfboðaliða sem starfa við þjálfunina.¹²¹ Verðlaun, gjafir og fríðindi eru mikilvægur þáttur í hlunnindum sjálfboðaliða við safnastarf. Wallace telur mikilvægt að merki safnsins komi ætíð fram á öllum gjöfum og þakklætisvotti sem sjálfboðaliðinn fær auk þess sem mikilvægt sé að verðlauna fjölskyldu hans því að í raun sé hún líka mögulegur stuðningsaðili eða sjálfboðaliði safnsins. Það sé líka mikilvægt að deila upplýsingum með sjálfboðaliðunum og jafnvel taka þá með á ráðstefnur. Hverfi sjálfboðaliðar síðar á braut frá safninu vegna ófyrirséðra atvika þá má hins vegar búast við því að ef öflug tengsl hafa byggst upp á milli safnsins og einstaklingsins þá geti þau varað um langan tíma. Þannig sé líka mikilvægt fyrir safnastjórnann að viðhalda sambandi við sjálfboðaliðana þótt þeir hafi horfið á braut og tekið til starfa við aðrar menningarstofnanir. Þeir geta snúið aftur eða jafnvel vísað öðrum sjálfboðaliðum til safnsins.¹²²

En hvað gerist eftir að þjálfun lýkur? Safnið hefur þá fjárfest í sjálfboðaliðanum og vill fyrir enga muni missa hann frá sér. Wallace leggur áherslu á samskipti stjórnenda við sjálfboðaliðana. Bæði byggja upp samskipti á milli þeirra og, það sem er mikilvægara, að hafa aðgang að æðstu stjórnendum safnsins og upplýsingum frá þeim. Það er athyglivert að Wallace minnst líka á samkeppni safna um sjálfboðaliðana, ekki síst eftir að þeir hafa notið þjálfunar, og hvetur stjórnendur til að vera á tánum og fylgjast vandlega með hve vel önnur söfn búa að sínum sjálfboðaliðum. Wallace bendir líka á að sjálfboðaliðar og starfsmenn safna verði að átta sig á því að innan safnsins séu þeir ávallt fulltrúar þess hverja einustu mínútu og til að mynda ætti klæðaburður að vera látlaus til að draga ekki athygli frá sýningu safnsins sem sé aðalatriðið. Wallace leggur þó nokkra áherslu á klæðaburð sjálfboðaliða. Þannig eigi skart að vera í lágmarki, bæði skartgripir og sýnilegt líkamsskraut. Sama gildi um tiskuyfirlýsingar. Þrátt fyrir þetta telur Wallace að varast skuli of stífan klæðaburð sem geti heft vilja væntanlegra sjálfboðaliða til fyrirspurna og áhuga. Hins vegar geti samhæfður fatakóði ýtt undir samhæfða ímynd safnsins, auðveldað gestum safnsins að þekkja safnverði auk þess að ýta undir samkennd starfsmanna og jafnvel verið ánægjuvekjandi.¹²³

Wallace bendir líka á að mikilvægt er að skapa aðstæður fyrir sjálfboðaliða til að ræða um störf sín við safnið sín á milli. Hafi þeir aðstöðu til að setjast niður og spjalla saman eykst

¹²¹ Wallace. 2006. 36.

¹²² Wallace. 2006. 41.

¹²³ Wallace. 2006. 36-41.

tenging þeirra við safnið og hvern annan, jafnvel þótt þeir séu ekki endilega að ræða um safnið og sýningar þess. Hluti af því að styrkja tengsl á milli sjálfboðaliða, dýpka þekkingu þeirra á safninu og fá þá til að njóta verunnar þar betur er að fá hverjum sjálfboðaliða annan reyndari sem leiðbeinanda. Ekki má heldur gleyma því að þótt sjálfboðaliði starfi kannski einungis nokkrum sinnum á mánuði á sjálfu safninu þá talar hann sennilega oft um safnið og veru sína þar við vini og ættingja. Það má líka gera ráð fyrir því að fólk leiti til þeirra eftir upplýsingum og þeir verða þannig óbeint talsmenn safnsins. Wallace bendir á að mikilvægt sé að útvega sjálfboðaliðum markaðssetningarefni, svo sem bæklinga til að nýta þessa getu þeirra til miðlunar.¹²⁴

Eftir að hafa velt mér upp úr góðum fyrirætlunum sjálfboðaliða og þarfa þeirra til að bæta líf samfélagsins og sjálfs síns er útlistun Wallace góð til að hrista upp í manni. Ábendingar hennar um hvernig best sé að nýta starfskrafta sjálfboða og að áminning hennar um að þótt einstaklingar vilji hjálpa með sjálfboðinni vinnu þá er bara ekki víst að móttakandinn vilji þiggja slíka hjálp. Hann kann með öðrum orðum að hafa skoðanir á því hvernig sú hjálp eigi að vera og hafa vandlega útlistaða áætlun fyrir notkun sjálfboðaliðanna. En hvers vegna ættu menningarstofnanir að vilja hjálp ókunnugra sem þarf hvort eð er að eyða heilmiklum tíma og fyrirhöfn í til að geta nýtt aðstoð þeirra? Um það fjallar næsti kafli þar sem ég skoða ástæður fyrir starfi safna og fleiri menningarstofnana fyrir starfi með og fyrir samfélagið.

Samfélagsleg áhersla menningarstofnana

Í inngangskafli nefndi ég þær breytingar sem orðið hafa á áherslum safna með tilliti til þjónustu við samfélagið og markhópa safna. Þar tengdi ég breyttar áherslur safnamanna við nýja möguleika sem opnuðust við þetta til samskipta við samfélagið. Þessi samskipti bjóða upp á þátttökumiðuð samskipti líkt og ég fjallað um hér að framan. Nina Simon hefur lagt mikla áherslu á gagnvirkni eða þátttökumiðuð samskipti (e. *participatory*) milli safna og gesta þeirra og telur slíkt nauðsynlegan þátt í safnastarfi. Hún bendir meðal annars á að vísinda- og barnasöfn hafa lagt mjög mikla áherslu á þennan þátt safnastarfs og að sögu- og listasöfn nota gagnvirkni sem mikilvægt stuðningstæki við miðlun efnis síns.

Í máli sínu vitnar Simon til orða Elaine Heumann Gurian í grein viðkomandi er hún nefnir „Mikilvægi ‘og’“ (e. „*The Importance of ‘And’*“). Gurian gerir að umtalsefni þörf safnastarfs til að hafa mörg og fjölbreytt markmið sem jafnvel gætu stangast á. Taldi Gurian

¹²⁴ Wallace. 2006. 40.

Vinna fúslega gefin

að undir þessi markmið félli fræðimennska, fræðsla, varðveisla og fleira. Í máli hennar kom fram að markmið stofnunar þurfi ekki endilega að vera andstæður þó þau geti verið misvísandi. Simon segir að þó að stofnun hafi mörg misvísandi markmið sem geti orðið línudans um stefnur og auðlindir stofnunarinnar þá á það ekki að hemja getu hennar til að standa við mörg loforð til fjölþættra gestahópa. Hún telur þátttökutækni vera enn eitt „og-ið“ í verkfærasafni safnamanna.

Þátttökutæknin hefur yfir að ráða tækjum sem hægt er að nota til að takast á við vonir stofnunar til að hasla sér völl á samfélagssviðinu sem kröftug og fjölradda þar sem hún skiptir máli og getur brugðist við. Simon bendir á gagnvirkar sýningar sem einn af lykilþáttunum í þessa veru.¹²⁵

Nina Simon gengur meira að segja svo langt að fullyrða að meirihluti safna muni á næstu 20 árum tileinka sér þátttökubyggða sýningarstarfsemi til miðlunar efni sínu. Það verði jafnvel einstaka stofnanir sem muni fara alfarið yfir í þátttökumiðað safnastarf og sjá menningar- og samfélagsmynd sína breytast til batnaðar við slíka breytingu. Hins vegar séu þátttökuaðferðir í flestum tilfellum aðeins enn eitt verkfærið í verkfærakassa safnanna en sem snýr sérstaklega að auka félagslega reynslu stofnunarinnar.¹²⁶

Mary Alexander segir frá könnun sem unnin var á níunda áratugnum í Bandaríkjunum til að rannsaka reynslu gesta af söfnum í heild sinni í stað þess að rannsaka einungis miðlunarhluta safnsins svo sem sýningu. John Falk og Lynn Dierking settu fram þá kenningu, árið 1992, að rannsaka ætti safnareynslu út frá sjónarhóli neytendanna. Þau stungu upp á gagnvirku módeli sem næði yfir þrjú svið safnaheimsóknar gestsins: persónulegur áhugi gestsins, félagslegur kraftur heimsóknarinnar og safnabyggingin. Falk og Dierking vísuðu til orða Ölmú Wittlins um að bestu safnasýningarnar skapi samræður við gesti frekar en að bjóða upp á einræðu sýningarstjórans og segja að safnaheimsókn er í eðli sínu ákaflega flókið fyrirbæri. Niðurstaða þeirra var eftirfarandi:

1. Sérhver safngestur lærir á mismunandi máta, og túlkar upplýsingar út frá fyrri reynslu, þekkingu og trúarskoðunum.
2. Allir safngestir persónugera boðskap safnsins svo hann falli að skilningi og reynslu þeirra sjálfra.
3. Sérhver safngestur mætir á ákveðnum forsendum og með fyrirfram gefnar væntingar um hvað safnið muni bjóða honum upp á.

¹²⁵ Simon, Nina. 2010. Chapter 1: Principles of Participation.

¹²⁶ Simon, Nina. 2010. Chapter 1: Principles of Participation.

Vinna fúslega gefin

4. Flestir koma á safnið sem hluti af hópi og það sem safngestir sjá, gera og muna er stjórnað sameiginlega af hópnum.
5. Reynsla gestsins innan í safninu felur í sér leiðsögumenn, safnverði, ráðgjafa og aðra safngesti.
6. Safngestir dragast að safninu af því að þar eru gripir sem eru utan venjubundins reynsluheims þeirra. Gestirnir koma og „horfa“ á margvíslegan máta.
7. Safngestir verða fyrir miklum áhrifum af safnabyggingunni. Það felur í sér arkitektúrinn, andrúmsloftið, lykt, hljóð og svo framvegis.
8. Safngestir verða fyrir miklum fjölda upplifana en þeir velja einungis nokkrar.
9. Athygli safngestsins verður fyrir sterkum áhrifum af staðsetningu sýninga og afstöðu safnsins.¹²⁷

Jan Packer hefur líka í skrifum sínum í tímaritinu *Curator* lagt áherslu á að áhrif áhugamála safngesta á safnareynsluna bendir enn frekar til að þess að þeir komi á söfn vegna skemmtifræðslu. Sú skemmtifræðsla virðist snúast meir um athöfnina sjálfa heldur en að læra eða skilja einhverja staðreynd eða hugmynd.¹²⁸ Þannig virðist sem að safngestir muni ná stjórn á safnkosti í gegnum miðlun safna á 21. öld segir Mary Alexander.

Ef marka má þessi orð Packers og dómsdagsspá Alexanders virðist sem að samskiptavettvangur safna og annarra menningarstofnana við safngesti muni verða æ virkari og fjölbreyttari eftir því sem tímar líða. Í þessu felast líka mikil tækifæri fyrir söfnin með virkjun samfélagslegra leiða til að nálgast markhópa sína.

Starfsemi samfélagslegra listasetra (e. *community art centers*) sem rekin eru af sjálfboðaliðum eru áskoranir sem listasöfn í Bandaríkjunum hafa þurft að glíma við. Þetta hefur neytt listsöfnin til að endurskilgreina sig segir Mary Alexander. Listasöfnin telja innan sinnar starfsemi listfræðslu sem getur verið allt frá handiðn til hefðbundinnar vatnslitamálunar og ljósmyndunar. Margar þessara samfélagsstofnana voru stofnaðar á fjórða áratugnum í baráttu Roosevelt forseta við afleiðingar kreppunnar. Á áttunda áratugnum þróuðust þessar listamiðstöðvar sem hluti af þéttbýlisátaki sem ætlað var að nýta ónotaðar byggingar svo sem skóla, eða tundurskeytaverksmiðju sem staðið hafði auð síðan í heimsstyrjöldinni, líkt og raunin var í Alexandríu í Virginíufylki í Bandaríkjunum. Sjálfboðaliðshópar skipulögðu starfsemi þessara listamiðstöðva vegna áhuga á listfræðslu. Þessar miðstöðvar hafa yfirleitt

¹²⁷ Tilvísanir í: John H. Falk and Lynn D. Dierking, *The Museum Experience*, Washington, DC Whalesback Books, 1992. 136-150; Elaine Heumann Gurian, "Answers to the Ten Questions I'm Most Often Asked," *Civilizing the Museum*, New York: Routledge, 2006. 137-149; Tilvitnun úr: Alexander. 2008. 264-265.

¹²⁸ Tilvísanir í: Jan Packer, „Learning for Fun: The Unique Contribution of Educational Leisure Experiences,“ *Curator* 49, nr. 3 (júlí 2 2006). 329-342; Tilvitnun úr: Alexander. 2008. 265.

ekki áhuga á söfnun en eiga það til að halda sýningar, samkeppnir og fá oft listamenn í heimsókn.¹²⁹

Alexander bendir á að með öflugum félagslegu starfi sem miðlar starfi safnsins áfram til samfélagsins geti söfnin byggt upp myndarlegan stuðningshóp sem sé stofnunum ómetanlegur en það þurfi þó að vanda til verksins því annars geti þessi starfsemi snúist upp í andhverfu sína.¹³⁰

Mary Alexander áminnir safnamenn um að þegar starfsmenn og sjálfboðaliðar séu notaðir til samskipta við gesti safna þá verði að gæta að hvaða tilfinningar sé verið að spila á í samskiptunum. Hún tekur undir orð Stephens Asma um mikilvægi þess að skapa tilfinningu undrunar og fræðslu sem leiðir til þess að sóst er eftir skilningi.¹³¹

Samskipti við safngesti, á milli safna eða við áhugamenn um efni og sýningar safns á sér æ oftast stað í gegnum tengsl á vefsvæðum. Þetta er einföld leið, ódýr og mikilvæg fyrir bæði safnamenn og gesti þeirra hvort sem þeir eru í safninu sjálfu eða á netheiminum. Arkitektinn Tom Hennes hefur bent á að þessi tengsl eru mjög mikilvæg fyrir söfnin því þau verði hluti af stærri heild sem öll tengist innbyrðis, það er að segja safnið, áhugamenn, safnamenn, sjálfboðaliðar, samtök, opinberar stofnanir og svo mætti lengi telja. Þekkingarflæðið þarna á milli getur orðið ákaflega mikið og gott. Það getur komið úr ótrúlegustu áttum, fyrirvaralaust og í óútreiknanlegar nýjar áttir.¹³²

Nina Simon gerir grundvallar greinarmun á samskiptum hefðbundins safns við safnagesti sína annars vegar og því hvernig samskipti þátttökumiðaða safnið á í við gesti sína. Hún segir meginmuninn vera einmitt þetta flæði upplýsinga á milli stofnunar og notenda eða gesta hennar. Í hefðbundnum stofnunum útvega þær vandað efni handa gestunum til neyslu. Í þátttökusafninu þá styður það á hinn bóginn efnissköpun þar sem stofnunin er miðdepill upplýsingaflæðis og tengill á milli fjölda aðila sem eru allt í senn, neytendur, skaparar efnis, deilendur þess, gagnrýnendur og samstarfsmenn. Þetta þýðir að stofnunin getur ekki ábyrgst að öllum gestum líki alltaf það sem þeir sjá en á hinn bóginn veitir hún tækifæri fyrir fjölbreytta reynslu sem er framléidd ásamt gestunum sjálfum. Að takast vel upp í svona þátttökumiðuðu kerfi þýðir að finna þarf leiðir til að hanna vettvang þar sem áhugamenn geta sameinast um að skapa og deila efni en því er sömuleiðis miðlað á aðlaðandi máta. Þannig er stofnunin ekki bara að framleiða sjálf gæðaeefni heldur verður hún líka að hanna tækifæri fyrir gestina til að deila þeirra eigin efni á merkingarbæran og aðlaðandi máta. Þetta þýðir að til að

¹²⁹ Alexander. 2008. 43.

¹³⁰ Alexander. 2008. 266. Einnig tilvitnuð rit sem þar er getið.

¹³¹ Alexander. 2008. 276. Einnig tilvitnuð rit er þar er getið.

¹³² Alexander. 2008. 297. Einnig tilvitnuð rit er þar er getið.

Vinna fúslega gefin

styðja þátttökukerfi þá verður stofnunin að treysta hæfileikum gestanna sem höfundum efnis, sem aðilum sem endurvinnna höfundarefni annarra og miðla því áfram. Þetta þýðir að verkefni getur vaxið og breytt um stefnu eftir að það hefur hafist þvert á fyrstu markmið stofnunarinnar. Þátttökuverkefni gera sambönd á milli starfsmanna, gesta, samfélags, þátttakenda og eigenda fljótandi og á meiri jafnræðisgrundvelli, segir Simon, og þau opna fyrir leiðir fyrir fjölda fólks til að tjá sig og taka þátt í starfi stofnanna.¹³³

Nina Simon er hér að fara fram á að safnastarfmenn þátttökusafna hanni sýningar þannig að safnagestir taki þátt í að miðla sýningum og umbreyta þeim, jafnvel þvert á upprunalegt markmið safnsins. Hún bendir þó á að mörg söfn framleiða sýningar með fulltrúum samfélaga, svo sem minnihlutahópa eða áhugalistmálarar. Slík verkefni eru oft skilgreind af stofnuninni, með ákveðinn tímaramma og í þeim tekur einungis takmarkaður fjöldi þátttakenda þátt.¹³⁴

Þó veraldarvefurinn hafi hjá mörgum söfnum verið leiðandi í að koma upplýsingum og miðlun frá söfnum til bæði gesta og hollvina þeirra þá bendir Nina Simon hins vegar á að söfnin sjálf hafi nokkuð sem veraldarvefurinn geti aldrei boðið upp á, nefnilega áþreifanlegt efni. Þetta er nokkuð sem hægt er að nýta á einstakan máta í þátttökumiðuðu starfi segir hún.¹³⁵

Hér að ofan hefur verið minnst á mikilvægi námsmanna sem sjálfboðaliðar við söfn. Hvernig vinna þeirra hefur síðar orðið leið þeirra inn í launað starf síðar á lífsleiðinni, hvernig tímabundin vera þeirra hefur hjálpað til við átaksverkefni innan safna en hitt er líka til að söfnin hafi nýtt sér starfskrafta nema við verkefni í tengslum við skóla.

Áhugaverð vinna með samfélagsleg vandamál var unnin af Boston Children's Museum (BCM) á tíunda áratug síðustu aldar ásamt skólakerfi borgarinnar og félagsþjónustu. Verkefnið byggði á þjálfun í lífsleikni og þjálfaði safnið eldri nema svo þeir gætu verið fyrirmyndir og leiðtogar yngri nema auk þess sem áætlanir voru settar af stað bæði innan safnsins og um alla borgina.

Markmið áætlunarinnar, sem hét *Kid's Bridge*, var að stækka safngestahópin sem fól yfirleitt í sér ung börn og foreldra þeirra. Vildi starfsfólkið ná til eldri einstaklinga, sérstaklega þá sem voru í áhættuhópum. Starfslið safnsins, félagsmálastarfmenn, starfsmenn í skólum auk unglunga mótuðu áætlun sem miðaðist sérstaklega við þarfir unglínganna. Táníngarnir gátu komið í sérstakt sýningarrými í BCM og fengið sérþjónustu þar. Utan safnsins voru verkefni sem byggðu á nærsamfélaginu sem ætluð voru til kennslu lífsleikni hjá unglíngunum.

¹³³ Simon. 2010. Chapter 1: Principles of Participation.

¹³⁴ Simon. 2010. Chapter 1: Principles of Participation.

¹³⁵ Simon. 2010. Chapter 1: Principles of Participation.

Vinna fúslega gefin

Þetta verkefni, eins og raunar flest verkefna á vegum BCM, var unnið mjög vel í markmiðssetningu. Starfsmenn þess mótuðu markhópin eftir að hafa greint tiltekin atriði og síðan skapað viðeigandi áætlanir til að mæta þeim. Safnið hafði ávallt unnið náið með skólunum en núna var umfang þess aukið gríðarlega og sýningin var síðar flutt frá Boston til Smithsonian stofnunarinnar í þriggja ára ferð um Bandaríkin.¹³⁶

Mary Alexander bendir líka á dæmi þar sem samstarf grunnskóla og safna hefur tekist mjög vel og skapað náið samstarf milli safnanna og einstakra barna sem síðan hafa starfað við viðkomandi safn sem sjálfbóðaliðar og starfsmenn. Hún segir frá leiðum sem gefist hafa vel en þær fela flestar í sér að börn og unglingar taka þátt í verkefnum á skólatíma eða sem hluta af náminu. Þau eru því ekki sjálfbóðar. Hins vegar séu líka leiðir sem gefist hafi vel en það er þegar söfn og skólar vinna saman í gegnum safnaklúbb. Hann er skipaður sjálfbóðaliðum sem hittast eftir skóla, um helgar eða á helgidögum. Þannig gæti vísindaklúbbur undirbúið einstök verkefni í safninu í tilefni vísindahátíðar og namar geta reitt sig á auðlindir safnsins til að undirbúa spurningakeppnir og fleiri samkeppnir tengdar hátíðum. Þeir sem sýna mestan áhuga geta fengið ábyrgðarstöður innan safnsins. Mary Alexander segir að í Baltimore í Maryland komi ungir namar í heimsókn til safna borgarinnar í hópum sem skipulagðir eru af skólunum. Þeir taka þátt í verkefnum eftir skóla sem skipulögð eru fyrir þá af nokkurs konar „þjónustu“ samtökum. Nemarnir mega jafnvel verja nótt eða helgi um borð í skipinu USS *Constellation* og tekið þar þátt í fræðslustarfi ásamt verkefnum sem eru skemmti- og uppbyggingarefni. Í safninu National Great Blacks in Wax Museum, sem er staðsett í niðurníddu borgarhverfi, hafa börnin tekið enn frekar þátt í verkefnum safnsins. Þar sækja þau til starfsmanna og leita eftir leiðbeiningum um heimanám auk aðstoðar vegna einkamála. Þessir namar sem eru allt niður í átta ára gamlir hafa margir hverjir unnið sjálfbóðavinnu við safnið yfir unglingsárin og verða þannig starfsmenn og leiðbeinendur fyrir önnur ung börn.¹³⁷

Það sem þessi dæmi Alexanders segja frá er að með öflugum og jákvæðu barnastarfi þá geta söfnin byggt upp samband til langs tíma við einstaklinga sem síðan starfa lengi hjá þeim sem sjálfbóðaliðar. Leiðtogaþjálfun BCM er hins vegar dæmi um þátttökumiðaða vinnu þar sem unglingarnir tóku þátt í að skapa verkefnið og fá síðan kennslu og stuðning til þess að verða hæfari einstaklingar í nærsamfélaginu. Öflugri og betur heppnaðri kynningu á mikilvægi menningarstofnunar fyrir samfélagið er vart hægt að hugsa sér.

¹³⁶ Alexander. 2008. 289. Einnig tilvitnað rit er þar er getið.

¹³⁷ Alexander. 2008. 271.

Sjálfbóðaliðsvinna við aðrar gerðir menningarstofnana

Mannfræðingurinn Christina Kreps telur að safnastarfsemi sem byggir á þekkingu samfélags síns ákaflega mikilvæga og bendir meðal annars á að möguleg lausn á verndun og varðveislu mikilvægra menningarverðmæta sé að hvetja til „samfélagslegrar varðveislu.“ Slík nálgun sem byggir á þátttöku grasrótarinnar sameinar þekkingu og hæfileika faglegs umsjónarmanns eða safnvarðar við almenning á viðkomandi svæði svo sem við varðveislu bygginga eða staða. Munzenrider, yfirmaður forvörsludeildar Safns Nýju Mexíkó (e. *Museum of New Mexico*), segir að samfélagsleg varðveisla geti „styrkt menningarhefðir um leið og hún gerir samfélagið opnara fyrir nýmóðins aðferðum og eftirliti“. Munzenrider vann með þorpsbúum í Arroyo Seco í norðurhluta Nýju Mexíkó við varðveislu kirkju sem byggð var 1834 úr leir. Slíkar kirkjur eru jafnan reistar í miðju samfélagsins og gegna þar mikilvægu hlutverki. Þessi kirkja var yfirgefin 1960 fyrir nýlegri sem byggð var nærri en sú gamla var samt sem áður mikilvæg fyrir sögu hennar og menningu. Með samstarfi erkidjárnans í Santa Fe, Munzenriders og þorpsbúa var kirkjan lagfærð með efni af svæðinu og tækni svo sem hefðbundnum leir og strám unnum með höndunum. Hér gegndu þorpsbúar mikilvægu hlutverki þar sem þeir sáu um viðhaldsvinnu og höfðu sérþekkingu á hefðbundnum byggingum. Altaristaflan sem máluð var 1860 af vel þekktum málara var sömuleiðis lagfærð. Munzenrider segir að þar sem enduruppbygging kirkjunnar var samfélagsverk þá hafa þorpsbúar meiri áhuga á langtíma varðveislu kirkjunnar og altaristöflu hennar. Vegna þessa samstarfsverkefnis ljóma þorpsbúar nú af stolti yfir menningararfleifð sinni sem varðveitt er í kirkjunni.¹³⁸

Þessi tenging samfélagsmeðlima við endurreisn og viðhald menningarverðmæta er mikilvæg því þannig myndast og styrkjast tengsl einstaklinganna við safnastarfsemi. Þessu má líkja við starf sjálfbóðaliða og áhugamanna við að koma upp safni til að varðveita menningarverðmæti sem þeim finnst mikilvæg, svo sem Síldarminjasafn Íslands á Siglufirði.

Kreps bendir líka á sambærilegt atvik sem hún þekki vel til. Hún heimsótti þorp í Mið-Kalimantan héraði í Indónesíu árið 2000 og sá þá svipað varðveisluverkefni sem unnið var af samfélaginu. Hefðbundið Dayak langhús, eða *rumah bentang*, hafði fengið *caga budaya*, sem er húsafriðun af menningar- og sögulegum forsendum. Það var lagfært í sameiningu af mennta- og menningarmálaráði héraðsins og íbúum nærsamfélagsins. Byggingin var um 80 ára gömul og það bjuggu 25 aðilar í húsinu þegar Kreps kom. Þau voru öll afkomendur upprunalegu húsbyggjendanna. Ættbogi fjölskyldunnar var sýndur á áberandi stað á einum

¹³⁸ Kreps, Christina: *Liberating Culture: Cross-Cultural Perspectives on Museums, Curation and Heritage Preservation* (Museum Meanings). Routledge, 2003. 141. Einnig tilvitnuð rit er þar er getið.

veggnum og eldri maður, höfuð fjölskyldunnar, sagði stoltur frá því hvernig húsið hafði verið lagfært samkvæmt hefðbundnu byggingarefni og tækni. Nýlega útskornar tréstyttur sem skornar höfðu verið út í hefðbundnum stíl stóðu vörð við innganginn. Þær vörðu húsið og íbúa þess fyrir illum öndum og örlögum. Fjölskyldan bar núna ábyrgð á viðhaldi hússins og fékk árlega styrk frá yfirvöldum til þess. Skilti var komið upp fyrir framan húsið sem tilkynnti almenningi um stöðu þess sem friðaðs hús og að skemmdum yrði refsað með sektum eða fangelsi. Uppbygging hússins var ákaflega mikilvægt verkefni því að mjög fá Dayak langhús eru enn til í Mið-Kalimantan héraði. Kreps bendir á að í dag sé mikið reynt að gera langhúsin að aðráttarafla fyrir ferðamenn sem sé vinsælt af varðveisluaðilum í dag. Þetta tiltekna hús fellur þó ekki undir það vegna þess hve byggðin er einangruð. Þorpsbúar voru auglýsilega mjög stoltir af húsinu og báru mikla umhyggju fyrir varðveislu þess. Svæðisstjórnin hafði hrundið verkefninu af stað en nú var það komið í hendur samfélagsins.¹³⁹

Það sem er áhugavert við frásagnir Kreps af þátttöku lítilla samfélaga í varðveislu menningararfs síns í Nýju Mexíkó og Mið-Kalimantan er að þátttakendurnir fengu að leggja til sérþekkingu og ábyrgðarstöður. Þeir fundu bæði fyrir mikilvægi sínu og viðkomandi menningarhúsa fyrir sögu sína og menningu. Þar með styrktust tengsl samfélagsins við fortíð sína með aukinni þátttöku sjálfboðaliðanna. Þessi verkefni eru það sem Nina Simon kallar samsköpunarverkefni, það er að segja þegar þátttakendur og safnamenn vinna saman að sameiginlegu markmiði sem jafningjar. Umfjöllun Kreps og Munzenriders eru báðar það knappar að ekki kemur fram hvort að allir unnu sem jafningjar eða hvort sumir voru jafnari en aðrir líkt og sagt er. Ekkert bendir þó til þess af textanum og því skil ég hann þannig að nærsamfélagið hafi getað leiðbeint utanaðkomandi aðilum til um réttar aðferðir og vinnubrögð. Um vinnulag þessara ólíku hópa er lítið hægt að segja með vissu vegna lítilla upplýsinga en þó má sjá að um er að ræða afmörkuð verkefni sem nærsamfélagið tók upp á sína arma og sennilega hafa ekki margir utan þeirra komið að sem sjálfboðaliðar. Þessar frásagnir Kreps og Munzenriders af þátttöku nærsamfélagsins við varðveislu menningararfs eru alls ekki einu dæmin né þau þekktustu um slíka þátttöku samfélagslegra hópa í safnastarfi. Rétt er því að skoða þau ítarlega án þess þó að þeim séu gerð tæmandi skil.

¹³⁹ Kreps. 2003. 140-141.

Vistsöfn og önnur samfélagsleg söfn

Vistsafn sem er þýðing á heitinu *ecomuseum* byggir á þeirri hugmynd að nærsamfélagið móti safnastarfið og reki safnið að mestu í sjálfboðavinnu. Þetta er nokkuð þekkt fyrirbæri en á sér nokkra forsögu og rétt er að renna yfir hana.¹⁴⁰

Mary Alexander greinir frá því sem kalla má grenndarsöfn (e. *neighborhood museum*) sem hófu rekstur á sjöunda áratugnum og byggðu meðal annars á því að samfélagið réð miklu um áherslur viðkomandi safns. Þetta var tilraun til að ná til fleiri og ólíkari safngesta. Í dag hefur þessi nafngift nánast horfið í Bandaríkjunum en eitt fyrsta og best heppnaða grenndarsafnið var Anacostia Neighborhood Museum (ANM) sem stofnað var sem útibú úr Smithsonian stofnuninni árið 1967 til að þjóna fyrst og fremst svörtu samfélagi í Washington. D.C. Smithsonian var fjárhagslegur bakhjarl safnsins og var til reiðu ef leitað var eftir aðstoð eða sérfræðiupplýsingum. Safnið var staðsett í gömlu kvikmyndahúsi og samfélagið sá um skipulagningu og stjórnun ANM. Sú vinna fór fram í gegnum ráðgjafarnefnd íbúa í nágrenninu en fundir hennar voru ávallt opnir öllum. John R. Kinard, félagsráðgjafi, prestur og íbúi í Anacostia, varð safnstjóri og stýrði safninu í meir en 20 ár. Safnið setti upp sýningar um afríska arfleifð, sögu nærsamfélagsins í Anacostia og þáverandi þéttbýlisvandamál. ANM var hins vegar mikið meir en bara sýningarnar. Það var menningarleg listamiðstöð með vinnustofur í listum og handið. Það var með lítið en vel notað bókasafn og hafði eigin rútu til að flytja börn og sýningar. Auk þess var mikið um tónlist, dans og leiklistaruppfærslur. Þarna hittust líka samfélagshópar, skipulagsmiðstöð dreifði fræðslufni um samfélagið og þarna var líka þjálfunaraðstaða sem kenndi fög er tengdust hönnun og framleiðslu safnasýninga. Sagt var líka um safnið að hlutverk þess væri að lífga upp á samfélagið og fólkið sem það þjónar.

¹⁴⁰ Rétt er að geta þess að sum íslensk söfn hafa haldið á lofti vistsafnsflokkun, svo sem Snorrastofa, http://www.snorrastofa.is/default.asp?sid_id=7710&tre_rod=002|007|002|&tId=1. Snorrastofa hampar þessu þó ekki áberandi á heimasíðu sinni en samkvæmt heimasíðunni er enn verið að móta hugmyndirnar að vistsafni: „The concept, Ecomuseum, has been defined in various ways, depending on the environment, culture and history involved. The history of churches and religious practice in Reykholt goes back to the earliest days of Christianity in Iceland. Therefore the idea of an ecomuseum in Reykholt will mainly build on that fact as well as the life and work of the medieval poet and writer Snorri Sturluson. The concept of an ecomuseum in Reykholt has not yet been clearly defined but the possibilities are almost endless. This work has to be done in coordination with the National Museum and the Archaeological Heritage Agency of Iceland, which has the supervision of the old timber church and the archaeological site and with the local communities.“ Hér virðist þátttaka nærsamfélagsins í tengslum við fornleifar og gömlu kirkjuna vera til umræðu og verður spennandi að sjá hvernig þau mál þróast. Annað safn sem nefnt hefur verið sem vistsafn er Byggðasafnið Skógum. Að vísu kemur ekkert fram um að safnið telji sig vera vistsafn eða hafi fyrirætlanir um slíkt á heimasíðu þess, www.skogasafn.is, en slíka tilvísun má sjá á bandarísku myndasíðunni SuperStock, <http://www.superstock.com/stock-photos-images/1566-461374>. Án þess að nokkuð verði fullyrkt, má vera að Byggðasafnið Skógum falli að þeirri mynd sem vistsöfn hafa erlendis og þess vegna sé þetta leitarorð komið á viðkomandi ljósmynd. Hitt er annað að mikil sjálfboðavinna hefur farið fram í tengslum við uppbyggingu safnsins og það er verðugt rannsóknarefni að skoða hvort safnið geti ekki skilgreint sig sem vistsafn. Þetta er raunar lítt plægður akur hér á Íslandi.

Vinna fúslega gefin

Nærri 20 árum síðar var Anacostia Community Museum opnað í sérhönnuðu svæði fyrir sýningar og samfélagsverkefni og starfsemi gamla ANM flutt þangað. Í dag heitir safnið Anacostia Museum and Center for African American History and Culture en í nærsamfélagin er það enn kallað grenndarsafnið.¹⁴¹

ANM er sannkölluð ævintýrasaga þar sem hópur fólks fær tækifæri upp í hendurnar, grípur það heils hugar og skapar með ótrúlegri þrautseigju og óeigingjörnu starfi samfélagslega menningarmiðstöð. Hún byggir á tengslum sínum við nærsamfélagið og ekki verður annað séð en að þarna hafi glæstustu þátttökuhugmyndir sjálfbóðaliðastarfs blómstrað til fullnustu.

Safnafræðingurinn Georges-Henri Riviere, einn af stofnendum Musee de l'Homme í París, átti hugmyndina að vistsafninu á áttunda áratugnum. Hugmyndafræði þess gengur út á að skapa söfn utan um raunveruleg samfélög í stað þess að fjarlægja gripi frá þeim og aftengja þá þannig frá umhverfi og samfélagi. Þetta safnaform reiddi sig á að hinn almenni borgari kynnti samfélag sitt sem „lifandi veru“ fyrir gestum. Í því væri gnægð menningarlegra auðlinda, samfélagsmála og efnahagslegra tenginga. Líkt og 19. aldar útisafnið dró gesti sína inn í safnrými þá byggir hugmyndafræði vistsafnsins á því að íbúar svæðisins, hvort sem þeir eru í sveit eða borg, séu í hlutverki starfsmanna safna svo sem stjórnendur og leiðsögumenn. Franski menningarmálaráðherrann, Jack Lang, lýsti vistsafninu svo að það væri „ný kynslóð safna þar sem gripurinn heldur samhengi sínu, og ber vitni um tiltekna menningu, samfélag og náttúrulegt umhverfi.“ Vistsafnið er hannað til að styðja við efnahagslegt líf samfélags og því er hugsað að hjálpa til við tengsl menntunar og menningar. Því er líka ætlað að styrkja hópa með skráningu og varðveislu sögulegs, náttúrulegs og menningarlegs arfs svæðisins. Þessari nálgun er bæði ætlað að vera burðarvirki til að rannsaka eðli og uppbyggingu menningarstofnana og leið til að gera þau lýðræðislegri. Þó að hugmyndin að baki vistsafninu byggi á vissum grundvallaratriðum þá er eitt sérkenni vistsafnsins að það er engin ein skilgreining eða módel til yfir vistsöfn. Öllu frekar hefur vistsafnið „takmarkalaus fjölbreytni“ og getur orðið nánast allt sem fólkið á svæðinu eða safnafræðingarnir vilja að það verði. Þessi vídd safnsins getur verið bæði kostur og löstur og van Mensch hefur sagt um þetta að það sé orðið æ erfiðara að greina á milli vistsafnsins og samfélagsins. Þetta er ferli þar sem fólk skilgreinir meiningu og markmið safnsins um leið og það skilgreinir sjálft sig. Lykilatriðið að baki vistsafninu er að vekja upp vakningu um tengsl innan samfélagsins, sjálfsmynd og rými þess. Vistsöfnum hefur stundum verið lýst sem samfélagsnámsmiðstöðvum sem starfa til að tengja fortíðina við nútímann sem leið til að fást

¹⁴¹ Alexander. 2008. 287. Einnig tilvitnuð rit er þar er getið.

við framtíðar þarfir samfélagsins. Nancy Fuller, starfsmaður Smithsonian stofnunarinnar og sem hefur unnið mikið með ættbálkasöfnum, hefur tjáð sig sömuleiðis um vistsöfnin og segir markmið þeirra vera að þróa sjálfsmynd og sjálfstæði samfélags. En í stað þess að vera sem geymsla eða musteri, sem bæði einangra gripi frá venjulegu fólki og þarfnast faglegrar aðstoðar til að nálgast þá og skilja, þá segir Fuller vistsafnið gera sér grein fyrir mikilvægi menningar í þróun sjálfsþekkingar og hlutverki hennar til að aðstoða samfélagið til að aðlagst hraðri breytingu. Hún segir að vistsafnið hafi þannig orðið að tæki fyrir efnahagslegan, félagslegan og stjórnmálalegan vöxt og þroska samfélagsins sem það sjálft hafi orðið til í.¹⁴²

Námsferlið sem á sér stað innan vistsafnanna er nám í gegnum þátttöku, nám af reynslu og nám með verknaði. Markmiðið er að fá almenning til að geta svarað spurningum á borð við hvaðan hann komi, hver hann sé og hvert hann ætli. Út frá þessu sjónarhorni má segja að vistsöfn séu tæki til sjálfsákvörðunar. Og til að hnykkja enn frekar á þáttökumiðaðri starfsemi vistsafnanna þá hefur Rivard, enn einn talsmaður þeirra, sagt að vistsöfnin geti verið þáttökukerfi og að þátttaka almennings er grundvallaratriði í vistsafnafræðinni.¹⁴³

Mannfræðingurinn Christina Kreps hefur hrifist mjög af hugmyndum „afmiðjuð söfn“ (e. *decentralized museum*) og þar á meðal vistsöfnum (e. *ecomuseum*) og hugmyndafræðinni að baki þeirra.¹⁴⁴ Kreps sá ýmsa galla á miðstýrðri safnaþróun og skipulagningu að ofan (e. *"top-down," centralized museum planning and development*) við rannsóknarverkefni sem hún vann í Indónesíu. Helstu ágallar slíkrar safnastýringar eru að mati Kreps, eftir reynsluna í Indónesíu, að nærsamfélagið vantroystir söfnunum og telur þau oft á tíðum vinna fyrir utanaðkomandi öfl og í þeirra þágu. Þeim er líka oft stýrt af utanaðkomandi „sérfræðingum“ sem leggja áherslu á að nota vestrænar fyrirmyndir að uppbyggingu safna. Alþjóðleg þróunarsamvinna hefur sýnt að nota þarf menningar- og umhverfislega viðeigandi tækni og Kreps telur að þetta eigi líka við um söfn sem eigi að byggja á hugmyndafræði fólksins sjálfs og menningararfskerfum þeirra.¹⁴⁵ Kreps bendir líka á gagnrýni á meðal meðlima í stjórnnum safna í Indónesíu um ókosti uppbyggingar safna sem stjórnað er frá ríkinu. Bambang Sumadio, fyrrverandi framkvæmdastjóri safnaráðs Indónesíu, var mjög fylgjandi litlum svæðisbundnum söfnum því að hans mati var skriffræðið of íþyngjandi í hinu opinbera safnakerfi, ekki síst vegna stöðugra pólitískra áhrifa. Smá svæðissöfn áttu að hans mati að endurspeglar svæðisbundna menningu og vera vinsælar menningarmiðstöðvar sem virkuðu

¹⁴² Kreps. 2003. 123. Einnig tilvitnuð rit er þar er getið.

¹⁴³ Kreps. 2003. 124. Einnig tilvitnuð rit er þar er getið.

¹⁴⁴ Kreps. 2003. 122. Einnig tilvitnuð rit er þar er getið.

¹⁴⁵ Kreps. 2003. 115-116.

hvetjandi á samfélag sitt og hann horfði meðal annars til meiri einkavæðingar í þessum geira sem lausnar á núverandi fyrirkomulagi.¹⁴⁶

Kreps hefur hrifist að vistsafninu, og kannski vegna þess hve það hefur náð víðtækri útbreiðslu í þriðja heiminum. Það byggir á menningararfsvarðveislu og samfélagsþróun neðanfrá (e. *bottom-up*) og miðlægt í starfi vistsafna er þátttaka og sjálfmynd samfélagsins. Saga vistsafnahugmyndarinnar er nátengd nýju safnafræðihreyfingunni en báðar þessar hreyfingar uxu upp úr óánægju með getu safna til að takast á við samtímavandamál eftirstríðsáranna.¹⁴⁷

Kreps segir enn fremur að rannsóknir sýni að verkefni sem séu unnin neðanfrá og allir hafa áhrif, og ekki síst á ákvarðanir, þá leggi fólk meira á sig til að tryggja framgang verkefnisins. Þátttökuverkefni gera fólki kleift að stjórna verkefnum saman og þau búa yfir hugmyndafræðilegum grunni og tækniaðferðum sem geta liðkað fyrir þátttöku og samstarfi ólíkra stofnana við nærsamfélagið. Þar sem þessar aðferðir byggja á lýðræðislegum grunni þá er svigrúm fyrir þáttökumiðaðar aðferðir að brúa bilið á milli utanaðkomandi fagaðila og einstaklinga úr nærsamfélaginu svo þeir geti nálgast á jafnræðisfyrirkomulagi.¹⁴⁸

Kreps vitnar til orða Maures þar sem hann segir að afmiðjaða safnið sé þjónustustofnun nærsamfélagsins. Hlutverk þess sé ekki að boða hnattræn skilaboð til almenna borgarans heldur að tengja nærsamfélagið við þeirra eigin sögu, hefðir, gildi og svo framvegis. Þannig hjálpi afmiðjaða safnið samfélaginu að átta sig á sinni eigin sjálfmynd sem kann að hafa raskast vegna þéttbýlismyndunar, miðstýringar og fleiri orsaka.¹⁴⁹

Það sem vekur athygli í tilvitnunni í Maure er að „afmiðjaða safnið“ á tilverurétt þar sem til að mynda samfélag á um sárt að binda vegna þéttbýlismyndunar og miðstýringar. Hér má alveg hugsa sér safn úti á landsbyggðinni þar sem miklar breytingar hafa orðið við flutning fólks á mölina og miðstýringu úr fjarlægum stofnunum svo sem á vegum ríkisins. Slíkt afmiðjað safn getur því hjálpað samfélaginu umhverfis sig að spyrna við fótum gagnvart þessari þróun og varðveita sögu sína, skapa tengsl innbyrðis jafnframt sem safnastarfið getur miðlað ímynd samfélagsins út á við.

Kreps segir að þáttökumiðaðar nálganir hafi aðallega verið nýttar í þróunarverkefnum á landsbyggðinn svo sem við landbúnað, stýringu náttúruauðlinda og heilsugæslu. Þáttökumiðaðu aðferðirnar eigi hins vegar fyllilega við safnaverkefni. Þáttökumiðaðar

¹⁴⁶ Kreps 2003. 136-137.

¹⁴⁷ Kreps. 2003. 122. Einnig tilvitnað rit er þar er getið.

¹⁴⁸ Kreps. 2003. 115. Einnig tilvitnuð rit er þar er getið.

¹⁴⁹ Kreps. 2003. 121. Einnig tilvitnuð rit er þar er getið.

nálganir hvetja til virkni fólks í nágrenni safnsins við skipulag, hrindingu áætlana í framkvæmd og stjórn þeirra. Byggja verði á þekkingu fólksins, reynslu og auðlindum.¹⁵⁰

Gera má ráð fyrir því að nú séu um 200 vistsöfn út um allan heim og flest þeirra innan Evrópu. Deila má um hvort að þessi fjöldi vistsafna sé til marks um að þau njóti mikilla vinsælda eða hvort þau hefðu átt að vera búin að ná enn betri fótfestu. Svo virðist þó sem að margvísleg vandamál hafi tafið fyrir útbreiðslu þessarar safnagerðar og nefnir Mary Alexander það stafa af ótal ástæðum, allt frá breytingum í stefnu stjórnvalda til fjárskorts.¹⁵¹ Vistsöfn eru þó ein gerð safnastarfs sem hafa átt sér öfluga talsmenn á borð við Peter Davis, sem skrifað hefur mikið um kosti vistsafnanna, vegna þess að þau bjóða meðal annars upp á nýja tengingu á milli safna og samfélaga sem fellur vel að nýjum áherslum safnastarfs síðustu ára. Á meðal slíkra rannsókna má benda á rannsóknir sem unnar hafa verið á safnamenningu þriðja heimsins sem er ólík vestrænni safnamenningu.

Christina Kreps hefur rannsakað töluvert stöðu safna í Asíu, Afríku og hjá frumbyggjum Bandaríkjanna. Henni er hugleikið hvort safn sem byggt er upp samkvæmt evrópskri fyrirmynd geti hentað fyllilega þörfum menningarsamfélaga sem eru öðruvísi uppbyggð og hvort áhersla slíkra safna á varðveislu gripa geti varðveitt menningararfleifð viðkomandi þjóðfélaga sem byggir á allt annarri varðveisluhugmynd. Hún uppgötvaði að safnamenn í Mið-Kalimantan í Indónesíu höfðu lagað starfsemi safna sinna að menningu og kröfum nærsamfélagsins. Hún komst að því að íbúarnir höfðu trú á starfsemi safnanna en bara á sinn máta. Þeir túlkuðu og umbreyttu safnafræðilegum hugmyndum svo að þær féllu að menningu þeirra. Hún velti upp þeirri spurningu að það sem æðstu yfirmenn safnamála í Indónesíu túlkuðu sem skort að áhuga á söfnum væri í raun andstaða gegn menningarlegri stjórnun og umsýslu að „ofan“ og frá samfélögum sem væru fjarlæg grenndarsamfélaginu.¹⁵²

Kreps setur ákveðna varnagla við mat á árangri safna á borð við vistsöfn. Vafasamt geti verið hvort utanaðkomandi aðilar geti greint fyllilega menningarauðlindir samfélags þannig að þeir geti mælt menningartap samfélagsins eða hversu heildstætt það er. Þetta er sérstaklega vandasamt ef fókusinn er um of á „hefðbundnar“ menningarauðlindir. Þá getur það gerst að aðilunum sjáist yfir nýja menningarlega tjáningu eða hvernig eldri form hafa þróast í takt við nýja tíma. Kreps telur því mikilvægt að meðlimir samfélagsins sjálfs sjái sjálfir um að meta menningarauðlindir samfélagsins, mikilvægi þeirra og meðferð þeirra.¹⁵³

¹⁵⁰ Kreps. 2003. 115. Einnig tilvitnuð rit er þar er getið.

¹⁵¹ Alexander. 2008. 125-126.

¹⁵² Kreps. 2003. 41-42.

¹⁵³ Kreps. 2003. 136.

Vinna fúslega gefin

Kreps nefnir sem dæmi að Balanga safnið hafi í nóvember 1992 sett upp tímabundna sýningu sem hét „Erlendar krukkur í Mið-Kalimantan“. Í bæklingi sem fylgdi sýningunni voru krukkurnar sýndar með myndatexta sem sýndi nafn gripsins, skráningarupplýsingar, númer, stærð, hvaðan hann kom og tímabil ásamt fleiri fræðilegum upplýsingum. Sýningin greindi þannig frá sögulegum, þjóðfræðilegum og listfræðilegum þáttum krukknanna en ekkert var greint frá hefðbundnum leiðum til við að sjá um þær né hvort sérfræðingar í krukunum væru í nágrenninu. Skortur þessara upplýsinga vöktu með Kreps áhyggjur um að hér væru samtímaupplýsingar að glatast á sama tíma og meiri áhersla væri stöðugt lögð á fræðilega framsetningu. Í samræðum hennar við starfsfólk safnsins lét einn safnamanna í ljós slíkar áhyggjur og að hefðbundin þekking og aðferðir sem tengdar væri vissum gripum kynnu að glatast. Hann óttaðist að þessi þekking og að hin helgu og menningarlegu gildi hlutanna glötuðust á sama tíma og safnið verður æ faglegra og nútímagildi taka yfir innan safnsins. Þessi aðili taldi að safnið ætti að halda í eldri gildi en sýna nýrri gildum virðingu og kynna þau smám saman. Kreps telur áhyggjur starfsmannsins fyllilega réttlætanager og vísar til orða Kaepplers sem segir að þótt öll söfn geti varðveitt og sýnt gripi þá hvílir það á herðum staðbundnu safnanna að varðveita þekkingu um þá.¹⁵⁴

Það sem er athyglivert við hugmyndir Kreps er að hún gerir að umtalsefni hvernig sögu-, þjóðfræði- og listfræðilegar kröfur hefðbundinnar safnastarfsemi getur bitnað á varðveislu menningararfs, trúarlegs mikilvægis og siðvenja. Þetta telur hún geta valdið trúnaðarþrengi á milli samfélagsins og safnsins sem það á að þjóna.

Alpha Oumar Konaré, fyrrverandi forseti ICOM 1989-1992 og forseti Afríkulyðveldisins Malí 1992-2002 er sama sinnis og Kreps. Hann hefur gagnrýnt harðlega etnógrafísk söfn sem byggð eru á vestrænni fyrirmynd og stofnuð voru af fyrrum nýlenduvelldum ríkjanna sem nú hafa fengið frelsi. Hann segir að hið hefðbundna safn sé ekki lengur í samhljómi við samfélagið. Það hefur steingerft menninguna, þaggað niður í menningargripum okkar og leyft innihaldinu sem er þrungið anda fólksins að glatast.¹⁵⁵

Það er rétt að taka undir þessi orð Konarés og Kreps og velta því fyrir sér hvort ekki megi heimfæra þau yfir á Evrópu sjálfa. Mörgum finnst skorta á tengsl safna við samfélagið¹⁵⁶ og velta má því fyrir sér hvort það geti hugsanlega stafað af skráningu og meðferð „andans“ í hlutum og mikilvægi merkingar hans fyrir bæði gefandanum og samfélaginu sem hann lifir og hrærist í. Konaré heldur áfram um menningarleg söfn í Malí og segir: „hver einstaklingur,

¹⁵⁴ Kreps. 2003. 41-42. Einnig tilvitnað rit er þar er getið.

¹⁵⁵ Kreps. 2003. 42. Einnig tilvitnað rit er þar er getið.

¹⁵⁶ Hér má til dæmis benda á ritin *Museums and their Communities*. Ritstj. Watson, Sheila. Routledge: London og New York, 2007; og Crooke, Elizabeth: *Museums and Community. Ideas, Issues and Challenges*. Routledge, New York, 2007.

hvert þjóðarbrot mun skilgreina sína eigin varðveisluáherslur sem byggjast á eigin hefðum.¹⁵⁷ Konaré segir að uppbygging varðveislunnar taki á sig fjölda forma svo sem bænastaðir og aðrir staðir þar sem helgiathafnir fara fram en eru varðveittir með hefðum sem inngrónar eru menningu samfélagsins.¹⁵⁸

Stóra spurningin er hins vegar sú hvort hugmyndir Konarés og Kreps um nálgun safna til „anda“ samfélagsins skipti máli þegar um einsleita menningu er að ræða og innan Evrópu, svo ekki sé minnst á samfélag á borð við það sem er hér á Íslandi. Ég tel svo vera vegna þess að hér kemur fram túlkunin um menningararf fram á sjónarsviðið. Hver er túlkandinn, hvert er tímabilið og hvert er samfélagið verða þá mikilvægar spurningar. Skoðanir einstaklinga og samfélagshópa á til að mynda safngrip skipta þá máli og því meir sem safnið tengist sínu nærumhverfi.

Konaré skorar á safnafræðinga að kanna og skapa nýja gerð safna sem byggja á uppbyggingu og hefðum nærsamfélagsins. Hann leggur til að þessi nýja gerð safna ætti að vera meir í ætt við fjölskyldu eða grenndarsafn sem byggi á menningarhefðum samfélagsins, sameiginlegri auðlind þess, stofnunum og þörfum. Konaré leggur áherslu á að það þurfi að fylgja vissum aðferðum eða grundvallarreglum við það að koma slíku grenndarsafni upp. Til dæmis þurfi íbúar nærsamfélagsins að ákveða hvaða hlutum eigi að safna. Áherslu ætti að leggja á ritaðar greinar sem fólkið sjálft telur vera mikilvægastar og fellst á að sýna öðrum. Gildi nærsamfélagsins og hefðir ættu að stjórna vali gripa og „gæðin“ ættu að ákvarðast út frá mikilvægi gripins í augum samfélagsins. Konaré leggur áherslu á að skoðanir nærsamfélagsins eigi að vera ákvarðandi þáttur í öllum tilfellum. Varðveisla menningarmuna ætti ekki að fara fram gegn vilja skapara þeirra og helstu notenda. Gripur sem er varðveittur án samþykkis skapanda fær allt annað innihald og aðra merkingu. Konaré segir meira að segja að þó efnislegt form hlutarins hverfi þá sé hann ávallt til staðar svo lengi sem andi hans heldur velli. Því sé mikilvægt að iðnaðarmenn sem skapi menningargripa taki þátt í því að skrá þá og tryggja varðveislu gripanna því þessir listamenn eru færir um að endurskapa muni í samræmi við venjur og munnlegar hefðir.¹⁵⁹

Konaré telur að etnógrafísk söfn (e. *ethnographic museums*) eigi að vera öflugar menningarmiðstöðvar með fjölþætt hlutverk á borð við rannsóknir og skráningu. Hann segir að rannsókn og aukin þátttaka samfélagsins getur þýtt nýtt líf fyrir grip og sömuleiðis skapað honum nýja merkingu. Þetta ferli getur líka tengt gripinn merkingu sem tengist endurnýjun og ferskri sköpun. Svona söfn eigi ekki heldur að einblína á fortíðina heldur líka á nútímann.

¹⁵⁷ Kreps. 2003. 42. Einnig tilvitnað rit er þar er getið.

¹⁵⁸ Kreps. 2003. 42.

¹⁵⁹ Kreps. 2003. 43. Einnig tilvitnað rit er þar er getið.

Vinna fúslega gefin

Almennt séð er það grundvallaratriði í málflutningi Konarés að söfn eigi að skipta máli fyrir nærsamfélagið og eigi að hjálpa því við að verja menningararfleifð þess. Söfnin verði að vera lýðræðislegri og þurfi að starfa á grundvelli sjálfstýringar gagnvart menningunni. Þrátt fyrir þessar áherslur sínar á þátttöku nærsamfélagsins í starfi safnsins og sjálfstýringarferli gagnvart menningu, þá bendir hann á að safnafræðingar og þjóðfræðingar geta átt þátt í þróun grenndarsafna með því að deila þekkingu sinni og faglegru þjálfun með fólki á svæðinu. Þekking og reynsla atvinnumannanna eigi hins vegar ekki að verða skoðunum almennings yfirsterkari vegna þess að borgararnir og nærsamfélagið eru „lifandi gagnagrunnar“ og nánast gegnsósa af almennri þekkingu og reynslu ef svo má að orði komast. Konaré gefur líka dæmi um staðbundin varðveisluferli í Malí sem frekari sönnun þess hvernig safnafræðileg vinnubrögð eru ekki eingöngu bundin hinum vestræna heimi og hvernig þessi vinnubrögð þarf að viðurkenna og varðveita sem hluti af lifandi menningararfi almennings.¹⁶⁰

Árið 1999 opnaði listasafnið Massachusetts Museum of Contemporary Art (MassMOCA) í North Adams í Massachusetts ákaflega óvenjulega framsetningu á nútímalist. Þar geta safngestir vænst þess að sjá og hitta listamenn við listsköpun sína sem þeir vinna bæði með og fyrir safngestina. Þessi framsetning hefur slegið í gegn að sögn Mary Alexander og nú er MassMOCA orðið að mikilvægri viðkomustöð þeirra sem nýta sér menningartúrisma. Á vefsíðu MassMOCA, www.massmoca.org, mátti sjá letrað: „Listin skapar og gefur samfélaginu sjálfsmynd. Sjálfsmynd vekur upp von, framleiðslu, stolt og efnahagslegan kraft. Þetta eru grundvallar skilyrði fyrir heilsusamlegt samfélag.“ Þessi yfirlýsing massMOCA ómar af umræðuvettvanginum (e. *forum*) sem Cameron kynnti hér fyrir í skýrslunni. Hér er komin leið fyrir borgara og gesti til að eiga samskipti innan listræns ferlis og þannig auðga safnaheimsóknina.¹⁶¹

En hvað með lítil söfn sem vinna náið með samfélaginu. Getu þau brúað bilið á milli krafna samfélagsins annars vegar og krafna faglegra stórra safna hins vegar?

James Clifford hefur rannsakað muninn á milli stóru ríkissafnanna í Bandaríkjunum og þeirra sem frumbyggjar hafa komið á laggirnar. Niðurstaða hans er að í stórum dráttum þá sinna stóru söfnin helst alþjóðlegri menningu, vísindum, list og húmanisma, en oft út frá þjóðernislegu sjónarhorni. Söfn frumbyggja tjá hins vegar menningu nærsamfélagsins, stjórnmaladeilur, ættartengsl, þjóðarbrot og hefðir. Clifford segir líka frumbyggjasöfn hafa vissa stefnu sem er frábrugðin stóru söfnunum:

¹⁶⁰ Kreps. 2003. 43-44. Einnig tilvitnuð rit er þar er getið.

¹⁶¹ Alexander. 2008. 292.

Vinna fúslega gefin

1. Söfnin eru að vissu leyti tengd andspyrnu sem skýrist af reynslu frumbyggjanna af útilokun, reynslu af nýlendutímabilinu og núverandi átökum.
2. Aðgreining lista og menningar er oft aukaatriði eða breytt á jákvæðan máta.
3. Hugmyndin um sameinaða eða línulega sögu, hvort sem það er þjóðarinnar, mannkyns eða listar, er upp á kant við svæðisbundna og samfélagslega sögu.
4. Söfnin sækjast ekki eftir því að vera sett undir sama hatt og ríkið, stórlistasögunnar og svo framvegis. Frumbyggjasöfnin leggja meiri áherslu á að vera áberandi innan mismunandi eða annarra hefða og aðferða en laus við bæði alþjóðleg og ríkisafskipti.¹⁶²

Clifford segir þó að frumbyggjasafnið horfi ekki eingöngu til nærsamfélagsins. Safn frumbyggja og minnihlutahópa og listamenn þeirra sækjast líka oft eftir viðurkenningu og að vissu leyti eftir þátttöku á lands- eða heimsvísu. Hins vegar starfa söfnin á sínum forsendum og á sinn máta þótt þau nýti sér vel kunn áhrif safna.

Starfsemi frumbyggjasafna og menningarmiðstöðva hefur víðtæk áhrif og ná langt út fyrir hefðbundin mörk sögulegrar og menningarlegrar varðveislu. Það sem ættbálkar reyna að varðveita með margvíslegum menningararfleifðaráætlunum sínum er samþætting hinnar lifandi menningar þeirra og samfélagsins að öllu jöfnu. Því beita þeir gjarnan samþættri nálgun til menningararfsvarðveislu eða stjórnunar menningarauðlinda. Til viðbótar stofnun safna og menningarmiðstöðvar hafa margir ættbálkar hrundið af stað þeirra eigin menningararfsverkefnum sem eru mjög víðtæk. Slík verkefni geta verið tilraunir til að varðveita og miðla tungumálum og munnlegum hefðum, listum og handið, þekkingu á hefðbundinni nýtingu plantna og lands og gamalla trúarhefða. Varðveisla helgra staða getur líka verið lykilatriði í slíkum varðveisluverkefnum. Varðveisla í þessu samhengi þýðir virkt viðhald samfelli á gildum frumbyggjanna og trúar þeirra sem eru hluti af sjálfsmynd samfélagsins.¹⁶³ Rétt er að vitna til orða Navajóindjánans Alans Downers í þessu samhengi: „Það sem frumbyggjaverkefni snýst um er að ættbálkurinn setji fram gildi og stefnur til að stjórna eigin menningarauðlegð frekar en að láta einhverja aðra gera það.“ Af þessu leiðir að sérhver ættbálkaáætlun nálgast menningarstjórnun á mismunandi máta svo hún henti þörfum, markmiðum og menningu viðkomandi ættbálks.¹⁶⁴

Lee Davis gagnrýndi árið 1989 safna- og fræðimannasamfélagið fyrir sinnuleysi gagnvart ættbalkasöfnum. Hún benti á að ættbalkasöfnin hefðu borið virðingu fyrir söfnum

¹⁶² Kreps. 2003. 106. Einnig tilvitnuð rit er þar eru.

¹⁶³ Kreps. 2003. 106. Einnig tilvitnuð rit er þar eru.

¹⁶⁴ Kreps. 2003. 107. Einnig tilvitnuð rit er þar eru.

utan frumbyggjageirans en að sú virðing hefði ekki verið gagnkvæm. Hún segir að „frá menningarlegu sjónarhorni þá er þetta siðlaust, en frá fræðilegu sjónarhorni þá er svona einhliða streymi upplýsinga einfaldlega ekki að ná árangri.“ Davis bætir því við að ef söfn halda hópum utan safnakerfisins þá útiloki söfnin sig frá upplýsingum af því tagi sem þau sækjast eftir. Það er til marks um breytt viðhorf í Bandaríkjunum að komist hefur á samstarf og samræður á milli ættbálkasafnanna og stóru safnanna.¹⁶⁵

Þó menningarmiðstöðvar og ættbálkasöfn leggi mikla áherslu á að nálgast menningararf samkvæmt hefðum ættbálkanna þá eru þau meðvituð um þörfina á faglegri safnaþjálfun. Þó meiri kröfur séu um að réttar aðferðir séu lærðar samkvæmt hefðum ættbálkanna til að umgangast og höndla margvíslega gripi þá velja ættbálkasöfnin sér safnaaðferðir sem best henta markmiðum þeirra og þörfum. Nú er víða farið að bjóða upp á sérstök þjálfunarverkefni og kennslu fyrir starfsmenn ættbálkasafna.¹⁶⁶

Vissulega er hér rætt um ættflokka frumbyggja sem byggja á gerólíkri menningararfleifð heldur en ráðandi samfélag og safnamening en ef við reynum að heimfæra þetta yfir á íslenskt samfélag mætti hugsa sér safn innan frímúrarahreyfingarinnar. Nú er ég ekki meðlimur sjálfur og get því ekkert tjáð mig um leyndarhyggju hennar nema af afspurn. Ef hún vildi hins vegar koma upp safni um sögu sína, helga gripi og hefðir þá á reglan í smá vanda. Til að óvígðir aðilar fái ekki aðgang að leyndarmálum reglunnar þarf safnið að vera lokað og nálgun varðveislunnar þarf að vera eftir höfði reglubræðra. Hér er því komin viss samlíking við söfn frumbyggja sem þeir byggja upp og stýra samkvæmt sínum þörfum og hugsanlegri leyndarhyggju.

Kreps finnst mikilvægt að menningarleg nálgun sé nýtt í uppbyggingu samfélags og sérstaklega hvernig söfn og menningarmiðuð vinna sé nýtt í þeim tilgangi. Hún byggir á reynslu sinni sem ráðgjafi við verkefni sem gekk út á byggingu safns á samfélagslegum grunni í austur Kalimantan í Indónesíu hjá World Wide Fund for Nature (World Wildlife Fund, WWF). Verkefnið gekk undir nafninu „Kayan Mentarang People's Museum Development Program“ og snéri að bæði umhverfis- og menningarvarðveislu. Kreps telur þetta verkefni og önnur á borð við það geti styrkt varðveislu og þróunarvinnu með því að skapa „menningarorku“ innan samfélagsins. Hér styðst Kreps við hugmyndir Charles Kleymeyers.¹⁶⁷ Kleymeyer skilgreinir menningarorku sem afl sem verður til við menningarstarf og sem hægt er að virkja til að auka stolt samfélagsins, sjálfsvirðingu og sjálfsþekkingu. Fólkið fær þannig endurnýjaða orku og hvatningu til að takast á við þær

¹⁶⁵ Kreps. 2003. 110-112. Einnig tilvitnuð rit er þar eru.

¹⁶⁶ Kreps. 2003. 110-111. Einnig tilvitnuð rit er þar eru.

¹⁶⁷ Kreps. 2003. 114.

Vinna fúslega gefin

áskoranir sem það glímir við í lífinu. Kleymeyer telur menningarorku vera öflugan drifkraft við sköpun og styrkingu einingar hóps, skilvirkni samtaka, þátttöku og sjálfbóðaliðsandann. Allt þetta eru grundvallaratriði í velheppnuðum grasrótar verkefnum að mati Kleymeyers.¹⁶⁸

Menningarorkuhugtaki Kleymeyers má því lýsa sem leiðarvísi að grundvallarkerfi sem söfn, setur, safnvísar og samfélög þurfa að styðjast við til að byggja upp farsælt og uppbyggjandi menningarsamfélag.

Dæmi um náð samstarf ættbálkasafns við samfélag sitt er Navajóasafnið Ned Hatathli Cultural Center Museum. Safninu tókst að fá mikið af helgum gripum, sem notaðir eru við lækningar, til varðveislu. Safnið lánar þessa gripi til lækna ættbálksins og þar sem samkvæmt hefðinni þá eru gripirnir bæði máttugir og trúarlegir þá er aðgengi að þeim takmarkað. Þeir eru því ekki til sýnis og starfsmenn safnsins sjá um að rétt sé farið með þá í samstarfi við fulltrúa ættbálksins.¹⁶⁹

Nú er kominn tími til að láta staðar numið í umræðunni um litlu félagslegu söfnin, hvort sem þau nefnast afmiðjuð söfn, grenndarsöfn, vistsöfn, ættbálkasöfn eða fleiri nöfnum sem ekki verða nefnd hér. Ég hef farið nokkuð ítarlega í uppruna þeirra og hugmyndafræði í kjölfarið á félagslegum áherslum safna sem ég gerði grein fyrir þar á undan enda tel ég tengsl sjálfbóðinnar vinnu í gegnum þátttökumiðað starf eiga sterkan samhljóm með þessari gerð safnastarfs. Það er líka lokalendingin í niðurstöðum mínum og tímabært að fara í gegnum rökleiðslur mínar í niðurstöðukaflanum.

¹⁶⁸ Kreps. 2003. 114-115.

¹⁶⁹ Kreps. 2003. 110. Einnig tilvitnuð rit er þar eru.

Kafli 4 – Niðurstöður

Þegar ég hóf þessa rannsókn hafði ég fyrst og fremst ætlað mér að skoða starf sjálfboðaliða við íslensk söfn og þá bæði þá sem unnu innan veggja safnanna, aðstoðuðu söfnin og svo hollvinasamtök sem hafa unnið mikið og óeigingjarnt starf við að byggja upp menningarstofnanirnar og síðan standa við bakið á þeim í gegnum þykkt og þunnt. Horfði ég meðal annars til Nýlistasafnins og Síldarminjasafns Íslands þar sem öflugir hópar sjálfboðaliða hafði byggt söfnin upp. Þegar ég byrjaði að skoða betur hvað fólst í sjálfboðastarfinu þá fóru að renna á mig tvær grímur líkt og ég greindi frá í byrjun. Ég taldi mig ekki geta unnið rannsókn á sjálfboðastarfi og sjálfboðaliðaumhverfi við íslenskar menningarstofnanir án skilgreininga. Ég leiddist því út í allt aðra skógargöngu en ég hafði ætlað mér.

Líkt og heiti ritgerðarinnar, „Vinna fúslega gefin. Skoðun á eðli og hlutverki sjálfboðavinnu við menningarstofnanir“, ber með sér þá velti ég við steinum og tíndi saman þær upplýsingar sem þar leyndust faldar undir.

Ég byrjaði á því að reyna að festa fingur á hvað gæti talist sjálfboðaliði. Grundvallarskilgreining á sjálfboða er að hann vinni frítt, að eigin frumkvæði og til hagsbóta fyrir aðra. Það sem kom mér hins vegar á óvart er ég skoðaði rannsókn sem unnin hafði verið einmitt í þeim tilgangi að leita að betri skilgreiningu á sjálfboðaliðsvinnu að höfundar rannsóknarinnar, þau Angela Ellis Paine, Matthew Hill og Colin Rochester, skyldu ekki geta þrengt skilgreininguna neitt að ráði. Ef eitthvað var þá drógu þau fram mikið af vafaatriðum varðandi sjálfboða og má segja að mörk þess hvað sé sjálfboði og hvað ekki séu ákaflega óljós eftir að ég fór yfir þá rannsókn.

Sú rannsóknaraðferð sem þremmenningarnir beittu var að skoða mismunandi viðhorf og sjónarhorn í garð sjálfboðavinnu. Þeirra vinna miðast við mun stærri hóp sjálfboðaliða en ekki bara við sjálfboða sem tengjast menningarstofnunum en þau gættu þess þó að fjalla um þá og greina með hinum sjónarhornunum á starfsemi sjálfboðanna. Það sem gerir skilgreiningar á sjálfboðum svo erfiðar er hve viðhorf gagnvart þeim eru ólík, ekki bara á milli mismunandi menningarsvæðis og landa heldur líka innan lítilla samfélaga. Síðast en ekki síst skilgreinir sjálfboðageirinn sig sjálfur með mjög ólíkum hætti.

Í máli Paines, Hills og Rochester kom fram að það er ekki fyrr en nýlega sem byrjað er að skoða sérstaklega hlut sjálfboðaliða á sérsviðum á borð við menningu.

Vinna fúslega gefin

Grundvallarskilgreiningin á sjálfboða heldur þrátt fyrir að þremmingarnir hafi bent á allar glufurnar í henni. Þau bentu hins vegar á að fjöldi dæma eru um að sjálfboðar fái greitt fyrir vinnustundir sínar auk ýmissa fríðinda, ýmis þrýstingur getur beinlínis neytt fólk til að starfa við sjálfboðin störf og oft eru sjálfboðaliðastörfin fyrst og fremst tilkomin vegna hjálpssemi við vini og ættingja. Líkt og sést á þessu getur hvatinn að baki sjálfboðnum störfum verið misjafn og þannig má til að mynda leiða líkum að því að stofnun Nýlistasafnsins af sjálfboðaliðum hafi ekki verið fyllilega óeigingjörn eða eingöngu til hagsbóta fyrir aðra þar sem óánægja ríkti á meðal viðkomandi myndlistamanna um sinnuleysi hefðbundnu myndlistasafnanna gagnvart íslenskri nútímalist.

Í ritgerðinni fór ég yfir sjónarhorn sem notuð voru til sjálfboðinna starfa því þau vörpuðu hver sínu ljósi á viðfangsefni sem hefur svo margar hliðar. Eitt sjónarhornanna er hversu skipulögð sjálfboðin vinnan er, það er að segja hvort sjálfboðaliðsvinnan er skipulögð, samfélagsleg eða einstaklingsbundin. Það er einmitt einstaklingsbundna vinnan sem hefur notið vaxandi athygli undanfarið vegna þess að bæði kjósa sumir að bjóða vinnu sína óháð öðrum eða eru ekki í aðstöðu til að starfa með félagsskap á sínu áhugasviði. Hér má til að mynda nefna safnara sem safnar, flokkar og skráir merkilegt samansafn gripa og gefur það svo til safns sem hann telur geta gert söfnunaráhuga sínum góð skil. Paine, Hill og Rochester setja fram í tengslum við samfélagslega eða borgaralegri sjálfboðavinnu mjög gagnlega skilgreiningu á hvað geti talist sjálfboðastarf og hvað ekki. Þau gera það að skilyrði fyrir sjálfboðnu starfi að viðkomandi aðili þurfi að taka meðvitaða ákvörðun sem tekin sé að vel ígrunduðu máli. Þannig er það ekki sjálfboðið starf að bregðast við aðstæðum og rétta einhverjum hjálparhönd heldur telst það til dæmis vera sjálfboðið starf ef þú veist af einhverju vandamáli og ákveður að hjálpa til við úrlausn þess og þá gjarnan með einhverjum fyrirvara.

Með því að skoða almenn viðmið í garð sjálfboðaliða þá greindu Paine, Hill og Rochester sjálfboðna vinnu sem unnin var án hagnaðar, einkenni aðgerðarsinna og sjálfboðna vinnu sem unnin var í frítíma. Þau greina þessi viðhorf eftir hvöt, virkni, samhengi við samtök og hlutverk sjálfboðaliðans og niðurstaða þeirra var að þótt þetta geti verið gagnlegt viðhorf skarast þau þó öll og þannig getur til að mynda aðgerðarsinni sem stundar ólaunað sjálfboðastarf sitt í sumarfríum frá vinnu í raun tilheyrt öllum þessum skilgreiningum.

Eitt viðmið sem líka er gjarnan nýtt við umfjöllun um sjálfboðaliða er skoðun á starfsemi hans og Sameinuðu þjóðirnar unnu meðal annars ítarlega skilgreiningu í þá veru fyrir ár sjálfboðans 2001. Paine, Hill og Rochester gerðu breytingartillögu við þá vinnu og með henni þá er sjálfboðin vinna gjarnan skoðuð út frá því hvort um er að ræða sjálfshjálp eða gagnkvæma aðstoð er að ræða, góðgerðarstarfsemi, umsjón eða tjáning.

Vinna fúslega gefin

Enn ein aðferðin við skoðun sjálfboða eru vinnustundirnar sem hann leggur í sjálfboðna/u verkin. Hversu oft, hversu mikið og hversu lengi hann er að stunda sjálfboðna vinnu. Hér getur verið ákaflega mikill munur á milli einstaklinga og þessi aðferð er að sumu leyti gagnleg við að skoða sjálfboðin störf.

Viðhorf margra er líka að sjálfboðinn sé fyrst og fremst vinnuafli. Kosturinn er helst sá að áherslur hafa aukist á bættu mannauðsstjórnun og afköst en ágallinn er hins vegar sá að fólki getur sést yfir hin viðtækari gildi sem geta verið að baki sjálfboðinnar vinnu svo sem hvatir einstaklingsins til vinnunnar.

Horft hefur líka verið til sjálfboðinnar vinnu sem góðgerðarstarfsemi fyrst og fremst. Þetta sjónarmið tengist sérstaklega umönnunargeiranum og hjálparsamtökum og jafnvel vel skipulögðum samtökum.

Öfugt við góðgerðarhlutverkið sem tengist oft skipulögðum samtökum þá er aðgerðarsinninn oft tengdur smærri og óformlegri samtökum. Hvöt hans til sjálfboðinnar vinnu stafar gjarnan af sjálfshjálp og sameiginlegri aðstoð.

Síðan er líka litið til sjálfboðinnar vinnu sem afþreyingar. Þótt hér sé ekki verið að tala um afþreyingu á borð við bíóferð þá snýr viðhorfið að gleði og ánægju sjálfboðans við vinnu sína. Gagnrýnendur þessa viðhorfs hafa hins vegar sagt að horft sé um of framhjá áhrifum slíkrar sjálfboðavinnu á þiggjendur hennar og samfélagið.

Eitt viðhorfa gagnvart sjálfboðinni vinnu er umönnunarþáttur hans. Hér er fyrst og fremst litið til umönnunar með ókunnugum en mikil skoðanaskipti hafa orðið um viðhorfið. Bent hefur meðal annars verið á að þessi hópur sjálfboðaliða er kynjaskiptur, svo mikil skuldbinding fylgir starfinu að margir vilja ekki flokka þetta sem sjálfboðastarf og svo má benda á að fræðiefni um umönnunarstörf gerir ekki skýran greinarmun á umönnun ættingja og ókunnugra sem er lykilatriði við umfjöllun sjálfboðastarfa.

Nám sjálfboðaliðans er eitt algengra viðhorfa þar sem það er talið stuðla að námi, þjálfun og auknum þroska. Þekking til lífstíðar og þjálfun vegna starfa eru líka atriði sem verið er að rannsaka. Gagnrýnendur telja þó að hér sé ekki horft á árangur og markmið sjálfboðans sjálfs líkt og komið hefur fram í viðhorfinu um sjálfboðna vinnu sem vinnuafli hér að framan.

Viðhorfið um sjálfboðastarfið sem þátttöku í opinberu lífi, samfélagi og sem einstaklingsbundinni þátttöku er í mikilli gerjun núna og eru menn að vakna til vitundar um mikil og árangursrík tengsl þátttöku og sjálfboðinnar vinnu. Þetta hefur verið skoðað sérstaklega af safnafræðingnum Ninu Simon og má segja að þátttökuviðhorfið hafi orðið að kjarna rannsóknar minnar á eðli og hlutverki sjálfboðinnar vinnu. Þátttaka í opinberu lífi snýr

Vinna fúslega gefin

að þátttöku eru samskipti við ýmis kerfi og stofnanir lýðræðisins, félagsleg þátttaka tengist virkni einstaklings í félögum og þess háttar og einstaklingsbundin þátttaka er gjörðir í daglegu lífi og að vissu leyti yfirlýsing um hvernig heim einstaklingurinn vilji sjá fyrir sér. Á meðal atriða sem tengjast þátttökusjónarhorni á sjálfböða eru tilraunir stjórnvalda til að auka þátttöku einstaklinga í kosningum og samfélagsmálum en í ljós hefur líka komið að borið hefur á því að sumir neikvæðir þættir samfélagsins á borð við útilokun minnihlutahópa endurspeglast inn í sjálfböðastarfið og heldur áfram á þeim vettvangi.

Öll þessi sjónarmið á eðli sjálfböðastarfsins sýna ólíka fleti á sama slípaða demantinum. Paine, Hill og Rochester komast að þeirri niðurstöðu að ekki sé hægt að einblína um of á eitt viðhorf við rannsóknir og umfjöllun um sjálfböðaliða heldur verði að taka tillit til þeirra allra. Ég tel þó að þrengja megi sjónarmiðin eitthvað þegar tengsl sjálfböða við menningarstofnanir eru skoðuð. Þó ég sé samþykkur niðurstöðu þremmenninganna að öðru leyti þá tel ég að umönnunarþáttur sjálfböðinnar vinnu heyri til undantekninga en ég þori þó ekki að útiloka hann eftir að ég kynnti mér þátttökumiðað starf safna og samfélagslega áherslu þeirra sem spilar einmitt inn á þátttöku. Þannig er vel hægt að hugsa sér starf sjálfböðaliða við umönnun aldraðra eða fatlaðra í samstarfi við menningarstofnun þar sem miðlun getur farið fram bæði til einstaklinganna og frá þeim til menningarstofnunar sem gefur einstaklingunum til að mynda lífsfyllingu. Raunar má segja það sama um önnur viðhorf í garð sjálfböðaliðastarfans. Eftir að þátttökurannsóknir og samfélagslegar áherslur safna urðu áberandi opnast svo margir möguleikar að ég verð líkt og Paine, Hill og Rochester að vera opinn fyrir öllum möguleikum til að geta fjallað um eðli og hlutverk sjálfböðaliðans.

Eftir að hafa skoðað skilgreiningarvandann á eðli sjálfböðans með þessum hætti snéri ég athyglinni að þátttökuvíðhorfinu sem ég skal fúslega víðurkenna að mér þykir ákaflega spennandi vegna þeirra möguleika sem felast í tengslum menningarstofnana og sjálfböðaliða með slíkri vinnu.

Simon bendir á að veraldarvefurinn hafi breytt mikið samskiptum fólks og gert það að meiri þátttakendum í verkefnum hvers annars. Simon segir að á meðal helstu gagnrýniradda í garð safna heyrst að söfnin hafi ekki merkingu í lífi einstaklinga, stofnunin breytist aldrei, hún sé of valdsmannsleg, laði ekki fram sköpunarkraft einstaklinga og sé ekki félagslega þægilegur staður. Hún telur að með því að vinna með þátttökumiðuð verkefni þá geti söfnin unnið bug á þessari gagnrýni. Simon hefur skilgreint það sem hún kallar þátttökusafn og segir það vera stað þar sem gestirnir geti skapað, miðlað og tengst vegna efnis. Hún skilgreinir sköpun þannig að gestirnir deili hugmyndum sínum, gripum og listrænni tjáningu með öðrum, hvort sem það er safnið eða aðrir gestir. Miðlun segir Simon vera þegar fólk tekur efni heim,

Vinna fúslega gefin

ræðir það sín á milli, endurgerir og deilir því áfram. Tenging segir hún vera samskipti gesta við aðra gesti og starfsmenn um sameiginleg áhugamál og að lokum segir Simon að efnið í þessari skilgreiningu sé að umræður, sköpun og fókus snúist allur um það sem er verið að miðla af stofnuninni. Simon tekur fram að oft megi skipta út orðunum þátttakandi fyrir sjálfboðaliði því þátttaka er nánast jafngild fyrir báða aðila. Þetta er nokkuð mikilvægur flötur því að þó önnur nöfn séu notuð yfir sameiginleg verkefni menningarstofnana og einstaklinga og samfélaga þá er um ákveðið ferli að ræða sem fellur undir skilgreininguna um sjálfboðaliða líkt og Paine, Hill og Rochester fóru yfir.

Nina Simon skrifaði rit sem hún nefnir *The Participatory Museum* þar sem hún fer yfir það sem hún telur vera bestu starfsaðferðir við þátttökumiðuð verkefni af hálfu safna. Þar nefnir hún líka það sem hún telur vera skilyrði þess að þátttökuverkefni heppnist vel en það er annars vegar að skilyrða tjáningu þátttakandans og hins vegar að persónugera aðkomu hans til að liðka fyrir samskiptum milli hans og annarra ókunnra aðila við verkefnið. Með þessu er verið að stýra tjáningunni og persónugera aðkomu hans að verkefninu. Hún sýnir fram á að með þessu hjálpi takmörkun tjáningar einstaklingsins honum í raun til að fókusa á það sem hann er að gera og verða hluti af stærri hóp. Simon telur að með þessu sé hægt að byggja upp öfluga félagskennd og reynslu í tengslum við efni safnsins. Þetta er raunar umbreyting á safni yfir í félagslegt tengslanet eða félagsmiðstöð. Raunar sé ég fyrir mér starfsmenn safnsins í hlutverki köngulóar sem spinnur (samskipta)vef sinn og þegar þátttakendurnir lenda í vefnum þá iða þeir allir og suða og þar með berast bylgjurnar í allar áttir eftir vefnum en köngulóin (starfsmenn safnsins) nær að fylgjast með þeim flestum og bregðast við nýjum flugum (þátttakendum) í vefnum. Þannig má með góðum vilja líkja bylgjuhreyfingum og suði flugnanna við þátttöku, miðlun og sköpun sjálfboðaliða í starfi þátttöku safns. Þátttökuviðbrögð þeirra berast ekki bara til safnsins heldur líka til annarra sem eru staðsettir nærri vefnum.

Simon skiptir samkennd og reynslu í þátttökustarfi upp í fimm stig sem allt snýst um efni stofnunarinnar. Fyrsta stigið býður gestum upp á aðgang að efninu, annað stigið upp á tækifæri til fræðslu, spurninga og svara. Þriðja stigið sýnir gestum hvernig áhugasvið og gjörðir þeirra falla saman við aðra safngesti. Fjórða stigið opnar á samskipti við einstaklinga sem hafa áhuga á sama efni og gjörðum og fimmta stigið býður upp á stofnun sem iðar af lífi og stefnumótum milli þátttakenda um efni safnsins. Simon tekur fram að fæst söfn eru með öll þessi stig og þau henta ekkert endilega allri starfsemi þeirra en þó sé ekki hægt að nýta neitt af þessum flokkum nema þeir sem eru neðar í röðinni séu þegar til staðar. Mér finnst þetta heillandi þrepaskipting hjá Simon því að meðal annars þá sýnir hún hvernig

Vinna fúslega gefin

menningarstofnun sem hefur áhuga á að laða til sín sjálfbóðaliða getur gert það markvisst með því að auka þátttökumiðaða starfsemi út frá þessum þrepum Simons.

Spurningar vöknudu upp hjá mér hvort einstaklingur gæti talist sjálfbóðaliði ef hann nýtti sér tækifæri til þátttöku í verkefni en óvitandi um leynd áform skipuleggjandans sem jafnvel væru óheiðarleg. Þessar vangaveltur vöknudu upp vegna þess að Nina Simon tók Nike+ hlaupabúnaðinn sem dæmi um vel heppnað þátttökuverkefni. Ég tek það fram að þessar vangaveltur eiga ekki við um þetta tiltekna dæmi en kveiktu þó á spurningu minni. Eftir að hafa skoðað sjálfbóðin verkefni og menningarlegt og ekki síst samfélagslegt hlutverk menningarstofnana þá komst ég að þeirri niðurstöðu að þetta skipti nákvæmlega engu máli. Upplýsingatæknin, miðlunaraðferðir nútímans og markmið sjálfbóðanna eru orðin það þróuð í dag að þeir henda gjarnan sjálfbóðnu- eða menningarlegu verkefni á lofti og endurvinna það eftir sinni skilgreiningu og samskiptum við sína tengiliði. Þetta er meðal annars kjarninn í skilgreiningu Ninu Simons á þátttökusöfnum og að þó hönnuður tiltekins þátttökuverkefnis hafi haft einhverjar sérkennilegar hugmyndir við þróun þess er alveg eins líklegt að sjálfbóðaliðar nýti sér verkefnið til þess að endurskapa það svo það þjóni sínum sjálfbóðna tilgangi.

Simon kynnir líka fjórar mismunandi gerðir þátttökuverkefna eftir því hvernig aðkomu þátttakandans er háttað. Hún skiptir þátttökuverkefnum upp í innlagnarverkefni, samstarfsverkefni, samsköpunarverkefni og aðstöðuverkefni. Skipting verkefnanna fer meðal annars eftir því hversu mikil afskipti stofnunin hefur af þátttökuverkefninu, allt frá miklum í innlagnarverkefninu þar sem þátttakendum er boðið að leggja tilgreint efni til stofnunarinnar, til lítilla afskipta í aðstöðuverkefninu þar sem hún veitir fyrst og fremst aðstöðu. Simon tekur fram að engin þessara leiða er réttærri en önnur en þær henta markmiðum og leiðarljósum safnanna misvel og fer eftir viðkomandi safni hvaða leið það ætti að velja sér. Af öðrum viðmiðum tengdum þátttökumiðudu safnastarfi má nefna verkefni sem safnið notar til að mennta gesti þess eða hæfni til verka.

Þegar kom að þátttöku í tengslum við stefnumiðuð áhrif svo sem störf sjálfbóðaliða í stjórnnum og ábyrgðarstöðum rakst ég strax á andmælaraddir hjá fræðimönnum á borð við Mary Alexander og Margot A. Wallace. Á meðan þær fluttu sterk rök fyrir því að sjálfbóðar hefðu oft ekki nægilega faglega þekkingu til að taka réttar ákvarðanir með hagsmuni safnsins að leiðarljósi þá settu aðrir fræðimenn á borð við Alpha Oumar Konaré, James Clifford, Ninu Simon, Christinu Kreps og Peter Davis fram gagnrök fyrir aukinni hlutdeild sjálfbóðaliða í stjórn og rekstri safna. Helst skilur hér á milli að síðari hópurinn einblínir á smærri söfn sem

Vinna fúslega gefin

sinna nærsamfélagi sínu og segir að mikilvægt sé að byggja upp tengsl og þekkingarleiðir á milli samfélagsins og stofnunarinnar.

Ég kynni til sögunnar í skýrslunni sjónarmið markaðsfræðingsins Margotar A. Wallaces í garð sjálfboðaliða hjá söfnum. Það er hressandi lesning því að ef lesið er of mikið af efni eftir aðila sem er fyrst og fremst umhugað um að telja upp kosti sjálfboðastarfsemi eða þátttökusafna þá gleymist gjarnan að það eru ekki alltaf allir sammála. Wallace er ekki andsnúin starfi sjálfboðaliða, síður en svo. Hins vegar hamrar hún á því að menningarstofnunin eigi ekki að ráða sjálfboðaliða til starfa ef þeir geta mögulega kastað rýrð á starfsemi safnsins. Hún minnst ekki á samfélagslegt mikilvægi þess að bjóða upp á þátttökuverkefni eða nýta svona tækifæri til að kynna efni á vegum safnsins. Öllu heldur vill hún nota tækifærið til að kynna ímynd stofnunarinnar og hvað hún stendur fyrir. Wallace er því fyrst og fremst merkisberi þeirrar skilgreiningar að sjálfboðar séu vinnuafli líkt og kom fram hér að framan. Þetta getur verið kostur enda fjallar hún mjög faglega um tengsl sjálfboða við söfn og mannauðsstjórnunaraðferðir tengdar þeim. Hins vegar eru þarfir þeirra ekki ofarlega á blaði hjá henni og þau gildi sem kunna að hafa dregið sjálfboðaliðana að stofnuninni í upphafi við leit að uppfyllingu þeirrar þarfar. Þetta er því líka vísending um að maður verður að varast að skoða eitt viðmið til sjálfboðans um of og gleyma að skoða hin viðhorfin líkt og Paine, Hill og Rochester benda á.

Líkt og ég nefni með Wallace þá geta þarfir og vilji safna til sjálfboðavinnu verið mismunandi. Ég fór því í skoðun á mikilvægi samfélagslegrar vinnu hjá söfnum. Nú hefur ICOM sett inn orðalagsbreytingu á skilgreiningu safna í þá veru að söfn starfi fyrir samfélagið. Þetta minnir þau á að mikilvægt er að leita eftir upplýsingum úr samfélaginu og bregðast við þeim. Þannig hafa skapast vel heppnuð verkefni á borð við *Kid's Bridge* verkefnið hjá Boston Children's Museum sem var meðal annars unnið í samráði við unglinga, var ætlað að hjálpa börnum sem áttu í erfiðleikum og þjálfaði til að mynda upp leiðtoga á meðal unglinganna.

Það er því grundvöllur fyrir samfélagslegum samskiptum á milli safna og einstaklinga og hópa á meðal gesta þó viðhorf stofnunarinnar í garð sjálfboðans geti verið margvísleg. Ef við skoðum hins vegar þátttökuúrræðin sem Simon heldur á lofti þá opnast allt annar vettvangur fyrir sjálfboðavinnu í tengslum við safnið og á gerólíkum grunni og Wallace fjallaði um. Safnið verður þá fyrst og fremst tengslanet með það að markmiði að miðla efni sínu og vekja upp starfsemi sjálfboðaliða í kringum sig. Stofnunin er þá að laða að sjálfboða til starfa fyrir sig, án þess þó að þeir vinni fyrir það og stofnunin er sömuleiðis að skapa sjálfboðin störf. Sé síðan horft til nýkapitalistískra viðhorfa og tækifæra í

Vinna fúslega gefin

menningarferðapjónustu þá getur orðið af þessu töluverður efnahagslegur ágóði fyrir samfélagið og sjálfsmynd þess.

Ágóði og sjálfsmynd samfélags eru reyndar ein aðalrökin fyrir mjög sérhæfðri gerð safna sem ég fjalla sérstaklega um í rannsókn minni. Sérhæfð söfn segi ég en verð strax að draga þau orð til baka því eitt einkenna þessarar safnastarfsemi er hve fjölbreytt þau eru. Þannig hefur verið sagt um vistsafnið að það hafi „takmarkalaus fjölbreytni“ og geti orðið nánast allt sem fólkið á svæðinu vill að það verði. Ég fjalla í rannsókn minni um grenndarsafn, vistsafn, afmiðjað safn og ættbálkasafn sem eiga öll það sameiginlegt að kalla eftir meiri áhrifum og tengslum við nærsamfélagið við uppbyggingu, stjórn og starfsemi safnsins. Þeim er ætlað að nálgast menningarauðlindir í nærsamfélaginu sem samfélagshóparnir skilgreina sjálfir og markmiðið er gjarnan að þróa sjálfsmynd og sjálfstæði samfélagsins. Þessar gerðir safna hafa til að mynda orðið vinsælar í þriðja heiminum þar sem menningarvarðveisla hefur verið iðkuð lengi en eftir öðrum leiðum heldur en vestrænu safnameningarinnar. Fyrir mörgum varð því bakslag þegar byrjað var að kynna erlendar safnahefðir á þessum svæðum og telja fræðimenn á borð við Christinu Kreps að mikilvægar menningarauðlindir hafi glatast við átök þessara menningarstefna í safna- og varðveislugeiranum.

Frá samfélagslegum áherslum safna yfir í samfélagssöfnin eins og má kalla þessi söfn fylgir áherslan á samskipti stofnunarinnar við aðila nærsamfélagsins. Það eru sennilega hlutfallslega fleiri sjálfboðar starfandi innan samfélagssafnanna en samskiptin við nærsamfélagið er lykilatriðið hér. Samskiptin byggjast meðal annars upp á upplýsingaflæði og sameiginlegum verkefnum stofnunarinnar og nærsamfélagsins og þá erum við komin á bólakaf í þátttökusafnaaðferðir Ninu Simons sem virkjar meðlimi samfélagsins sem sjálfboða.

Þegar rætt er um nærsamfélagið beinast sjónir eðlilega hingað heim til Íslands. Hvert er ástand og tengsl sjálfboðaliða og menningarstofnana héraendis? Hvaða breytingar hafa verið undanfarin ár og hvert stefnum við? Fjöldi lítilla safna héraendis og miklar áherslur á menningarferðamennsku vekja upp vangaveltur mínar um tengsl innbyrðis og við þátttökuverkefni líkt og Nina Simon kynnir. Öflug söfn á borð við Þjóðminjasafn Íslands¹⁷⁰ og Gljúfrastein hafa nú formleg vinafélög, vinafélag Gljúfrasteins er nú rétt árgamalt.¹⁷¹ Það vekur athygli að Þjóðminjasafnið hefur haft tvö vinafélög. Annað þeirra, Minjar og saga, var stofnað 1988 á meðan hið síðara var tímabundið og var skipað sérstakri forystusveit úr atvinnulífinu eða Hollvinir sem stofnað var í samstarfi við Landsvirkjun og starfaði 2002-

¹⁷⁰ Heimasíða Þjóðminjasafns Íslands. <http://www.thjodminjasafn.is/um-safnid/samstarfsadilar/> og <http://www.thjodminjasafn.is/um-safnid/samstarfsadilar/minjar-og-saga/>. Sótt 2.5. 2011.

¹⁷¹ Heimasíða Gljúfrasteins. www.gljufrausteinn.is/is/um_gljufrastein/vinafelag_gljufrausteins/. Sótt 2.5. 2011.

Vinna fúslega gefin

2005.¹⁷² Þetta er áhugaverð skipting á fólki sem reiðubúið er að styðja við menningarstofanir á Íslandi og vert er að skoða með hvaða hætti önnur söfn hafa haldið sambandi við vinafélög sín sem oft á tíðum eru ekki starfrækt formlega en safnið á mjög mikið undir slíku samstarfi engu að síður.

Uppbygging og starfsemi safna á Íslandi út frá sjónarhóli sjálfbodastarfsemi hefur lítið verið könnuð að því er ég best veit og ekki síst út frá sjónarhorni Ninu Simons á þátttöku almennings í safnastarfinu. Það er þarft að skoða hvort mismunandi áherslur samfélagshópa og landssvæða birtist í einstökum söfnum á Íslandi, bæði út frá þáttökukenningu Simons og umfjöllun um samfélagsleg söfn á borð við grenndarsöfn og vistsöfn.

¹⁷² Heimasíða Þjóðminjasafns Íslands. <http://www.thjodminjasafn.is/um-safnid/samstarfsadilar/> og <http://www.thjodminjasafn.is/um-safnid/samstarfsadilar/minjar-og-saga/>. Sótt 2.5. 2011.

Heimildir

Prentaðar heimildir:

- Alexander, Mary: *Museums in Motion: An Introduction to the History and Functions of Museums*. Alta Mira Press, 2008.
- Baird, Laura M. og Greenaway, Lesley: *Volunteering in Museums. A research study into volunteering within museums*. Skýrsla unnin fyrir Museums Galleries Scotland af L. M. Baird.
- Crooke, Elizabeth: *Museums and Community. Ideas, Issues and Challenges*. Routledge, New York, 2007.
- Davis, Peter: *Ecomuseums. A Sense of Place*. Leicester University Press, London, 1999.
- Finley, Adele. „Volunteering as a route to employment.“ *Volunteers in Museums and Cultural Heritage. A European Handbook*. Ritstj. Da Milano, Christina, Gibbs, Kirsten og Sani, Margherita. Lubljana : Slovenian Museum Association, 2009. 66.
- Íslensk orðabók. Þriðja útgáfa, aukin og endurbætt. Ritstj. Mörður Árnason. Edda – útgáfa hf. Reykjavík, 2002. 3 prt. 2005.
- Kreps, Christina: *Liberating Culture: Cross-Cultural Perspectives on Museums, Curation and Heritage Preservation*. (Museum Meanings). Routledge, 2003.
- Milano, Christina Da, Gibbs, Kirsten og Sani Margherita. „Introduction.“ *Volunteers in Museums and Cultural Heritage. A European Handbook*. Ritstj. Da Milano, Christina, Gibbs, Kirsten og Sani, Margherita. Lubljana : Slovenian Museum Association, 2009. 6-7.
- Milano, Christina Da. „Volunteering for Cultural Heritage in Europe“. *Volunteers in Museums and Cultural Heritage. A European Handbook*. Ritstj. Da Milano, Christina, Gibbs, Kirsten og Sani, Margherita. Lubljana : Slovenian Museum Association, 2009. 9-11.
- Museums and their Communities*. Ritstj. Watson, Sheila. Routledge: London og New York, 2007.
- Paine, Angela Ellis; Hill, Matthew og Rochester, Colin: ‘*A rose by any other name ...*’ *Revisiting the question: ‘what exactly is volunteering?’* Working paper series: Paper one. 2010.
- Silverman, Lois H.: *The Social Work of Museums*. Routledge, London og New York, 2010.

Vinna fúslega gefin

Skírnir. Tímarit Hins íslenska bókmenntafélags. 44. árg. 1870.

Volunteers in Museums and Cultural Heritage. A European Handbook. Ritstj. Da Milano, Christina, Gibbs, Kirsten og Sani, Margherita. Lubljana : Slovenian Museum Association, 2009.

Wallace, Margot A.: *Museum Branding. How to Create and Maintain Image, Loyalty, and Support.* AltaMira Press, 2006.

Vefur:

Cultural attendance and participation in Scotland based on the Scottish Household Survey (Culture and Sport Module). Nóvember 2009. ISBN: 978-0-7559-7683 (Einungis á vef).

„Frumvarp til safnalaga.“ Þskj. 1152 — 650. mál. (Lagt fyrir Alþingi á 139. löggjafarþingi 2010–2011.) Althingi.is. Sótt 22.4. 2011.

Heimasíða Byggðasafnsins Skógum. www.skogasafn.is. Sótt 2.5. 2011.

Heimasíða Gljúfrasteins. www.gljufasteinn.is. Sótt 2.5. 2011.

Heimasíða Jakob Nielsen. www.useit.com/alertbox/participation_inequality.html, sótt 3.3. 2011.

Heimasíða Museum, Libraries og Archives. www.mla.gov.uk. Sótt 12.3. 2011.

Heimasíða Snorrastofu. www.snorrastofa.is. Sótt 2.5. 2011.

Heimasíða SuperStock. www.superstock.com. Sótt 2.5. 2011.

Heimasíða UNESCO. www.un.org/observances/years.shtml. Sótt 29.4. 2011.

Heimasíða World Federation of Friends of Museums. <http://www.museumfriends.com/>. Sótt 2.3. 2011.

Heimasíða Þjóðminjasafns Íslands. www.thjodminjasafn.is. Sótt 2.5. 2011.

Orðabók Háskóla Íslands – Ritmálssafn. www.lexis.hi.is.

Simon, Nina: *The Participatory Museum.* 2010. Sótt 6.2. 2011. [Þar sem um vefútgáfu er að ræða sá ég mér bara unnt að vísa í tiltekna kafla í umfjöllun minni en ekki blaðsíðutal líkt og í prentuðum heimildum.]